


SÉRBLAÐ
í Fréttablaðinu
Allt









# FRÉTTABLAÐIÐ

ÞITT

MIÐVIKUDAGUR

25. ágúst 2010 — 198. tölublað — 10. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000




## Beggja vegna borðsins

*Benedikt Erlingsson leikur í Íslandsklukkunni.*

**fólk 30**

## Tímamót í náttúruvernd

*Fjörutíu ár eru liðin frá sprengingu Miðkvíslarstíflu í Laxá sem fellur úr Mývatni.*

**tímamót 18**



## KR-ingar sakna Loga

*Óskar Örn Hauksson er leikmaður 17. umferðar Pepsi-deildar karla.*

**sport 26**

### veðrið í dag




**HÆGVIÐRI** Í dag má búast við hægri NA- eða breytilegri átt. Sunnan og vestan til verður nokkuð bjart en þungbúnara og lítilsháttar væta norðan- og norðaustanlands. Hlýjast allra syðst.

**VEÐUR 4**



**MENNIRNIR TEKNIR** Mennirnir voru handteknir í gærmorgun í íbúð í Árbæjarhverfinu. Hópur lögreglumanna á mörgum bílum gekk hratt til verks og gengu handtökurnar fljótt og vel fyrir sig. Hér er einn hinna grunuðu leiddur út í lögreglubíl.

# Fimm manna þjófagengi handtekið

**Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu handtók fimm manna þjófagengi í gær. Eftir húsleitir og fund þýfis hafði lögreglu þegar tekist að tengja þá við þrjú innbrot.**

**LÖGREGLUMÁL** Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu handtók fimm karlmenn í Árbæjarhverfi í gærmorgun vegna rannsóknar á innbrotum í Árbæ og á Ártúnshöfða að undanförnu. Samkvæmt lýsingum sjónarvotta þusti hópur lögreglumanna inn í íbúð í hverfinu og leiddi hina grunuðu út í járnum. Mennirnir voru í haldi síðdegis í gær og stóðu yfirheyrslur þá enn yfir.

Mennirnir eru íslenskir, á aldrinum frá tvítugu til þrítugs. Þeir hafa allir komið við sögu lögreglu áður.

Árni Þór Sigmundsson, aðstoðaryfirlögregluþjónn á höfuðborgarsvæðinu, segir að þrjár húsleitir hafi verið gerðar í gær og þegar hafi tekist að tengja mennina við þrjú innbrot, en áfram sé unnið í málinu. „Við höfum þegar fundið sönnunargögn, sem eru hlutir úr þremur innbrotum. Um er að ræða tölvubúnað, skjái og myndvarpa.“

Árni segir að þýfið sé úr innbrotum í tvö fyrirtæki og skóla. Þjófarnir hafi greinilega verið á höttunum eftir auðseljanlegum hlutum.

Spurður hversu mörgum innbrotum mennirnir séu grunaðir um að eiga aðild að segir Árni Þór að lögregla rannsaki nú öll óupplýst innbrot með hliðsjón af handtöku þeirra. „Við vitum ekki enn hvað þeir eiga aðild að mörgum þeirra.“

Árni Þór segir að innbrotum á svæðinu hafi fjölgað talsvert í ágúst miðað við mánuðina á undan. Fjöldi þjófnaðarbrota fari að hluta eftir því hverjir gangi lausir hverju sinni. Afkastamiklir menn geti valdið miklum usla á skömmum tíma og fjölgað innbrotum verulega.

„En á svæðinu austan Elliðaáa hefur innbrotum fækkað á árinu, frá því sem var í fyrra, og við vonum að svo verði áfram. Lögreglan hvetur fólk til að ganga tryggilega frá húsum sínum og skilja ekki sýnileg verðmæti eftir í bílum.“

jss@frettabladid.is

Steingrímur J. vill samstarf:

## Þjóðarsátt næstu misseri

**STJÓRNMÁL Steingrímur J. Sigfússon fjármálaráðherra vonast til þess að samstarfsáætlun, eða þjóðarsátt ríkis, sveitarfélaga og hagsmunasamtaka verði í gildi næstu misseri. Þetta kemur fram í grein hans í Fréttablaðinu í dag.**

**Steingrímur segir hafa verið í tísku að tala niður samstarfið sem í gildi hafi verið, en færri hafi rætt hversu mikilvægt og lífsnauðsynlegt sé að sameina kraftana á erfiðum tímum. Hann segist vonast eftir samstarfi á sviði efnahags- og kjaramála og í baráttunni við atvinnuleysi. „Ábyrgð þeirra sem skærust úr leik við núverandi aðstæður yrði mikil,“ segir hann.** - þeb / sjá síðu 16



**DIKTA** Hljómsveitin Dikta hefur keypt útgáfuréttinn á annarri plötu sinni, Hunting For Happiness.

Dikta kaupir útgáfurétt:

## Hamingjuleitin enn þá eftirsótt

**TÓNLIST** Hljómsveitin Dikta hefur keypt útgáfuréttinn á annarri plötu sinni, Hunting for Happiness, af fyrirtækinu Smekkleysu. Ástæðan er sú að platan hefur verið ófáanleg í tvö ár, nema á Tónlist.is, og það voru liðsmenn Diktu ekki sáttir við.

„Okkur fannst það hvimleitt að platan hafði ekki fengist í svona langan tíma, sérstaklega af því að nýja platan er svona vinsæl,“ segir söngvarinn Haukur Heiðar. „Fólk hefur verið að spyrja mikið um gömlu plötuna og hvar væri hægt að fá hana. Það er allt í góðu á milli okkar og Smekkleysu en við ákváðum bara að fara þessa leið og gefa út sjálfir.“ - fb / sjá síðu 30

Forstjóri Honda veiddi yfir 26 punda lax í Kirkjuhólmakvísl í Laxá í Aðaldal í gær:

# Stærsta laxi sumarsins var sleppt

**STANGVEIÐI** „Hann var eins og fallegt, feitt konulæri,“ segir Geir Gunnarsson, forstjóri Hondaumboðsins, sem í gær veiddi stærsta lax sumarsins, 110 sentimetra langan og 51 sentimetra að ummáli.

Risalaxinn veiddi Geir í Kirkjuhólmakvísl í Laxá í Aðaldal. Stærsti lax sem Geir hefur áður veitt er 24,5 pund. Samkvæmt kvarða Veiðimálastofnunar vó fiskurinn sem Geir veiddi í gær ríflega 26 pund.



„Ég hélt að ég væri búinn að fá minn stærsta fisk en nú bætti ég um betur,“ segir Geir, sem veiddi stórlaxinn í gær þegar aðeins var eftir um klukkustund af veiðitímanum.

„Ég gaf engan séns heldur tók mjög stíft á laxinum og var ekki nema tuttugu mínútur að landa honum. Það var mikill léttir að laxinn skyldi ekki drepast og hann synti aftur á sína heimaslóð,“ segir Geir sem kveður Laxá hafa lifnað mikið við á síðustu þremur árum. „Það er gott að vita til þess að drottning laxveiðiánna er að vakna aftur.“ - gar










**SPURNING DAGSINS**



*Ingó, eruð þið að brenna upp?*

„Nei, við erum bara of heitir.“

Eldur kviknaði í hátalara á balli með Veðurguðunum í Hveragerði á laugardag. Ingólfur Þórarinsson, söngvari hljómsveitarinnar, sagðist, í samtali við Fréttablaðið í gær, oft hafa verið funheitur á sviðinu þótt aldrei hafi kviknað í.

Hagvöxtur lakari hér síðustu tvo áratugi en í Bandaríkjunum og Evrópu:

# Erum neðst Vestur-Evrópuríkja

**EFNAHAGSMÁL** Ísland er staðsett á milli Egyptalands og Papúa Nýju-Gíneu á lista yfir lönd þegar borinn er saman hagvöxtur í þeim síðustu tvo áratugi.

Bent er á það í 26. tölublaði Vísbendingar á þessu ári að verg landsframleiðsla (VLF) á mann hafi á tímabilinu bara vaxið um 56 prósent hér. „Ekkert Vestur-Evrópuríki er neðar á listanum,“ segir þar.

Á sama tíma hefur VLF á mann tvöfaldast í Bandaríkjunum og aukist enn meira í mörgum Evrópuríkjum. „Nefna má ríki Austur-Evrópu en einnig Írland, Lúxemborg og Holland, en í öllum ríkjunum hefur VLF á mann 2,5 til 3,5 faldast á þessu tímabili. Spánn, Kýpur og Grikkland eru líka með betri hagvöxt á mann.“

Fullyrðingar Evrópuþingmannsins Daniels Hannah í erindi sem hann hélt hér á landi í síðasta mánuði um hagvöxt í ólíkum löndum eru í Vísbendingu sagðar vafasamar, en þar kvað hann Bandaríkin hafa staðið sig betur en lönd Evrópu. „Honum láðist reyndar að geta þess að hagvöxtur á mann á Íslandi hefur verið mun minni en í Evrópusambandinu,“ segir í Vísbendingu. - óká



**Í KÍNA** Hagvöxtur á mann í Kína síðustu tvo áratugi er yfir þúsund prósentum, en 56 prósent á Íslandi. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

Kona á fimmtugsaldri ákærð:

## Sló og sparkaði í fangavörð

**DÓMSMÁL** Ríkissaksóknari hefur ákært konu á fimmtugsaldri fyrir brot gegn valdstjórninni.

Konunni er gefið að sök að hafa hótað lögreglukonu lífláti fyrir utan lögreglustöðina við Hverfisgötu í nóvember í fyrra. Jafnframt að hafa hrækt framan í hana. Þá er konunni gefið að sök að hafa sparkað í vinstri fót og maga kvenkyns fangavarðar og jafnframt slegið hana í andlitið með brjóstahaldara. Loks sparkaði konan í sköflung lögreglumanns á staðnum, að því er greinir í ákæru. - jss

# Bannað að selja heitt vatn til Hvergerðinga

**Ræktunarmiðstöðin má ekki selja Hvergerðingum heitt vatn eins og félagið hugðist gera. Bæjarráðið segist hafa selt öll réttindi bæjarins til hitaveiturekstrs til Orkuveitunnar sem nú hafi einkarétt á sölu heits vatns og gufu í bænum.**

**ORKUMÁL** Fyrirtækið Ræktunarmiðstöðin sf. sem verið hefur í rekstri gróðrarstöðvar og jarðverktöku fær ekki að selja Hvergerðingum heitt vatn og gufu.

Ræktunarmiðstöðin á um tveggja hektara land í Fagrahvammi í miðju Hveragerði. Jóhann Ísleifsson sendi bæjaryfirvöldum bréf fyrir hönd fyrirtækisins og óskaði heimildar til að bora eftir heitu vatni í landinu og síðan starfrækja hitaveitu. Beiðninni var synjað.

„Það er ekki bæjarins að veita slíka heimild,“ segir Aldís Hafsteinsdóttir bæjarstjóri. Hveragerðisbær seldi hitaveitu bæjarins til Orkuveitu Reykjavíkur árið 2004. „Með fylgdi einkarétt-ur til vinnslu á eignarlandi Hveragerðisbæjar og sölu á heitu vatni í Hveragerði,“ útskýrir Aldís.



**ALDÍS HAFSTEINSDÓTTIR**

„Ég lít á þetta sem þarna hafi bæjarstjórn verið að skerða atvinnuréttindi íbúa bæjarins með þessum gjörningi og finnst spurning hvort það sé leyfilegt,“ segir Jóhann hins vegar.

Aldís segir sölu Hitaveitu Hveragerðis hafa verið mjög umdeilda. Þá hafi að vísu verið nefnt atriðið með einkaréttinn en fyrst og fremst hafi verið deilt um söluna og kaupverðið á þeirri auðlind sem fylgdi með. „Í samningnum við Orkuveituna var ekki gert ráð fyrir því að einkaaðilar gætu tekið upp á því að bora í sínu landi eins og nú er komið í ljós að áhugi er fyrir,“ segir hún.



**HVERAGERÐI** Hitaveita Hveragerðis var seld til Orkuveitunnar árið 2004. Auk þess sem nýtanleg orka í eignarlandi bæjarins fylgdi með í kaupunum fékk Orkuveitan einkarétt á að selja heitt vatn og gufu í bænum. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Jóhann kveðst gera ráð fyrir að töluvert heitt vatn sé í Fagrahvammi enda séu tvær mjög öflugar borholur þar við hliðina. „Við viljum kanna hvort það sé mögu-leiki að nýta það og þá kannski með rekstur hitaveitu í huga. Við höfum heyrt af því að Orkuveitan ætli að hætta að reka hér gufuveitu og það yrði gríðarlegt áfall því hér eru gróðurhúsabændur og fyrirtæki sem eru kaupendur að gufu.“

Aldís segir það mat bæjarráðs að þótt Ræktunarmiðstöðin megi ekki selja frá sér heitt vatn megi fyrirtækið bora í eigin þágu. „Við teljum nokkuð ljóst að landeigandi getur virkjað allt að 3,5 megavöttum á sínu landi til eigin nota,“ segir hún.

Orkuveitan boðar miklar gjaldskrárhækkanir vegna erfiðrar fjárhagsstöðu. Jóhann segist ekki þora að segja til um það hvort Ræktunarmiðstöðin gæti selt heitt vatn á lægra verði en OR. „En það er nokkuð ljóst að við þyrftum ekki að byggja eins stórt hús undir okkar aðalstöðvar,“ svarar hann.

gar@frettabladid.is

Enginn í haldi lögreglu:

## Stöðugar yfirheyrslur vegna morðmáls

**LÖRGEGLUMÁL Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu hélt í gær áfram að yfirheyra fólk sem talið er geta gefið upplýsingar sem leitt gætu til handtöku morðinga Hannesar Þórs Helgasonar, sem fannst látinn í húsi sínu í Hafnarfirði um hádegisbil á sunnudag. Jafnhliða er unnið úr gögnum sem safnað hefur verið, að sögn Friðriks Smára Björgvinssonar, yfirlögregluþjóns á höfuðborgarsvæðinu. Enginn er í haldi lögreglunnar vegna málsins.**

**Ranghermt var í Fréttablaðinu í gær, að íslenskur karlmaður, sem tekinn var í byrjun mánaðarins í Litháen með eitt kíló af fíkniefnum hefði unnið hjá KFC-kjúklingastað í eigu fjölskyldu Hannesar Þórs í Vilnius. Lögreglan lítur hins vegar til þess máls við morðrannsóknina þar sem umræddur maður og Hannes Þór voru kunningjar.** - jss

Helguvík í uppnámi:

## Samningur til gerðardóms

**STÓRIÐJA** Norðurál hefur vísað samningi sínum við HS orku fyrir gerðardóm í Svíþjóð. Ástæðan er sú að orkufyrirtækið standi ekki við samninga um orkuafhendingu fyrir álverið. Framkvæmdir við álver í Helguvík eru því í uppnámi. Þetta kom fram í fréttum Ríkissjónvarpsins í gærkvöldi.

Ragnar Guðmundsson, forstjóri Norðuráls, sagði í viðtali við sjónvarpið að nauðsynlegt hafi verið að leita til sænska gerðardómsins þar sem Norðurál þurfi skýr svör um það hvort HS orka ætli að standa við samninginn. Norðurál sé tilbúið til að halda framkvæmdum í Helguvík áfram en það sé ekki hægt nema tryggt sé að næg orka fáist. Samningur Norðuráls og HS orku var gerður 2007.



**Á VETTVANGI** Aðkoman var ófögur. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Flugslys í Kína:

## Nærri helmingur bjargaðist

**KÍNA, AP** Kínversk farþegaþota brotlenti í aðflugi að flugvelli við borgina Yichun, sem er milljón manna stórborg í Heilongjianghéraði í norðanverðu Kína.

Að sögn kínverskra fjölmiðla fórust 43 manns en 53 björguðust. Alls voru 96 manns um borð, þar af fimm manna áhöfn.

Mikil þoka var á svæðinu og var vélinni flogið of langt þannig að hún lenti utan vallarins. Eldur kom strax upp í brakinu.

Vélin var framleidd í Brasilíu, og var af gerðinni Embraer E-190. - gb

Friðlandið í Þjórsárverum:

## Ráðherrar hitta iðnaðarnefnd

**ORKUMÁL Iðnaðarnefnd Alþingis ætlar að fá umhverfisráðherra og iðnaðarráðherra á sinn fund á morgun til þess að ræða stækkun friðlandsins í Þjórsárverum og áhrif þeirrar stækkunar á áform um Norðlingaölduveitu.**

**Fulltrúar Landsvirkjunar og sveitarfélaganna sem eiga land að Þjórsárverum eru einnig boðaðir á fund nefndarinnar, að sögn Skúla Helgasonar, formanns hennar og þingmanns Samfylkingarinnar.** - pg






Helsti eigandi Marels og Össurar hagnaðist um tæpan hálfan milljarð króna:

# Eyrir samdi við lánardrottna

**VIÐSKIPTI** Fjárfestingarfélagið Eyrir Invest hagnaðist um 3,2 milljónir evra, jafnvirði um 490 milljóna króna, á fyrstu sex mánuðum ársins samanborið við 11,5 milljónir evra á sama tíma í fyrra. Neikvæður gengismunur og beiting hlutdeildaraðferðar á eignir félagsins hafa áhrif á samanburðinn.

Eignir Eyris námu 417 milljónum evra, 64 milljörðum króna í lok tímabilsins og nam eigið fé 160 milljónum evra. Eiginfjárhlutfall stóð í 38 prósentum.

Á móti námu skuldir 257 milljónum evra, jafnvirði fjörutíu milljarða króna, Þungi afborgana fellur á næstu þremur árum, þar af 124,5 milljónir evra, nítján milljarðar króna, á næsta ári, miðað við hálfsársuppgjör sem birt var á mánudag.

Stjórnendur Eyris benda á í samtali við Fréttablaðið að staðan sé sterk. Gjalddagarnir komu til við endurfjármögnun félagsins í fyrravor þegar skuldir voru stokkaðar upp í samvinnu við lánardrottna. Gert er ráð fyrir að lengt verði í lánum fyrir gjalddaga. Afborganir á næsta ári verði mun lægri en fram komi í uppgjörinu, í hæsta lagi nærri tuttugu milljónum evra, jafnvirði þriggja milljarða króna, í stað nítján. - jab



**FORSTJÓRINN ÁRNI ODDUR** Stjórnendur Eyris Invest sömdu við kröfuhafa eftir hrunið og stokkuðu skuldir upp. Þeim verður breytt þegar nær líður gjalddögum.

### Á í öflugustu félögum á markaði

Helstu eignir Eyris Invest eru þriðjungur í Marel, fimmtán prósent í Össuri og sautján prósent í hollenska iðnfyrirtækinu Stork. Félögin gera öll upp í erlendri mynt, bæði Bandaríkjadölum og evrum.



29.406.830 kr.
TIL GÓÐGERÐAMÁLA
Íslandsbanki óskar þeim **10.444 hlaupurum** sem tóku þátt í Reykjavíkurmaraþoninu til hamingju með glæsilegan árangur.
Við þökkum öllum sem lögðu góðu málefni lið á hlaupastyrkur.is.
27 ÁRA REYKJAVÍKUR MARAÞON ÍSLANDSBANKA
21. ÁGÚST 2010
Íslandsbanki
- Stoltur bakhjarl hlaupsins síðan 1997
HVÍTA HÚSIÐ/SÍA 10-0396

**GENGIÐ 24.08.2010**

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 120,87 | 121,45 |
| Sterlingspund | 186,11 | 187,01 |
| Evra | 152,37 | 153,23 |
| Dönsk króna | 20,454 | 20,574 |
| Norsk króna | 19,189 | 19,303 |
| Sænsk króna | 16,191 | 16,285 |
| Japanskt jen | 1,4311 | 1,4395 |
| SDR | 181,94 | 183,02 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
207,8148

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra hefur íhugað að segja sig úr þjóðkirkjunni:

# Sex ráðherrar vilja aðskilnað ríkis og kirkju

**ÞJÓÐKIRKJAN** Helmingur ríkisstjórnarinnar vill aðskilnað ríkis og kirkju. Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra sagðist íhuga að segja sig úr þjóðkirkjunni á blaðamannafundi að loknum ríkisstjórnarfundi í gær en vildi þó ekki gefa upp hvort það væri í ljósi atburða síðustu daga. Forsætisráðherra vill vinna að aðskilnaði ríkis og kirkju, líkt og Steingrímur J. Sigfússon fjármálaráðherra, Katrín Jakobsdóttir, mennta- og menningarmálaráðherra, Össur Skarphéðinsson utanríkisráðherra, Gylfi Magnússon, efnahags- og viðskiptaráðherra, og Katrín Júlíusdóttir iðnaðarráðherra.

Hvorki utanríkisráðherra né mennta- og menningarmálaráðherra eru skráð í þjóðkirkjuna. Katrín Júlíusdóttir iðnaðarráðherra og Gylfi Magnússon efnahags- og viðskiptaráðherra eru það hins vegar bæði og segjast hvorugt hafa íhugað að skrá sig úr henni.

Kristján L. Möller, samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra, vildi ekki svara spurningum blaðamanns um efnið.



**ÚRSAGNIR HJÁ ÞJÓÐSKRÁ** Hundruð hafa lagt leið sína til Þjóðskrár á síðustu tveimur dögum til að skrá sig úr þjóðkirkjunni. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Jón Bjarnason, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, og Ragna Árnadóttir, dómsmála- og mannréttindaráðherra, vilja bæði halda ríki og kirkju sameinuðum.

Álfheiður Ingadóttir heilbrigðisráðherra segir spurninguna varða hennar einkamál og vildi ekki gefa upp hvort hún sé skráð í þjóðkirkjuna. Árni Páll Árnason, félags- og tryggingamálaráðherra, er hlynntur sjálfstæði kirkjunnar. Árni Páll hefur ekki íhugað að skrá sig úr þjóðkirkjunni.

Svandís Svavarsdóttir umhverfisráðherra segist hafa efasemdir um aðskilnað en hún hafi reglulega íhugað að skrá sig úr þjóðkirkjunni. - sv

Hæstiréttur staðfestir úrskurð:

## Kókaínsmyglarar áfram í gæsluvarðhaldi

**DÓMSMÁL Hæstiréttur hefur staðfest úrskurð héraðsdóms um áframhaldandi gæsluvarðhald yfir tveimur mönnum sem dæmdir voru fyrir stórfelldan fíkniefnainnflutning í sumar.**

**Mennirnir, Davíð Garðarsson og Guðlaugur Agnar Guðmundsson, voru dæmdir í fjögurra og hálfs árs fangelsi hvor fyrir aðild að smygli á 1,6 kílóum af kókaíni. Þeir áfrýjuðu dómnum til Hæstaréttar. Auk þeirra voru þrír aðrir dæmdir vegna málsins.**

**Ríkissaksóknari setti fram kröfu um að Davíð og Guðlaugur yrðu hafðir í gæsluvarðhaldi á meðan málið væri til meðferðar fyrir Hæstarétti og var orðið við henni.** - jss

**STYKKISHÓLMUR**

### Hraðinn ekki aukinn

Bæjarráð Stykkishólms vill ekki að hámarkshraði ökutækja þar í bæ hækki úr 35 í 40 kílómetra á klukkustund eins og Vegagerðin bað bæjaryfirvöld að íhuga.

### Sextíu milljóna lán

Bæjarstjórn Stykkishólms hefur samþykkt að taka 60 milljóna króna lán hjá Lánasjóði sveitarfélaga til að fjármagna framkvæmdaáætlun bæjarins á þessu ári. Lánið ber 4,57 prósenta vexti og er til fjórtán ára.

**BORGARFJÖRÐUR**

### Ágangur kinda við sumarhús

Skógræktargirðing hjá Stapaseli í Borgarfirði er í slæmu ástandi og það hefur leitt af sér ágang fjár við sumarhús hjá Stóru-Skógum og nágrenni. Afréttarnefndin á svæðinu segir að auk þess gangi illa að hafa uppi á því fé sem komið sé inn fyrir skógræktargirðinguna.

# Eyjamenn vilja fleiri ferðir Herjólfs

**Á einum mánuði hafa 60.000 farþegar siglt til Eyja. Ný reglugerð takmarkar fjölda farþega sem Herjólfur getur flutt í hverri ferð. Færri komast til Eyja en vilja um næstu helgi. Bæjarstjóri Vestmannaeyja vill fjölga áætlunarferðum.**

**SAMGÖNGUR** Vestmanneyingar vilja að ferðum Herjólfs milli Eyja og Landeyjahafnar verði fjölgað. Einungis er mánuður frá því að ný Landeyjahöfn var tekin í notkun og ferðum var fjölgað verulega en bæjarstjóri Vestmannaeyja segir að skipið anni ekki eftirspurn að óbreyttu.

Um síðustu mánaðamót gekk í gildi ný Evrópureglugerð sem leiðir til þess að Herjólfi er nú aðeins leyfilegt að flytja 399 farþega í hverri ferð í stað 520 farþega áður, segir Elliði Vignisson bæjarstjóri.

Síðastliðinn mánuð hafa 60.000 farþegar siglt milli lands og Eyja. Allt árið á undan voru farþegarnir 127.000 talsins á tólf mánuðum. Farþegafjöldinn síðasta mánuð jafngildir því helmingi farþegafjölda alls síðasta árs. „Skipið ber ekki nóg til að núverandi áætlun dugi,“ segir Elliði. „Það er eingöngu ein leið fær og það er að fjölga ferðum.“

Nú eru farnar þrjár til fimm ferðir daglega, flestar um helgar en fæstar í byrjun viku. Næsta laugardag á 300 manna hópur pantað far með fyrstu ferð dagsins, að sögn Elsu Valgeirsdóttur, framkvæmdastjóra Golfklúbbs Vestmannaeyja. Þetta leiðir til þess að 100 manna hópur sem var búinn að panta rástíma á Golfvelli Vestmannaeyja að morgni laugardagsins kemst ekki út í Eyjar.

Elsa segir að það sé bagalegt fyrir ferðaþjónustuaðila í Eyjum hve seint siglingar skipsins hefjist um helgar. Fyrsta ferð er klukkan níu um helgar en klukkan hálfátta virka daga. Best væri að ferðir væru á sama tíma um helgar og virka daga.

Elliði segir að Eyjamenn vilji bara að ferðirnar anni eftirspurn, ekkert umfram það. „Orðræðan í gegnum tíðina hefur verið sú að siglingar Herjólfs séu eitthvert einkamál okkar Eyjamanna. Nýtingartölur fyrsta mánuðinn eftir að Landeyjahöfn kom til sýnir að notendurnir eru í hverfandi mæli Eyjamenn. Þessir 60.000 farþegar eru að mestu leyti Íslendingar sem eru að nota skipið sér til skemmtunar og ánægju.“

„Ég er mjög bjartsýnn á að við fáum aukaferð á laugardag,“ segir bæjarstjórinn. „Og ég er bjartsýnn á að samgönguyfirvöld komi til móts við okkur og sjái að það er brýn þörf á að endurskoða áætlunina.“

peturg@frettabladid.is



**HERJÓLFUR** Landeyjahöfn hefur dregið gríðarlegan fjölda ferðamanna til Eyja. Fyrir kemur að heimamenn komist ekki með skipinu um helgar vegna ásóknar ferðamanna. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

> Það er eingöngu ein leið fær og það er að fjölga ferðum.
>
> **ELLIÐI VIGNISSON** BÆJARSTJÓRI VESTMANNAEYJA



**STRÆTÓ** Áttatíu þúsund farþegar fóru með strætisvögnum á menningarnótt, sem er með því mesta sem verið hefur á einum degi. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Metfjöldi á menningarnótt:

## Áttatíu þúsund tóku strætó

**SAMGÖNGUMÁL Um 80 þúsund farþegar nýttu sér strætó á menningarnótt um síðustu helgi. Það er með því mesta sem almenningsfarartæki á Íslandi hafa flutt á einum degi frá upphafi.**

**Þetta kemur fram í tilkynningu frá Strætó, en ferðum var fjölgað og ókeypis var í strætisvagna allan daginn. Þar segir að akstur strætó hafi gengið mjög vel og eftir því hafi verið tekið hversu jákvæðir farþegar voru og duglegir að nýta sér þjónustuna. Álagið hafi því verið minna á götur og bílastæði borgarinnar.** - þeb

Ákærður fyrir líkamsárás:

## Kýldi mann og kinnbeinsbraut

**DÓMSMÁL** Karlmaður á þrítugsaldri hefur verið ákærður fyrir líkamsárás.

Manninum er gefið að sök að hafa kýlt mann í andlitið svo sá síðarnefndi féll í gangstéttina og kinnbeinsbrotnaði. Að auki bólgnaði hann, marðist og hrufláðist í andliti og tognaði í baki og mjöðm.

Atvikið átti sér stað við skemmtistaðinn Apótekið í Reykjavík í janúar á síðasta ári.

Þess er krafist að ofbeldismaðurinn greiði tæpar 600 þúsund krónur í miskabætur til handa fórnarlambinu. - jss




**VEÐURSPÁ**



**Soffía Sveinsdóttir** veðurfréttamaður

**HÆGVIÐRI** Litlar breytingar verða á veðrinu fram að helgi. Vindur verður fremur hægur og að mestu norðlægur. N- og NA-til verður skýjað á köflum, væta á stöku stað og heldur svalt. Besta veðrið verður S- og SV-lands, bjart að mestu og hitinn ágætur.



**Á MORGUN** 3-8 m/s um allt land.

**FÖSTUDAGUR** Hægviðri víðast hvar.

**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 31° |
| Basel | 30° |
| Berlín | 20° |
| Billund | 17° |
| Frankfurt | 23° |
| Friedrichshafen | 24° |
| Gautaborg | 17° |
| Kaupmannahöfn | 17° |
| Las Palmas | 24° |
| London | 18° |
| Mallorca | 31° |
| New York | 26° |
| Orlando | 34° |
| Ósló | 19° |
| París | 24° |
| San Francisco | 23° |
| Stokkhólmur | 17° |

Vindhraði er í m/s. Hitastig eru í °C. Gildistími korta er um hádegi.

AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI: Jón Laufdal jonl@frettabladid.is ALMENNAR SÍMI 512-5401: Hendrik Sigurðsson hendrik@frettabladid.is, Guðmundur Steinsson gudmundurs@365.is, Laila Awad laila@365.is, Örn Geirsson orn.geirsson@365.is, Hjördís Zoëga hjordis@frettabladid.is
ALLT SÍMI 512-5402: Jóna María Hafsteinsdóttir jmh@365.is, Henný Árnadóttir henny@365.is, Þórdís Hermannsdóttir thordish@365.is SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5016: Sigríður Sigurbjörnsdóttir sigridurdagny@365.is, Hlynur Þór Steingrímsson hlynurs@365.is, Bjarni Þór Sigurðsson bthor@365.is, Benedikt Freyr Jónsson benediktj@365.is
RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403: Hrannar Helgason hrannar@365.is, Viðar Ingi Pétursson vip@365.is ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407: Sigrún Helga Guðmundsdóttir sigrunh@365.is, Arna Rut Kristinsdóttir arnarut@365.is

- MEST SELDU FARTÖLVUR Í HEIMI*

KRÆST!

Sleppa kafla 2 og 9



## HP G62-a14

**139.900 kr.**

Örgjörvi: AMD Athlon II P320
Harður diskur: 500GB 7200 rpm
Skjár: 15,6" HD LED BV, 1366x768
Skjákort: ATI Mobility Radeon HD 4250
Vinnsluminni: 4 GB
Ábyrgð: 2ja ára HP ábyrgð, hægt að lengja í 3 ár. 1 ár á rafhlöðu.

EKKI GLEYMA ÍSL PRÓF 21.10

döh!!!

# VERTU KLÁR

OK

Nýja haustlínan frá OK búðinni á skólatilboði.



## HP MS 228 AIO

**139.900 kr.**

Örgjörvi: AMD Athlon II X2 250u Harður diskur: 500 GB 7200 rpm Skjár: 19" Vinnsluminni: 4 GB Ábyrgð: 2ja ára HP ábyrgð, hægt að lengja í 3 ár.



## HP dv6-2133

**159.900 kr.**

Örgjörvi: AMD Athlon II Dual Core M320 Harður diskur: 500GB 7200 rpm Skjár: 15,6" HD LED BV, 1366x768 Skjákort: 1GB skjákort, ATI Radeon HD 4650 Vinnsluminni: 4 GB Ábyrgð: 2ja ára HP ábyrgð, hægt að lengja í 3 ár. 1 ár á rafhlöðu.



## MacBook

**199.900 kr.**

Örgjörvi: Intel Core 2 Duo Harður diskur: 250 GB 5400 rpm Skjár: 13,3" LED breiðtjaldsskjár Skjástýring: NVIDIA GeForce 9400M Vinnsluminni: 2 GB Ábyrgð: 2ja ára



## Office 2010

**19.900 kr.**

Office pakkinn inniheldur Word 2010, Excel 2010, PowerPoint 2010, OneNote 2010 og leyfi fyrir allt að þrjár tölvur.



## HP PHOTOSMART All-In-One

**18.900 kr.**

Fjölnotaprentari sem ljósritar, skannar og prentar í ljósmyndagæðum.



OK búðin

Opnunartími: mán - fös. kl. 9 - 18 / lau. 11 - 15

PARTY HJÁ BEBBU

kl: 9⁰⁰

5701140

VERT - 14085

* Skv. Gartner.

Opin kerfi eru dreifingar- og þjónustuaðili HP á Íslandi. HP tölvubúnaður fæst hjá samstarfsaðilum um land allt.

OK búðin

Ok búðin / Höfðabakka 9 / 110 Reykjavík / Sími 570 1140 / www.okbudin.is

**KJÖRKASSINN**



*Er rétt að segja sig nú úr þjóðkirkjunni?*

| | |
|---|---|
| Já | 62,8% |
| Nei | 37,2% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG**

*Kvíðir þú sumarlokum?*

Segðu þína skoðun á visir.is

Steinþór Pálsson, bankastjóri Landsbankans, segir skrítið ef engar breytingar verði í bankanum:

# Bankastjóri tjáir sig ekki um uppsagnir

**VIÐSKIPTI** Stjórnendur Landsbankans eru að ljúka við stefnumótun og verða niðurstöður hennar kynntar í lok mánaðar. Endanleg útfærsla verður kynnt í október. Steinþór Pálsson, bankastjóri Landsbankans, vill ekki fara ítarlega út í vinnuna, sem staðið hefur yfir frá því hann tók við starfinu í byrjun júní.

„Ég hef átt fund með öllu starfsfólki bankans. Það hefur verið beðið um að leggja lið og segja sína meiningu. Þetta hafa verið mjög góðir fundir. Út úr stefnumótuninni koma ákveðnar áherslur. Þær eru orðnar það ljósar að við teljum rétt að koma fram með breytingar á skipulaginu,“ segir hann.

Útfærslan nær niður á einstaka deildir bankans.

Heimildir Fréttablaðsins herma að fækkað verði í starfsliði bankans. Það vill Steinþór ekki staðfesta. „Ég get ekki farið nánar út í það. En það verða einhverjar breytingar. Ef það væru engar breytingar væri eitthvað skrýtið að gerast,“ segir hann og bætir við að ekki eigi að lesa of mikið í þróun mála.

Í umsögn bankaráðs Landsbankans um ráðningu Steinþórs frá í maí kemur fram að hann hafi mikla reynslu af breytingastjórnun og stefnumótun og hafi kraft og þor til að leiða bankann þangað sem hann eigi heima. **- jab**



**BREYTINGAR Í BANKANUM** Steinþór Pálsson (lengst til hægri) innsiglar söluna á eignarhaldsfélaginu Vestia til Framtakssjóðs Íslands. Með honum á myndinni eru Finnbogi Jónsson framkvæmdastjóri og Ágúst Einarsson, stjórnarformaður Framtakssjóðsins. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



**MÓGILSHÖFÐAR** Hrikaleg náttúrufegurð er á Dómadalsleið.

Synjað um stöðuleyfi:

## Má ekki reisa hálendisstöð

**UMHVERFISMÁL Ekki verður veitt umbeðið stöðuleyfi fyrir 1.850 fermetra húsnæði á gatnamótum leiðarinnar Dómadalur/Sigalda/ Ljóti Pollur/Landmannalaugar. Þessi tiltekni húsakostur hefur staðið á Nesjavöllum.**

**Hreppsráð Rangárþings ytra segir að stöðuleyfi sé heimild til að staðsetja hjólhýsi, gáma og báta á tilteknum stað í hæsta lagi í eitt ár. Umhverfisstofnun telji að ekki séu forsendur til að veita stöðuleyfi fyrir umrædda hálendismiðstöð, enda sé um umfangsmikið mannvirki að ræða. Gera þurfi grein fyrir hvaða landnotkun sé fyrirhuguð á náttúruverndarsvæðum og hvernig hún falli að reglum sem hvert svæði hefur fyrir sig.** **- gar**

Skemmdarvargar á ferð:

## Skáru göt á sextíu heyrúllur

**LÖGREGLUMÁL** Skorið var á 62 heyrúllur við bæinn Vatnsleysu í Biskupstungum í síðustu viku. Lögreglan á Selfossi hefur málið til rannsóknar en skemmdarverkin voru unnin fimmtudagskvöldið 19. ágúst eða aðfaranótt föstudagsins.

Tjónið nemur hundruðum þúsunda því umtalsverður kostnaður felst í því að pakka rúllunum upp. Ekki er ljóst hvort heyið skemmdist við það að súrefni komst að því.

Lögreglan óskar eftir upplýsingum um málið í síma 480 1010. **- jss**

# Olíufundur þar ýtir undir áhuga á rannsóknum hér

**Olíu- og gasleitarfyrirtækið Cairn Energy hefur eftir sex vikna tilraunaboranir við Grænlands fundið vísbendingar um olíu. Ýtir undir vonir um að olíuleit gangi vel á íslenska landgrunninu, segir orkumálastjóri.**

**IÐNAÐUR** Fundur skoska olíufélagsins Cairn Energy á gasi og olíu í sandlagi á hafsbotni undan vesturströnd Grænlands kann að ýta undir áhuga á olíurannsóknum á íslenska landgrunninu. Cairn upplýsti í gær að fundist hefðu vísbendingar um olíu í fyrstu tilraunaborholu félagsins á Baffinsflóa.

Í umfjöllun Berlingske Tidende í gær var félagið sagt hafa fengið „bingó“ eftir sex vikna leit.

Fregnirnar kölluðu þegar á viðbrögð umhverfisverndarsamtakanna Greenpeace, sem mótmæla harðlega tilraunaborunum á hafsbotni á heimsskautasvæðum vegna hættunnar á mengunarslysi á borð við það sem varð hjá BP í Mexíkóflóa. Í viðtali við fréttastofu AP sagði Ben Stewart, talsmaður Greenpeace, að Cairn hefði átt að fara að dæmi olíufélaga sem frestuðu djúpsjávarborunum eftir lekann sem upp kom í Mexíkóflóa.

Experanza, skip Greenpeace, er nú nærri borpöllum Cairn við Grænland, en hefur hlýtt tilmælum dansks varðskips um að halda sig í meira en 500 metra fjarlægð frá þeim.

Á landgrunni Íslands eru tvö svæði þar sem talið er mögulegt að finna jarðolíu eða jarðgas í nýtanlegu magni, en það eru Drekasvæðið austur og norðaustur af landinu og Gammsvæðið úti fyrir Norðurlandi. Guðni A. Jóhannesson orkumálastjóri kveðst ekki vita til þess að umhverfisverndarsamtök hafi sett sig upp á móti fyrirhuguðum rannsóknum á þessum svæðum.

„Við erum á svipuðu róli og Norðmenn hvað þetta varðar, en Greenpeace hefur ekki haft sig mikið í frammi þar. Þeir eru kannski frekar að hugsa um heimskautasvæðin sem þeir telja viðkvæmari og um margt erfiðari,“ segir hann, en olíuvinnsla í kaldari sjó, þar sem jafnvel er von á hafís, er vandasamari en á íslensku svæði þar sem Golfstraumsins nýtur við. „Ég var einmitt að bera saman meðalhita í janúar milli Reykjavíkur og Ikanuk, sem er á sömu breiddargráðu í Kanada, en þar var meðalhitinn mínus 26 gráður, en í kring um frostmark hjá okkur.“

Guðni segir hins vegar ekki koma á óvart að leit hafi gengið vel á þessu svæði við Grænland. „Menn hafa verið að spá því að þarna væri mjög gjöfult svæði og þarna væri að finna verulegan hluta af olíuforða heimsbyggðarinnar,“ segir hann og kveður gott gengi þar jafnvel vísbendingu um hvernig kunni að ganga annars staðar. „Segja má að þetta sé hluti af samhangandi jarðfræði sem við erum í og beinir athyglinni að þessum heimshluta.“

Orkustofnun er með í undirbúningi útboð vegna frekari rannsókna á íslenska landgrunninu sem fara á fram næsta sumar. Þá segir Guðni að vel sé fylgst með þróun mála vegna olíuslyssins í Mexíkóflóa. „Í kring um Norður-Atlantshafið þarf að koma til öflugt alþjóðlegt samstarf,“ segir hann og bætir við að á svæðinu öllu þurfi að gera ýtrustu kröfur um öryggi og eftirlit.

Guðni segir aðbúnað við borun hins vegar ekki vera brennandi áhyggjuefni hér á landi enn sem komið er. „Við teljum að nokkurra ára rannsóknir þurfi áður en farið verður að setja niður djúpa bora.“

**olikr@frettabladid.is**




**MÓTMÆLT HJÁ BP** Mótmælendur á vegum Greenpeace hengja skilti á girðingu sem þeir settu upp við bensínstöð BP í Lundúnum til að vekja athygli á mengunarslysinu í Mexíkóflóa í sumar. Samtökin beina nú sjónum sínum að borun á heimskautasvæðum. NORDICPHOTOS/AFP

### Niðurstöður að fást úr íslenskri rannsókn

Í næsta mánuði lýkur alíslenskum rannsóknarleiðangri Orkustofnunar og Hafrannsóknastofnunar til Jan Mayen. Niðurstaðna rannsóknarinnar er beðið með nokkurri eftirvæntingu því þær skera úr um hvort kolvetni er að finna í botnsetinu þar.

„Við tökum botnsýni og erum í raun að sanna eða afsanna að merki séu um kolvetni í botnsetinu. Ef við getum sýnt fram á að það sé þar, þá eru þar gös í neðri jarðlögum,“ segir Guðni A. Jóhannesson orkumálastjóri. Gögn rannsóknarinnar segir hann mjög mikilvægan þátt í undirbúningi fyrir olíufélög sem hugsanlega vilji kosta frekari rannsóknir á svæðinu. „Þetta er gríðarlega mikilvægt og kannski ekki svo kostnaðarsamt, en við náðum þarna samstarfi við Norðmenn sem kaupa þessa rannsókn á sínum hluta svæðisins.“

Guðni segir að niðurstöður ættu að liggja fyrir nokkrum vikum eftir að heim er komið úr leiðangrinum. „Og ef við höldum áfram með útboð á næsta ári, eins og við ráðgerðum fyrir þetta slys á Mexíkóflóa, þá verða þessi gögn mjög afgerandi.“




ILVA
einfaldlega betri kostur
ENN MEIRI VERÐLÆKKUN
LOKADAGUR 2. SEPTEMBER
RÝMINGAR-SALA
RÝMUM FYRIR HAUSTLÍNUNNI
VISA Lán - VAXTALAUST
Bjóðum uppá vaxtalaust lán til 6 mánaða
ILVA
sendum um allt land
ILVA Korputorgi, s: 522 4500 www.ILVA.is - laugardaga 10-18 sunnudaga 12-18 mánudaga - föstudaga 11-18:30
© ILVA Ísland 2010

# Rýmingarsala

Tilboð

rýmum fyrir nýjum vörum



Tilboð 79.900,-
Fullt verð 108.600,-
Kirsuber



Tilboð
Tilboð 49.900,-
Fullt verð 66.900,-



Tilboð 30.780,-
Fullt verð 51.300,-
-40%



-40%
Tilboð 74.340,-
Fullt verð 123.900,-

-40%
af Viiwa veggsamstæðum
í hlyn og hvítu

Hæðarstillanleg (handsnúin) skrifborð í hnotu



-50%
Tilboð 39.300,-
Fullt verð 78.600,-



-30%
af öllum Flex
fataskápum
Tilboð 100.380,-
Fullt verð 143.400,-

Hirzlan
Smiðsbúð 6, 210 Garðabæ, Sími 564 5040
www.hirzlan.is




**NEYÐARÁSTAND** Ástandið á flóðasvæðunum í Pakistan er hið versta sem sést hefur á hamfarasvæðum í áratugi, segir yfirmaður hjá UNICEF. NORDICPHOTOS/AFP

# Lítið skeytt um Pakistan?

## UNICEF undrast áhugaleysi alþjóðasamfélagsins á að koma fórnarlömbum flóðanna í Pakistan til hjálpar. Sautján milljónir manna eru án heimilis.

**PAKISTAN** Hjálparstofnanir segja að alþjóðasamfélagið sýni óvenjulítinn áhuga á að styðja við fórnarlömb flóðanna í Pakistan.

Um 1.600 lík hafa fundist og daglegt líf meira en 17 milljóna manna hefur gengið úr skorðum þremur vikum eftir að flóðin hófust. Í borginni Sukkkur einni eru um fjórar milljónir manna heimilislausar. Alþjóðaheilbrigðisstofnunin WHO segir að sjúkdómar séu farnir að breiðast út á flóðasvæðinu.

Louis-George Arsenault, yfirmaður neyðaráætlana hjá Barnahjálp Sameinuðu þjóðanna, UNICEF, sagði við blaðamenn í Washington á mánudag að áhugi alþjóðasamfélagsins á að koma fólki á flóðasvæðinu til hjálpar sé óvanalega lítill. Þrátt fyrir það er ástandið í Pakistan nú það versta sem skapast hefur í kjölfar hamfara um áratuga skeið. „Þörfin fyrir fjármagn er gríðarleg, miðað við þau framlög sem við höfum fengið. Þetta er versta neyðarástand sem við höfum staðið frammi fyrir áratugum saman,“ hafði breska útvarpið BBC eftir Arsenault.

Sameinuðu þjóðirnar höfðu áætlað að verja um 55 milljörðum króna til hjálparstarfsins en aðeins hefur tekist að útvega um 70% fjárhæðarinnar.

Enn er flóðahætta og ástandið fer versnandi. Flóðvarnagarðar, sem hróflað var upp til bráðabirgða þegar flóðin hófust til þess að verja borgina Shahdadkot eru nú farnir að gefa sig og íbúar eru lagðir á flótta. Tugir þúsunda úr þeirra hópi bætast í hóp þeirra sem leita á náðir hjálparstofnana á degi hverjum, auk þess sem reynt er að bjarga þeim sem ekki komast hjálparlaust undan.

Talið er að tíundi hluti heimilislausra hafi fengið athvarf í neyðarbúðum á vegum hjálparstofnana, en hjálpargögn eru af skornum skammti. Allur þorri nauðstaddra er enn á eigin vegum, án matar og þaks yfir höfuðið.

**peturg@frettabladid.is**


100.000.000
+400.000.000

500.000.000

ÞÚ TALDIR RÉTT:
500 MILLJÓNIR



Fyrsti vinningur stefnir í 100 milljónir og Ofurpotturinn stefnir í 400 milljónir.
**Ekki gleyma að vera með, fáðu þér miða fyrir klukkan fjögur í dag á næsta sölustað eða á lotto.is**

VÍKINGA LOTTÓ
ALLTAF Á MIÐVIKUDÖGUM!
MIÐINN GILDIR 25. ÁGÚST 2010

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| A. | 12 | 14 | 17 | 21 | 41 | 48 |
| B. | 05 | 16 | 23 | 36 | 37 | 38 |
| C. | 07 | 09 | 13 | 22 | 34 | 38 |
| D. | 03 | 06 | 19 | 24 | 25 | 31 |
| E. | 11 | 19 | 21 | 25 | 38 | 42 |
| F. | 01 | 25 | 35 | 36 | 39 | 46 |
| G. | 18 | 19 | 20 | 23 | 28 | 46 |
| H. | 22 | 27 | 29 | 39 | 40 | 42 |

Fíton/SÍA

# FRÁ BYRJENDUM TIL SÉRFRÆÐINGA

Tölvuskólinn heim til þín!



# Sérfæðinám
Haustönn 2010

## .NET 3.5 Forritunarnám «
## – þegar þér hentar

Í samstarfi við nokkra erlenda aðila bjóðum við nú upp á námsleið til undirbúnings nokkurra helstu prófgráða í forritun í Microsoft umhverfi.

**Innifalið í verði er:**
- 3 Microsoft sérfræðipróf (ásamt endurupptöku ef tekið fyrir lok júní 2011)
- Rafrænt námsefni frá Microsoft, bæði staðlað og sérsniðið.
- Aðgangur að æfingaprófum frá MeasureUp
- Heilræði varðandi prófaundirbúning frá Microworld (Tips, Tricks & Links)
- Aðgangur að kennurum sem svara samstundis gegnum fjarnámsvef allan tíma sólarhrings.
- Grunnnámskeið í C# og .NET forritun

Kynningarfundur á náminu verður haldin mánudaginn 13. september kl. 16:00.

**Verð með viðurkenningarprófum – 299.000**
**Verð án grunnnámskeiðs en með prófum– 229.000**

## MCITP Windows Server 2008 «

MCITP námið undirbýr fyrir alþjóðlegar vottanir kerfisstjóra í Windows 2008 netstýrikerfum.

**Námsbrautin skiptist í fjóra áfanga:**
- Windows Server 2008 Active Directory (70-640)
- Windows Server 2008 Infrastructure Services (70-642)
- Windows Server 2008 Server Administrator. (70-646)
- Windows Exchange Server 2010 (70-662)

**Boðið er upp á MCITP með og án Exchange 2010**

**MCITP – Lengd 190 std. Verð kr. 299.000.-**
**MCITP + Exchange 2010 – Lengd 240 std. Verð kr. 398.000.-**

Innifalið er allt kennsluefni og ein próftaka úr hverjum áfanga.

## Cisco Námskeið - CCNA «

Cisco Certified Network Associate (CCNA) gráðan er talin ein sterkasta gráðan í upplýsingatækni sem völ er á.

Námsbrautin er undirbúningur fyrir prófið 640-802 sem er CCNA prófið frá CISCO. Um er að ræða mjög gagnlegt og áhugavert nám sem gerir talsverðar kröfur til nemenda.

Námið hentar jafnt þeim, sem hafa grunnþekkingu í tölvu- og netkerfum og langar að styrkja stöðu sína á vinnumarkaði, sem og Microsoft tæknimönnum sem vilja útvíkka þekkingu sína á netkerfum.

**Lengd: 80 std Verð kr. 289.000,-**
Innifalið er allt kennsluefni og ein próftaka.

## MCTS Kerfisstjórnun - grunnur «

Hér er um að ræða nýtt námskeið sem er kjörið sem undirbúningur fyrir þá sem vilja læra rekstur minni netkerfa en ekki síður sem grunnur fyrir þá sem hyggjast síðar stefna á MCITP Server 2008 gráðuna.

**Námið samanstendur af:**
- Innleiðing og stjórnun á Windows Small Business Server 2008 (50 stundir)
- Uppsetning og rekstur á Windows 7 stýrikerfinu (30 stundir)
- Nethögun, uppsetning,stilling og bilanagreining netkerfa (15 stundir)
- Hópaskipt raunverkefni í lok námskeiðs (15 stundir)

**Lengd: 110 std. Kynningarverð kr. 129.000**



CompTIA. Cisco Systems Microsoft SQL Server 2008

Microsoft GOLD CERTIFIED Partner

Learning Solutions
Networking Infrastructure Solutions

GEYMIÐ AUGLÝSINGUNA

TÖLVUSKÓLINN
isoft-þekking

Skeifan 11B • 108 Reykjavík • Sími 511-3080 • tsk@tsk.is • www.tsk.is

Lexus notaðir bílar



GS 300 EXE

3,0 V6 bensín
Sjálfskiptur
Leður, sóllúga ofl.
Nýskr.: 05.05
Ek.: 41.300. km.
4.590.000. kr.



GS 430 Luxury

4,3 V8 bensín
Sjálfskiptur
Leður, sóllúga ofl.
Nýskr.: 04.05
Ek.: 70.500. km.
5.390.000. kr.



IS 250

2,5 V6 bensín
Sjálfskiptur
Leður,sóllúga ofl.
Nýskr.: 09.09
Ek.: 5.800. km.
7.200.000. kr.



IS 250

2,5 V6 bensín
Sjálfskiptur
Leður, sóllúga, ofl.
Nýskr.: 05.08
Ek.: 22.000. km.
5.990.000. kr.

LEXUS

Nýbýlavegi 2 | sími 570 5400 | www.lexus.is
Afgreiðslutími: mán. - föst. kl. 9 - 18. Lau. kl. 12-16.
lexus@lexus.is

512 54 01


# Össur harðorður í garð meðráðherra

**Össur Skarphéðinsson segir Jón Bjarnason „grunaðan um að hafa ekki beitt víðfrægri ályktunargáfu sinni“. Bæði Steingrímur og Jóhanna segja misskilnings gæta í máli Jóns um aðildarviðræður við ESB. Jón neitar að tjá sig.**

**UTANRÍKISMÁL** „Það er fullkominn misskilingur hjá Jóni Bjarnasyni að við séum í aðlögunarferli,“ segir Össur Skarphéðinsson utanríkisráðherra og var ómyrkur í máli um samráðherra sinn í ríkisstjórn Jóhönnu Sigurðardóttur.

„Þvert á móti erum við að hefja samninga og það verður ekki hægt að segja neitt til um hverju þarf að breyta í lögum eða byggingu stofnana fyrr en að lokinni svokallaðri rýnivinnu. Hún hefst ekki fyrr en 15. nóvember og henni lýkur ekki fyrr en í vor. Þá fyrst kemur í ljós hverju þarf að breyta, og við þurfum ekki að svara því með öðru en ýtarlegum og vel útfærðum áætlunum um hvernig við hyggjumst laga okkur að því.“

Tilefni orða Össurar eru ummæli Jóns Bjarnasonar í Morgunblaðinu í gær, þar sem Jón segir að ekki komi til greina „af minni hálfu að fara að breyta hér lögum og reglum, samsetningu stofnana og verkefnum og leggja í það mikinn kostnað til þess eins að það sé tilbúið þegar og ef aðildarviðræðum lýkur. Þá er þetta bara orðið hreint aðildarferli.“

Össur segir hins vegar ónauðsynlegt að ráðast í nokkrar breytingar fyrr en þjóðaratkvæðagreiðslu um aðildarsamning er lokið og fyrir liggur að þjóðin hafi samþykkt aðild.

„Þá fyrst hefjumst við handa bæði um breytingu stofnana, ef þarf, eða breytingu á lögum. Þegar þjóðaratkvæðagreiðslu lýkur hefst staðfestingarferli sem tekur hátt á annað ár, og þann tíma munum við nota til að gera þær breytingar sem þarf. Ef við teljum okkur þurfa meiri tíma þá ber að hafa í huga að við erum sjálfstæð þjóð og við munum taka okkur þann tíma sem við þurfum.“

Jón vitnar hins vegar í minnisblað, sem Sigurgeir Þorgeirsson, ráðuneytisstjóri í sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu, sendi honum í síðustu viku, þar sem fjallað er um stöðuna innan ráðuneytisins í undirbúningi fyrir aðildarviðræður við Evrópusambandið. Í minnisblaðinu eru færð rök fyrir því að efla þurfi ráðuneytið og fjölga starfsfólki vegna álags í tengslum við viðræðurnar.

Össur segir hins vegar ekkert í minnisblaðinu styðja orð Jóns. „Minnisblaðið er fullkomlega rétt, og þar er nákvæmlega þetta sem er sagt. Jón Bjarnason dregur hins vegar kolrangar ályktanir af því, og satt að segja liggur hann undir grun um að hafa ekki beitt víðfrægri ályktunargáfu sinni við það.“

Bæði Steingrímur Sigfússon fjármálaráðherra og Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra sögðu að loknum ríkisstjórnarfundi í gær að þarna væri á ferðinni einhver misskilningur í Jóni Bjarnasyni.

Jón vildi ekkert tjá sig um málið við Fréttablaðið í gær, þrátt fyrir ítrekaða beiðni þar um. Aðstoðarmaður hans, Jóhann Guðmundsson, sagði þó Jón standa við það, sem haft er eftir honum í Morgunblaðinu, að undirbúningurinn í tengslum við aðildarviðræður við ESB þýði í raun að „aðlögunarferli að Evrópusambandinu sé hafið“.

Sigurgeir ráðuneytisstjóri vildi heldur ekki tjá sig um þennan ágreining milli ráðherra í ríkisstjórninni, en vísaði einungis til þess sem stendur í minnisblaðinu sem hann er höfundur að.

gudsteinn@frettabladid.is

## Minnisblað ráðuneytisstjóra

Í minnisblaði ráðuneytisins, sem Jón Bjarnason vitnar til, segir orðrétt: „Samningaferlið um ESB-aðild mun krefjast þess að farið verði fljótt að undirbúa: Aðlögun landbúnaðarstefnu Íslands að landbúnaðar- og dreifbýlisstefnu ESB; Þróun samræmds stjórnunar- og eftirlitskerfis (IACS); Þróun landupplýsingakerfis sem er grundvöllur flestra landbúnaðarstyrkja; Uppbyggingu greiðslustofnunar sem annast umsýslu og eftirlit með framkvæmd CAP“, en CAP er sameiginleg landbúnaðarstefna Evrópusambandsins.

Í minnisblaðinu, sem Fréttablaðið hefur undir höndum, stendur hins vegar hvergi að breytingar á stofnunum og lögum Íslands þurfi að eiga sér stað áður en aðildarviðræðum lýkur, heldur segir þar einungis: „Það er alveg ljóst, að það sem hér um ræðir þarf allt að eiga sér stað áður en aðild að ESB getur tekið gildi.“



JÓN BJARNASON



ÖSSUR SKARPHÉÐINSSON

## Aðildarferlið

**LOKIÐ:**
- Ísland sækir um aðild að Evrópusambandinu
- Ráðherraráð ESB fjallar um umsóknina
- Leiðtogaráð ESB fjallar um umsókn Íslands
- Ríkjaráðstefna milli Íslands og aðildarríkja ESB markar formlegt upphaf samningaviðræðna

**ÓLOKIÐ:**
- Löggjöf Íslands yfirfarin og kannað að hve miklu leyti hún er í samræmi við löggjöf Evrópusambandsins
- Formlegar samningaviðræður hefjast um einstaka kafla löggjafar ESB
- Viðræðum lýkur og undirbúningur að aðild hefst
- Þjóðaratkvæðagreiðsla haldin um samninginn


# Lögfræðingur

**Efnahags- og viðskiptaráðuneyti** fer með mál er varða efnahagsmál, viðskiptamál og málefni fjármálamarkaða.

**Vegna afleysinga er laust til umsóknar tímabundið starf lögfræðings í efnahags- og viðskiptaráðuneytinu.**

**Lögfræðingur** sinnir einstökum verkefnum á hinum þremur fagskrifstofum ráðuneytisins sem eru skrifstofa efnahagsmála, skrifstofa fjármálamarkaðar og skrifstofa viðskiptamála.

**Menntunar- og hæfniskröfur**
- Kandídats- eða meistarapróf í lögfræði
- Frumkvæði, skipulögð vinnubrögð og sjálfstæði í starfi
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Þekking á sviði opinberrar stjórnsýslu æskileg
- Reynsla og þekking á verkefnasviði ráðuneytisins æskileg
- Gott vald á talaðri og ritaðri íslensku
- Góð kunnátta í ensku skilyrði og í einu Norðurlandamáli æskileg.

Um fullt starf er að ræða og er æskilegt að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst. Ráðningartími er níu mánuðir. Um laun og önnur starfskjör fer samkvæmt kjarasamningi FHSS og fjármálaráðherra.

**Umsókn**
Nánari upplýsingar veita Torfi Markússon (torfi@intellecta.is) og Ari Eyberg (ari@intellecta.is) í síma 578 1145. Umsóknarfrestur er til 30. ágúst n.k. Umsókn með ferliskrá óskast fylltar út á www.intellecta.is.

Athygli er vakin á því, að umsóknir geta gilt í 6 mánuði frá því að umsóknarfrestur rennur út, með vísan til 3. tl. 2. mgr. 2. gr. reglna um auglýsingar á lausum störfum, með síðari breytingum, nr. 464/1996, sem settar eru samkvæmt heimild í 2. mgr. 7. gr. laga nr. 70/1996 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

*Gætt verður fyllsta trúnaðar varðandi fyrirspurnir og persónulegar upplýsingar og verður öllum umsóknum svarað.*

intellecta

*Síðumúla 5 108 Reykjavík*
*Sími 511 1225 Fax 511 1126*
*intellecta@intellecta.is*
*www.intellecta.is*

Grafika 10

LOKADAGAR LOKADAGAR
ÚTSÖLUNNI LÝKUR Á LAUGARDAG

BÍLTÆKI
MAGNARAR ÚTVÖRP
BÍLMAGNARAR ÞRÁÐLAUSIR SÍMAR
HÁTALARAR SJÓNVÖRP MYNDAVÉLAR
DVD SPILARAR
BÍLHÁTALARAR
HEYRNARTÓL
HLJÓMBORÐ
REIKNIVÉLAR

# RISA ÚTSALA

MEIRA EN 1000 VÖRUTEGUNDIR MEÐ ÓTRÚLEGUM

## ALLT AÐ 75% AFSL.

LOKADAGAR LOKADAGAR
ÚTSÖLUNNI LÝKUR Á LAUGARDAG

PHILIPS SJÓNVÖRP MEÐ ENN MEIRI AFSLÆTTI

HRÆRIVÉLAR
KAFFIVÉLAR ÖRBYLGJUOFNAR
VÖFFLUJÁRN BLANDARAR
RYKSUGUR STRAUJÁRN ÞURRKARAR ÞVOTTAVÉLAR

NOKKUR VERÐDÆMI

**WHIRLPOOL 1400sn ÞVOTTAVÉLAR - FRÁ KR. 79.995**
BLU-RAY SPILARAR - VERÐ FRÁ KR. 29.995
**SPANSUÐU POTTASETT, 7 stk. - AÐEINS KR. 19.995**
POTTAR OG PÖNNUR MEÐ ALLT AÐ 60% AFSLÆTTI
**PHILIPS LOFTHREINSITÆKI MEÐ ALLT AÐ 33% AFSLÆTTI**
20 LÍTRA KENWOOD STÁL ÖRBYLGJUOFN AÐEINS KR. 11.995
**PHILIPS HÁRVÖRUR MEÐ ALLT AÐ 40% AFSLÆTTI**
HEYRNARTÓL MEÐ ALLT AÐ 50% AFSLÆTTI
**PHILIPS HLJÓMTÆKI - VERÐ ÁÐUR KR. 69.995**
**- NÚ KR. 39.995 - AFSL. KR. 30.000 EÐA 43%**

*Sjá allt úrvalið á ht.is*

**TAKMARKAÐ MAGN**
*Fyrstur kemur – fyrstur fær!*
**Opið laugardaga kl. 10 – 16**

Heimilistæki
www.ht.is
SUÐURLANDSBRAUT 26 - REYKJAVÍK - SÍMI 569 1500

CASIO Lenco NAD KENWOOD PHILIPS Panasonic DENON UNITED BEKO scan domestic
ide line Melissa TecnoWind Bauknecht elna exido VESTFROST INDESIT DeLonghi Whirlpool

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Jón Bjarnason hefur forystu fyrir misskilningi:

## ESB og aðlögunin

Andstæðingar aðildarviðræðna Íslands við Evrópusambandið, undir forystu Jóns Bjarnasonar ráðherra, hafa nú fundið sér enn eina ástæðuna til að fara fram á að viðræðunum verði hætt. Það er að í raun sé „aðlögun“ Íslands að löggjöf Evrópusambandsins þegar hafin, án þess að þjóðin hafi ákveðið að ganga í sambandið. Jón Bjarnason hefur látið hafa eftir sér að aðildarferlið sé eitthvað allt annað en það sem Alþingi samþykkti á sínum tíma.

Þetta er misskilningur, eins og samráðherrar Jóns urðu til að benda á í gær. Alþingi samþykkti að fara í aðildarviðræður við ESB. Það ferli, sem nú er hafið, er þekkt og ekkert frábrugðið því ferli sem önnur ríki, sem hafa sótt um aðild að ESB, hafa gengið í gegnum. Það felst m.a. í margvíslegum undirbúningi fyrir hugsanlega aðild. En nógur tími er til að afgreiða breytingar á lögum og stofnunum, sem verða að ganga í gegn gerist Ísland aðili að ESB, eftir þjóðaratkvæðagreiðslu, samþykki Íslendingar að ganga í sambandið.

SKOÐUN



**Ólafur Þ. Stephensen**
olafur@frettabladid.is

Hitt er svo annað mál að ýmsar breytingar, sem framkvæmdastjórn ESB hefur bent á að Ísland þurfi að gera vilji það ganga í sambandið, eru þarfar og gagnlegar alveg burtséð frá ESB-aðild. Það á til dæmis við um að ráðherrar geti ekki skipað dómara að eigin geðþótta. Og að hagsmunasamtök séu ekki í samkrulli við ríkisvaldið um skráningu hagtalna og útgreiðslu ríkisstyrkja, eins og nú tíðkast í íslenzka landbúnaðarkerfinu. Ýmsar aðrar breytingar á vinnubrögðum í stjórnsýslunni til samræmis við það sem gerist í ESB-ríkjum eru eingöngu til bóta, án tillits til þess hvort Ísland gengur í ESB.

Sömuleiðis má hafa í huga að vegna samningsins um Evrópska efnahagssvæðið hefur Ísland verið í stöðugri aðlögun að löggjöf Evrópusambandsins undanfarin sextán ár. Ísland hefur tekið upp að mestu eða öllu leyti 22 af þeim 35 köflum laga ESB, sem semja þarf um í aðildarviðræðum. Við erum því býsna langt komin í aðlögun okkar að ESB – en reyndar án þess að hafa nokkur áhrif á reglurnar, sem við þurfum að laga okkur að.

Það er svolítið spaugilegt að ýmsir þeir, sem nú hlaupa upp til handa og fóta vegna gruns um „aðlögun“ hafa sjálfir staðið fyrir slíkri aðlögun, og það án þess að búið væri að sækja um aðild að ESB. Einar K. Guðfinnsson, sem nú vill fund í landbúnaðar- og sjávarútvegsnefnd vegna málsins, lagði til dæmis fram frumvarp um aðlögun íslenzks landbúnaðar að heilbrigðisreglum ESB, sem landbúnaðurinn kunni honum reyndar litlar þakkir fyrir.

Evrópusambandið er svo fyrirferðarmikið á alþjóðavettvangi og samskipti Íslands við sambandið svo mikil, að alls konar aðlögun að reglum sambandsins er og verður nauðsynleg, jafnvel þótt Ísland gangi aldrei í ESB. Þannig hefur verið nokkuð víðtæk samstaða um að náist samkomulag um aukna fríverzlun á vettvangi Heimsviðskiptastofnunarinnar, muni Ísland þurfa að breyta stuðningi sínum við landbúnað til samræmis við það sem gerist í ESB.

Með aðild að Evrópusambandinu hefði Ísland áhrif á alls konar reglur, sem það þarf í dag að laga sig að, þótt það standi utan ESB. Þannig væri hagsmunum Íslands betur borgið. En það vilja þeir auðvitað alls ekki sjá, sem nú hræðast „aðlögunina“.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.
Issn 1670-3871

Bakkavör Group

**Kynningarfundur fyrir lánveitendur og hluthafa föstudaginn 27. ágúst nk.**

Bakkavör Group ehf. býður lánveitendum og hluthöfum til kynningar á afkomu fyrstu sex mánaða 2010 föstudaginn 27. ágúst nk. kl. 10:00 á Hótel Sögu, Hagatorgi, 107 Reykjavík. Vinsamlegast athugið að fundurinn er ætlaður hluthöfum og lánveitendum félagsins.

BAKKAVÖR

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Skróp án fordæma



Jón Bjarnason, landbúnaðar- og sjávarútvegsráðherra, braut blað í pólitískri sögu í gær þegar hann skrópaði á ríkisstjórnarfundi. Jón mætti ekki til fundar þótt hann væri á landinu og sendi þau skilaboð inn á fundinn að hann ætti erindi út á land. Ríkisstjórnir hittast alltaf á fundum á þriðjudagsmorgnum í stjórnarráðshúsinu og langminnugir menn úr pólitík sem rætt var við í gær mundu engin dæmi þess að ráðherra skrópaði á ríkisstjórnarfundi væri hann staddur á landinu á annað borð og við fulla heilsu. Rætt hefur verið um að Jón sé á leið út úr ríkisstjórn á næstu dögum eða vikum. Þessi uppákoma þykir ekki draga úr líkum á því.

### Óvinsæll

Jón hefur verið duglegur að æra óstöðuga ríkisstjórn með uppátækjum sínum og afstöðu til eldfimra mála. Í gær virðist þó hafa soðið endanlega upp úr vegna ummæla hans um meint aðlögunarferli að Evrópusambandinu. Össur Skarphéðinsson sagði hann tala tóma vitleysu og Jóhanna Sigurðardóttir taldi að hann þyrfti að skoða stöðu sína. Flokksbróðir hans Steingrímur J. sagðist meira að segja halda að Jón hlyti að hafa misskilið málið.

### Endaskipti Geirs



Segja má að séra Geir Waage hafi breyst úr skúrki í hetju í hugum almennings í gær þegar innlegg hans á samskiptavef presta lak til fjölmiðla. Ef marka má bréfið var hann meðal helstu andstæðinga þess að kynferðisbrot Ólafs Skúlasonar yrðu þögguð niður innan kirkjunnar á sínum tíma, sem kemur líklega flatt upp á þá sem mest æstust þegar hann sagði þagnarskyldu presta æðri landslögum. Biskup hefur kallað Geir á fund sinn til að ræða ummælin. Skyldu þeir ræða mál Ólafs?

**- pg, sh**

## HALLDÓR




# Að semja eða semja ekki

Evrópumál



**Jón Steindór Valdimarsson**
lögfræðingur

Ísland og ESB hófu formlegar samningaviðræður um aðild Íslands að ESB þann 27. júlí 2010. Það er merkur áfangi í samskiptasögu landsins við umheiminn og rökrétt framhald vaxandi samskipta og samvinnu við þau 27 ríki sem eiga aðild að ESB.

Loksins er hafið ferli sem mun sýna okkur svart á hvítu hvernig aðild okkar getur verið háttað. Í lok þess mun liggja fyrir samningur sem harðsnúið samningalið okkar mun skila af sér til þjóðarinnar. Þar verða ákvæði um þau atriði sem nú er helst deilt um hér innanlands en enginn veit hvernig verða til lykta leidd í samningnum. Það er næsta tilgangslaust að þræta um slík atriði. Skynsamlegra er að lesa samninginn þegar hann liggur fyrir og þá tekur hver og einn afstöðu til þess hvort einstök ákvæði hans og samningurinn í heild eru fullnægjandi.

Ekki er hægt að meta kosti og galla aðildar nema á grundvelli raunverulegs samnings. Fyrr getur þjóðin ekki gert upp hug sinn um hvort aðild sé hagstæð fyrir framtíð Íslands eða ekki. Þeir sem fullyrða annað og þykjast vita upp á hár hver niðurstaðan verður áður en viðræður hefjast eru ekki sannfærandi.

Það er því grátlegt til þess að hugsa að nú sé róið að því öllum árum af sterkum öflum utan þings og innan að koma í veg fyrir að samningaferlið verði til lykta leitt. Markmið þeirra er að svipta þjóðina réttinum til að eiga raunverulegt val um framtíð sína og sess meðal helstu samstarfs- og vinaþjóða sinna.

> Alþingi á ekki að stöðva það ferli sem það setti sjálft af stað.

Flokkadrættir á Alþingi og gamaldags átök stjórnar og stjórnarandstöðu mega ekki spilla þessu stóra máli sem þjóðin vill ræða og taka afstöðu til með atkvæði sínu þegar samningur liggur fyrir.

Alþingi á ekki að stöðva það ferli sem það setti sjálft af stað eftir langa og erfiða vinnu. Alþingi setti ítarlegan leiðarvísi og samningsmarkmið í þingsályktun sem unnið er eftir. Að draga umsókn Íslands til baka og hætta samningaviðræðum væru afdrifarík mistök og ólýðræðisleg. Þjóðin á betra skilið.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is*
**HELGAREFNI:** Anna Margrét Björnsson *amb@frettabladid.is* og Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is*
**ÍÞRÓTTIR:** Henry Birgir Gunnarsson *henry@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

# Aukið lýðræði í nýrri stjórnarskrá

Stjórnlagaþing



Björn Einarsson
læknir og heimspekinemi

### Þrískipting ríkisvaldsins og vaxandi lýðræði

Lýðræðishugsjónina þarf að hafa að leiðarljósi þegar ný stjórnarskrá er samin. Lýðræðið er aukið aðallega á tvennan hátt, með því að endurskipuleggja valddreifinguna í stjórnskipuninni og með meiri þátttöku borgaranna í pólitískum ákvörðunum. Stjórnarskrá lýðræðisríkja markast af því hvenær þær eru samdar. Forsetaræðið í BNA markast af því að framkvæmdarvaldið er nokkuð óháð löggjafarvaldinu og þannig var það 1776, Jakob I hafði sama vald og forseti BNA hefur í dag. Þingræðisreglan í íslensku stjórnarskránni endurspeglar það valdasamband sem ríkti í Danaveldi þegar hún var samin. Forsetinn er valdalaus, en framkvæmdarvaldið er bundið löggjafarvaldi þingsins.

### Þingræði og eftirlitsvald

Með valddreifingunni er ætlað að einn valdaþáttur hafi hemil og eftirlit með öðrum. Forsetaræðið væri skref aftur á bak. Völd framkvæmdarvaldsins myndu aukast, og þar með lýðræðið veikjast, öfugt við þá stefnu að auka vald Alþingis til þess að auka lýðræðið. Aðskilnaður framkvæmdarvalds og löggjafarvalds myndi heldur ekki skila auknu lýðræði. Hvort tveggja er pólitískt vald sem er samofið með þingræðisreglunni. Með því að ráðherrar sætu ekki á Alþingi fjölgaði þingmönnum sem styðja stjórnina, og stjórnarandstaðan myndi veikjast. Aðskilnaður pólitísk valds og faglegs eftirlitsvalds er hins vegar nauðsynleg til að bæta valddreifinguna. Í dag eru allar stofnanir ríkisins sem ekki tilheyra dómsvaldinu undir pólitísku valdi, langflestar undir framkvæmdarvaldinu. Margar þessara stofnana vinna pólitísk verkefni og eiga því heima undir pólitískri stjórn ráðherra. En þar eru einnig faglegar rannsóknar- og eftirlitsstofnanir eða úrskurðarnefndir, sem fara með ekki ósvipað verkefni og dómstólar. Það er óeðlilegt að ákvarðanir slíkra faglegra stofnana sé hægt að kæra með stjórnsýslukæru til pólitísks ráðherra. Einnig eru undir framkvæmdarvaldinu sjálfstæðar ríkisstofnanir og sjálfstæðar stjórnsýslunefndir sem ekki lúta valdi ráðherra og eru því eins og eyjur í stjórnskipuninni. Það er ólýðræðislegt. Því er ráðlegt að safna öllum faglegum ópólitískum stofnunum ríkisins undir sama hatt og dómsvaldið. Þennan þátt stjórnskipunarinnar mætti kalla eftirlitsvaldið. Þar undir heyrðu þá dómstólarnir, saksóknarar, sýslumenn og fangelsismálayfirvöld, öll löggæsla bæði lögreglan og landhelgisgæslan, allar eftirlitsnefndir og úrskurðarnefndir og allar sjálfstæðar stofnanir. Þá myndu einnig rofna þau ítök sem framkvæmdarvaldið hefur enn í dómskerfinu með því að skipa hæstaréttardómara. Forseti Íslands yrði þá æðsti embættismaður eftirlitsvaldsins. Hann yrði áfram þjóðkjörinn eins og nú, þannig væri lýðræði í eftirlitsvaldinu tryggt. Hann myndi skipa í öll æðstu embætti þess að undangengnu faglegu mati viðkomandi starfsstétta. Hann hefði ekki tengsl við löggjafarvaldið, staðfesti ekki lög og hefði engan málskotsrétt, hefði engin tengsl við framkvæmdarvaldið, kæmi ekki að stjórnarmyndunarviðræðum eða tjáði sig opinberlega um pólitísk málefni. Hann gæti verið ópólitískur þjóðhöfðingi, eða þá bara „umboðsmaður lýðveldisins, lýðræðisins, lýðsins eða umboðsmaður eftirlitsvaldsins“.

### Rökræðulýðræði, þjóðaratkvæði og stjórnlagaþing

Persónukjör til Alþingis er vænlegast til að ná pólitíkinni upp úr því kappræðulýðræði sem hún er í. Flokksræðið með sínum halelújasamkomum myndi veikjast. Í stað ofurvalds flokksformannanna væri hægt að auka virkt rökræðulýðræði, þar sem þingmenn og almennir borgarar gætu með málefnalegum umræðum komist að skynsamlegum niðurstöðum. Þá myndi einnig fækka hrossakaupum og greiðum, það er, ef þú styður mig skal ég styðja þig. Með auknu rökræðulýðræði, þar sem borgararnir taka virkan þátt í pólitískum ákvörðunum, myndast grundvöllur fyrir fleiri þjóðaratkvæðagreiðslur. Þjóðinni lærist þá að taka yfirvegaðar ákvarðanir. Þjóðaratkvæðagreiðslur í heimatölvum myndu hins vegar hafa í för með sér skrílræði þar sem áróður og sleggjudómar réðu ferðinni. Hjá því verður ekki komist að fyrsta stjórnlagaþingið, sem stendur fyrir dyrum, verður eingöngu ráðgefandi við Alþingi, þar sem breytingar á stjórnarskránni þurfa vera gerðar á tveimur þingum Alþingis samkvæmt núverandi stjórnarskrá. En síðan þarf að samþykkja það í þjóðaratkvæðagreiðslu. Það er mikilvægt að framvegis verði stjórnarskrárbreytingar aðeins gerðar á þjóðkjörnum stjórnlagaþingum en ekki af stjórnmálamönnum. Þeir stjórna í okkar umboði og eiga ekki að semja sínar leikreglur sjálfir.





Hringdu í síma
512 50 60
ef blaðið berst ekki





Einkaleyfastofan

## Forstjóri Einkaleyfastofu

*Einkaleyfstofan fer með málefni varðandi einkaleyfi, vörumerki, hönnunarvernd, byggðarmerki og önnur hliðstæð réttindi sem kveðið er á um í lögum, reglugerðum og alþjóðasamningum um vernd eignarréttinda á sviði iðnaðar. Stofnunin starfar samkvæmt reglugerð nr. 188/1991 um Einkaleyfastofu. Um embættið gilda ennfremur lög um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 70/1996, með síðari breytingum.*

**Vegna tímabundins leyfis forstjóra Einkaleyfastofu er embættið laust til umsóknar með setningartíma frá 1. október 2010 til tveggja ára. Efnahags- og viðskiptaráðherra setur í embættið.**

Um er að ræða fullt starf. Um laun og önnur starfskjör fer samkvæmt ákvörðun kjararáðs, sbr. lög um kjararáð nr. 47/2006, með síðari breytingum.

Forstjóri Einkaleyfastofu ber ábyrgð á rekstri stofnunarinnar gagnvart efnahags- og viðskiptaráðherra.

### Helstu verkefni

- Stjórnun og stefnumótun
- Áætlanagerð
- Daglegur rekstur
- Starfsmannamál
- Samskipti við hagsmunaaðila
- Samningagerð

### Menntunar- og hæfniskröfur

- Meistaragráða í lögfræði, viðskiptafræði, verkfræði eða sambærilegu námi
- Þekking og reynsla á verkefnasviði Einkaleyfastofu
- Þekking á sviði opinberrar stjórnsýslu
- Stjórnunarreynsla og leiðtogahæfileikar
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Mjög góð íslensku- og enskukunnátta
- Kunnátta í einu Norðurlandamáli æskileg
- Hæfni til að tjá sig í ræðu og riti

*Með vísan til jafnréttislaga eru konur jafnt sem karlar hvattar til þess að sækja um embættið.*

Grafika 10

intellecta

Nánari upplýsingar veita Þórður S. Óskarsson (thordur@intellecta.is) og Ari Eyberg (ari@intellecta.is) í síma 578 1145.

Umsóknarfrestur er til 30. ágúst n.k. Umsókn með ferliskrá óskast fylltar út á www.intellecta.is. Umsókn skal fylgja ítarleg starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi til að sinna embættinu.

Gætt verður fyllsta trúnaðar varðandi fyrirspurnir og persónulegar upplýsingar og verður öllum umsóknum svarað.

*Síðumúla 5 108 Reykjavík*
*Sími 511 1225 Fax 511 1126*
*intellecta@intellecta.is*
*www.intellecta.is*

# Fögnum hverjum degi



© Inter IKEA Systems B.V. 2010

**Frá 1. september lengjum við opnunartíma verslunarinnar:**

# Opið 11-20

Veitingastaður opinn 9:30-19:30







# Nýi vörulistinn er á leiðinni til þín

Hann hefur að geyma fjölmargar nýjungar og ótal hugmyndir sem allir ættu að geta nýtt sér til að fegra heimili sín.

Vörulistanum er dreift inn á öll heimili landsins sem samþykkja fjölpóst dagana 25. ágúst til 27. ágúst, en einnig er hægt að skoða hann á heimasíðunni okkar.

IKEA®

www.IKEA.is

Verkefnin fram undan — Grein 4

# Landið tekur að rísa!

Þjóðmál

Steingrímur J. Sigfússon
fjármálaráðherra



Í fyrri greinum hefur verið farið yfir orsakir og afleiðingar bankahrunsins, þann árangur sem þegar hefur náðst í glímunni við kreppuna og staða þjóðarbúsins verið greind. Um leið og því ber að fagna sem áunnist hefur er engin ástæða til að draga dul á að mikil og erfið verkefni bíða úrlausnar. Nú verður farið yfir nokkur þau helstu hér innanlands. Þau sem bíða okkar í samskiptum við erlenda aðila verða reifuð síðar.

### Aðlögun í ríkisfjármálum

Ríkisfjármálin eru tvímælalaust eitt erfiðasta verkefnið sem framundan er. Eins og áður hefur komið fram náðist strax á árinu 2009 umtalsverður árangur í þeim efnum. Skilningur og samstarfsvilji hefur ríkt hvað það varðar að hagræða og spara í opinberum rekstri. Áætlaður rekstrarhalli ríkissjóðs á yfirstandandi ári er rétt undir 100 milljörðum króna. Í fjárlögum næsta árs þarf að ná honum umtalsvert niður þannig að svokallaður frumjöfnuður, þ.e. rekstur ríkisins án fjármagnskostnaðar verði jákvæður á næsta ári. Til þess verður ráðist í umfangsmiklar aðlögunaraðgerðir upp á 43 milljarða króna sem í grófum dráttum skiptist þannig að dregið verður úr útgjöldum um 32 milljarða frá því sem ella hefði orðið og tekna aflað að auki með sértækum aðgerðum upp á 11 milljarða. Þessar aðgerðir verða erfiðar, jafnvel beinlínis sársaukafullar, en þær eru því miður óumflýjanlegar. Góðu fréttirnar eru þær að með þeim verður hið erfiðasta afstaðið. Árin 2012 og 2013 verða auðveldari viðfangs og umfang hagræðingaraðgerða mun minna, gangi áætlanir um efnahagsbata í grófum dráttum eftir.

### Samstarfsáætlun

Annað mikilvægt úrlausnarefni eru kjaramálin. Undir lok árs verður staðan sú að svo til allir kjarasamningar á almennum jafnt sem opinberum vinnumarkaði verða lausir, þ.e.a.s. hafi ekki þegar samist fyrir þann tíma. Miklu skiptir hvernig til tekst. Aðilar vinnumarkaðarins, sveitarfélögin, bændasamtökin og ríkið gerðu fyrir rúmu ári svonefndan stöðugleikasáttmála. Mjög hefur verið í tísku að tala þetta samstarf niður en færri hafa rætt hversu óendanlega mikilvægt og í raun lífsnauðsynlegt það er okkur að sameina kraftana á þessum erfiðu tímum. Undirritaður ber þá von í brjósti að við verðum aftur jafngæfusöm og einhvers konar ný samstarfsáætlun verði í gildi næstu misseri þar sem stjórnvöld, aðilar vinnumarkaðarins og fleiri heildarsamtök vinna á sameiginlegum vettvangi að brýnustu viðfangsefnum á sviði efnahags- og kjaramála, í baráttunni við atvinnuleysið o.s.frv. Ábyrgð þeirra sem skærust úr leik við núverandi aðstæður yrði mikil. Það er jafnframt mikilvægt að leysa deilur um fyrirkomulag fiskveiðistjórnar einkum hvað varðar meðferð veiði- eða afnotaréttinda á sviði sjávarauðlinda. Áratuga illdeilur um málið hafa engu skilað og ítrekað komið fram að þjóðin er ósátt við fyrirkomulagið. Sjávarútvegurinn er einnig skuldugur úr hófi fram að verulegu leyti vegna kvótakaupa á uppsprengdu verði þó fleira komi til. Slíkt ástand er óviðunandi til lengdar. Sú ábyrgð hvílir sameiginlega á herðum stjórnvalda og hagsmunaaðila að finna ásættanlega lausn. Brýnt er að sá sáttafarvegur sem málið er nú í leiði til farsællar niðurstöðu, þar sem sameign þjóðarinnar á auðlindinni er fest í sessi um leið og sjávarútvegi er skapað traust rekstrarumhverfi.

### Efnahagslegt vægi gjaldeyrislána

Með dómi Hæstaréttar frá því snemmsumars liggur nú fyrir að einhver hluti svonefndra myntkörfulána eru ólögmæt eða óskuldbindandi. Það að umfangsmikil lánastarfsemi sem hér var ástunduð um langt árabil skuli nú reynast á ólögmætum grunni er mikill áfellisdómur yfir fjármálakerfinu og eftirlitinu. Þeir sem tóku slík lán og önnur sambærileg sem dæmd kunna að verða ólögmæt munu njóta lækkunar höfuðstóls en óvissa er enn uppi varðandi það hvernig með lánin skuli farið að öðru leyti. Lækkun höfuðstóls lánanna mun hafa jákvæð áhrif á skuldastöðu margra, en áhrifin á fjármálakerfið og fjármálastöðugleika eru óviss. Endanleg niðurstaða, bæði um umfang málsins og vaxtaþáttinn, mun hafa geysimikið efnahagslegt vægi eins og fram hefur komið.

### Eignarhald og arður af auðlindum

Til viðbótar við umdeild kaup kanadíska fyrirtækisins Magma í gegnum sænskt skúffufyrirtæki á HS Orku, sem nú sæta rannsókn, bíður mikil vinna við að endurskoða og styrkja lagaumgjörð um auðlindamál með það að markmiði að treysta opinbert eignarhald á auðlindunum í sessi og forræði okkar Íslendinga sjálfra og þar með arðinn af auðlindanýtingunni. Það er eindregin skoðun undirritaðs að vaxandi arður af sameiginlegum auðlindum geti orðið og eigi að verða vaxandi hluti ríkistekna á komandi árum og áratugum. Þó ekki sé nema horft til þróunar raforkuverðs í heiminum, svo ekki sé minnst á græna orku, þá skiptir sköpum að við sjálf innleysum þann tugmilljarða aukna arð sem hægt á að vera að sækja til núverandi orkuvinnslu svo ekki sé talað um það sem við kann að bætast. Núverandi ríkisstjórn hefur einsett sér það markmið til að svo verði.

### 2011 lýkur samstarfi við AGS

Samstarfsáætlunin með Alþjóðagjaldeyrissjóðnum er nú komin á rekspöl á nýjan leik og verði ekki frekari tafir lýkur henni síðsumars 2011. Vera AGS hér er eðlilega umdeild og væntanlega finnast fáir landar sem ekki hefðu mikið viljað til vinna að til hennar hefði ekki þurft að koma. Úr því sem komið er skiptir mestu að málinu ljúki með farsælum hætti og Ísland geti sem fyrst staðið algerlega á eigin fótum án slíkrar aðstoðar og íhlutunar.

### Bætum allan ríkisreksturinn

Sameining ráðuneyta og stofnana og endurskipulagning opinbers rekstrar hljóta að flokkast meðal brýnustu verkefna við núverandi aðstæður. Áform eru viðamiklar og áframhaldandi breytingar í opinberum rekstri í því skyni að hagræða og spara eins og kostur er, en einnig til að unnt verði betur að verja nauðsynlega grunnþjónustu og störf. Liður í þessu eru áform um að sameina og fækka ráðuneytum sem greiðir götu þess að stofnanir er undir þau heyra verði sameinaðar. Til þessa standa ekki aðeins sparnaðarrök heldur færir skýrsla rannsóknarnefndar Alþingis okkur einnig heim sanninn um að meðal helstu veikleika í stjórnkerfi okkar eru of margar, dreifðar og veikburða einingar.

### Glíman við atvinnuleysið

Þó svo að atvinnuleysi hafi ekki orðið eins mikið og spár gerðu ráð fyrir hlýtur glíman við það að vera forgangsverkefni. Viðgangur hins almenna atvinnulífs skiptir þar mestu þó oft sé talað eins og einstakar stórframkvæmdir séu það eina sem máli skiptir.

Stöðugleiki, lækkandi vextir og verðbólga, ásamt öllum þeim hvetjandi og örvandi aðgerðum sem viðráðanlegt er að ráðast í eru sjálfsagt framlag stjórnvalda. Á þeim grunni þarf síðan að skapast andrúmsloft aukinnar bjartsýni og trúar á framtíðina.

Efnahagsástand er huglægt ekkert síður en efnislegt og um leið og tiltrúin fer aftur vaxandi munu miklir kraftar leysast úr læðingi. Tækifærin eru næg og að þeim verður betur vikið síðar.



arionbanki.is/eignastyring
Arion banki



**MYNDLISTASKÓLINN** í Reykjavík býður upp á fjölda námskeiða fyrir börn og fullorðna í vetur. Skráning er hafin en frekari upplýsingar má finna á myndlistaskolinn.is.




FRÉTTABLAÐIÐ **Sölufulltrúar** **Henný Árnadóttir** henny@365.is 512 5427 **Jóna María Hafsteinsdóttir** jmh@365.is 512 5473 **Þórdís Hermannsdóttir** thordish@365.is 512 5447



Eirberg

**Slakaðu á heima**

- Sjálfvirkt og stillanlegt nudd
- Djúpslökun með infrarauðum hita
- Stillanlegt Shiatsu herða- og baknudd

Úrval nuddsæta - verð frá 23.750 kr.

Verið velkomin í verslun okkar prófið og sannfærist!

Sími 569 3100 • Stórhöfða 25 • www.eirberg.is




Um 30 manns voru í íslenska hópnum. Harmónikuleikararnir í fararbroddi skrúðgöngunnar, Karl til hægri og Hilmar Hjartarson til vinstri. Auður Helga, eiginkona Karls, gengur á eftir honum, hásyngjandi. MYND/ÚR EINKASAFNI


White-Westinghouse - amerísk gæða heimilistæki

12 kg Þvottavél og þurrkari

· Tekur 12 Kg · Hljóðlát
· Stórt op > auðvelt að hlaða
· Sparneytin

RAFVÖRUR
DALVEGI 16c · 201 KÓPAVOGI
SÍMI 568 6411 · WWW.RAFVORUR.IS


# Þjóðbúningurinn ekki hentugur í 40 stiga hita

**Danshópurinn Sporið er nýkominn heim frá Rúmeníu þar sem hann sýndi íslenska þjóðdansa á þekktri danshátíð í Argeshéraði við Karpatafjöllin. Karl Stefánsson er annar tveggja harmónikuleikara hópsins.**

„Okkur var tekið af stakri rausn, bæði af ræðismanni Íslands í Rúmeníu, Georgiönu Pogunaru, og öðrum heimamönnum sem virðast leggja mikið upp úr góðri þjónustu,“ segir Karl Stefánsson sem fór í vikuferð til Rúmeníu fyrr í þessum mánuði með Danshópnum Sporinu. Þar sýndi hópurinn íslenska þjóðdansa í fimm borgum og bæjum, auk þess sem sérstök sýning var í Búkarest á vegum ræðismannsins. Karl segir hópinn hafa vakið talsverða athygli og umfjöllun á útvarps- og sjónvarpsstöðvum þar sem íslenskur menningararfur var kynntur. „Okkar arfleifð er ólík því sem tíðkast hjá flestum suðrænum þjóðum, það á við um búninga, dansspor og tónlistarhefð,“ segir Karl sem var í fararbroddi hópsins í skrúðgöngum á hverjum degi þar sem íslensk lög voru leikin og sungin. „Við tókum Öxar við ána og Laugardagskvöldið á Gili og fleiri hressileg lög,“ lýsir hann, „og það var dansað við þau líka.“

Hitinn var 32-40 gráður í Rúmeníu meðan hópurinn stóð við. „Það var mjög heitt og notalegt,“ segir Karl kíminn. „Við þurftum að koma fram í okkar þjóðbúningum og þeir voru nú ekki alveg þeir hentugustu við þessar aðstæður en okkur gekk samt alveg ótrúlega vel. Þetta er mjög samstilltur hópur.“

Danshópurinn Sporið hefur starfað í um 15 ár. Hann á sínar rætur í Borgarfirði en dansarar eru líka af Akranesi og af höfuðborgarsvæðinu, að sögn Karls sem sjálfur býr í Kópavogi ásamt konu sinni Auði Helgu Hafsteinsdóttur.

Þetta er þriðja utanlandsferð Karls með Sporinu og ekki sú sísta. „Það er eftirminnilegt að fá tækifæri til að ferðast um rúmensku sveitirnar með plómu- og maísökrunum. Búskaparhættirnir eru frumstæðir þarna. Til dæmis eru enn notaðir hestar til dráttar.“

*gun@frettabladid.is*


skokkur
með tvöföldum rennilás
98% bómull – 2% teygja.
Str. 40–56.

NÝ SENDING
Skokkar • Bolir
Leggings • Pils

Rita
Bæjarlind 6 - Eddufelli 2
Sími 554-7030 Sími 557-1730
www.rita.is



Mundu eftir að finna
**besta verðið**
áður en þú lætur þjónusta bílinn þinn!



olís

- Smurþjónusta
- Perur
- Bremsuklossar
- Rúðuþurrkur
- Dekk
- Rafgeymar
- Alþrif & teflon
- Sækjum & skilum

Allt á einum stað!

BÍLKÓ
Þjónustumiðstöð bílsins

Smiðjuvegi 34 |Rauð gata | www.bilko.is | Sími 557-9110



**LAERA.IS** er vefsíða þar sem hægt er að finna upplýsingar um og skrá sig á hin ýmsu námskeið. Næstu námskeið eru meðal annars Markaðssetning á Netinu og Photoshop fyrir byrjendur.














„Í hverjum bekk er orðið miklu meira um börn sem þurfa á mikilli aðstoð að halda og stuðningsfulltrúar duga þar ekki til þar sem bekkirnir eru svo fjölmennir," segir Erla Björk Steinarsdóttir sem stendur fyrir námskeiðunum Snillingarnir. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Námskeið fyrir litla snillinga

**Erla Björk Steinarsdóttir býður upp á sérhæfð námskeið í lestri og stærðfræði fyrir börn á leik- og grunnskólaaldri sem kallast Snillingarnir. Námskeiðin eru meðal annars ætluð bráðgerum börnum.**

Erla Björk Steinarsdóttir hóf kennslu í grunnskóla árið 1979 og eftir að hafa fylgst með grunnskólum seinni árin, fannst henni mikið vanta upp á að börn fengju næga örvun og atlæti í skólakerfinu. Nú í ágúst fór Erla af stað með námskeið fyrir börn á aldrinum 4-9 ára sem þurfa og vilja meira en þau fá í skólakerfinu og kallast það Snillingarnir.

„Forsagan að þessum námskeiðum er löng. Síðustu árin mín í kennslunni fylgdist ég með því hvernig nýjar og mismunandi stefnur komu inn í grunnskólana, með misgóðum árangri fyrir skólastarfið. Sumt í þessum stefnum, sem oft eru teknar erlendis frá, er gott en margt hefur ekki hentað börnunum og þau ekki fengið það út úr þessum mótandi árum í skólanum sem þau gætu fengið," segir Erla.

Erla bætir við að þar sé vilja kennara ekki um að kenna, sem séu duglegir og vilji sinna starfinu sínu vel. „Í dag starfar svokallaður grunnskóli án aðgreiningar, þar sem kennslan á að miðast fyrir allan hópinn í heild, en til að geta keyrt skóla á þeim forsendum þyrfti meira fjármagn inn í skólakerfið og fækka í bekkjum. Ég lagði kennsluna á hilluna sem fast starf fyrir nokkrum árum en sinnti forfallakennslu síðasta vetur og mér var virkilega brugðið þar sem greinilegt var að niðurskurðurinn var farinn að bitna á þjónustu við börnin. Í hverjum bekk er orðið miklu meira um börn sem þurfa á mikilli aðstoð að halda og stuðningsfulltrúar duga þar ekki til þar sem bekkirnir eru svo fjölmennir. Einnig má nefna að börn geta ekki fengið sérstakan stuðning í stærðfræði fyrr en í þriðja bekk og það er of seint fyrir marga."

Námskeiðin sem Erla stendur fyrir, heima hjá sér í Hverafold í Grafarvogi, eru sem fyrr segir bæði fyrir leikskóla- og grunnskólabörn. Námskeiðin eru hugsuð fyrir duglega krakka sem vilja meira út úr náminu. Einnig eru námskeiðin hugsuð fyrir börn sem hafa annað móðurmál en íslensku og þurfa stuðning í íslenskunni. „Mér finnst svo mikilvægt, á þessu skeiði, frá fæðingu og til níu ára aldurs, þar sem börn sanka stöðugt að sér upplýsingum, að tíminn sé vel nýttur og það er sárt ef þjóðfélagsástandið kemur í veg fyrir það. Þessi námskeið eru svo bara eitt námskeiðsform í viðbót við íþróttir og tónlistarnám, söng, myndlistarnám og slíkt, fyrir krakka sem vilja styrkja sig á þessu sviði."

Yngstu börnin eru fjórar vikur í senn á námskeiði, fjóra daga vikunnar, hálftíma á dag. Þá er farið yfir stafina og þau þjálfuð í tengingu á þeim. „Þetta reynist þeim gott veganesti þegar þau koma inn í skólana. Önnur námskeið, svo sem fyrir 1.-3. bekk, eru lengri en einnig er boðið upp á einkatíma. Í byrjun mun ég einskorða námskeiðin við lestur og stærðfræði en síðar hef ég áhuga á að bæta fleiri fögum við. Eflaust mun fleira bætast við enda finn ég mikinn áhuga fyrir þessum möguleika." Heimasíða námskeiðanna er www.snillingarnir.is og einnig er síða á Facebook með sama heiti.

*juliam@frettabladid.is*

# Engir falskir söngfuglar

**Innra með flestum blundar söngfugl sem langar út í frelsið að syngja digrum rómi, en þorir ekki því honum hefur verið innrætt frá æsku að vera laglaus. Ingveldur Ýr Jónsdóttir söngkona frelsar slíka söngvara.**



Í Söngstúdíói Ingveldar Ýrar hefur sérstaða hennar falist í að sníða söngkennslu að þörfum hvers og eins nemanda, en hún segir talsverðan mun á að kenna fólki með reynslu og þeim sem aldrei hafa þorað að opna munninn til söngs. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

„Mannsröddin er ótrúlega persónuleg, berskjölduð og opin, og mikil hefting þegar fólk hefur á tilfinningunni að það sé falskt. Þannig hafa margir neikvæða mynd af rödd sinni, en að sama skapi er auðvelt að hjálpa þeim að vinna með röddina svo úr verði frelsi, sátt og jafnvel uppgötvun á frábærum, innibyrgðum söngvara,“ segir söngkonan Ingveldur Ýr Jónsdóttir sem stofnaði skólann Söngstúdíó fyrir þrettán árum, en þar verða spennandi námskeið í boði á hausti komanda.

„Eitt þeirra er byrjendapakki fyrir ólagvissa. Margir bera þann stimpil að vera laglausir allt frá barnæsku, en oft að óþörfu. Allir hafa tóneyra þótt það sé ekki endilega í þjálfun og vitaskuld ábyrgðarhluti að úthrópa fólk sem laglaust. Hins vegar þurfa þeir „laglausu“ að hætta að telja sér trú um það áfram og hugtakið er ofnotað hér á landi. Öll erum við búin misjöfnum hæfileikum og víst verða ekki allir söngvarar, en þegar farið er að vinna með rödd fólks kemst það smám saman upp á tóna sem það komst ekki áður,“ segir Ingveldur og bætir við að söngtími geti jafnast á við góðan sálfræðitíma.

„Að kynnast sjálfum sér sem söngvara gerir mikið fyrir sjálfsmyndina. Margir syngja aldrei innan um aðra, ekki einu sinni afmælissönginn, en með dálítilli söngkennslu fær það þó styrk til að gera bara það. Margir sækja því söngtíma sem andlega næringu fyrir sjálfa sig, því í söngnum býr ríkuleg andleg fæða, auk þess sem það eykur fólki sjálfstraust að vinna með öndun og líkamsstöðu, og afreka að syngja lög,“ segir Ingveldur um nýliða á söngbrautinni, en til hennar leita einnig þeir sem eru lengra komnir og vilja skerpa á rödd sinni og söngtækni, en flestir söngvarar sækja sér söngþjálfun fram á síðasta söngdag.

„Í Söngstúdíóið er hægt að sækja staka einkatíma án þess að skuldbinda sig allan veturinn. Starf skólans er fjölbreytt og margt í boði sem á sér engan líka á landinu. Ég hef yndi af því að búa til nýja hluti og verð ég með nýtt námskeið í tónfræði og nótnalestri í vetur, einkatíma fyrir jafnt byrjendur, poppara og klassíska söngvara í bransanum, leiklistarnámskeið fyrir söngfólk í formi masterclass og námskeið í raddbeitingu og raddfræði,“ segir Ingveldur sem rekur einnig Blikandi stjörnur sem er sönghópur fatlaðra og sönghópinn Spectrum sem er hópur fólks í söngnámi. Þá hefur hún gefið út þrjá kennsludiska í söng þar sem fólk getur lært að syngja í bílnum og nýtist hann jafnt þeim sem eru að byggja upp þor til þess að koma í söngtíma og þeim sem eru í námi en vilja ná sér í meiri æfingu eða halda sér við.

„Það kemur fólki oft á óvart hvað söngrödd þess er ólík talröddinni, en það er vegna þess að við heyrum ekki í okkur eins og við hljómum út á við. Heyrn okkar á eigin rödd er tvöföld því við heyrum röddina okkar jafnt að utan sem innan frá í gegnum merg og bein. Því skekkist hún og við þurfum að nota skynjun í stað eyrans til að hlusta og oft sem fólk býr yfir óviðjafnanlegri söngrödd sem kemur í ljós þegar búið er að færa hana aðeins til, lagfæra og þjálfa.“

Sjá nánar um námskeið Ingveldar á www.songstudio.is.

*thordis@frettabladid.is*




Við bjóðum upp í dans

Tjútt
Salsa
Break
Mambó
Hiphop
Freestyle
Brúðarvals
Barnadansar
Samkvæmisdansar
Sérnámskeið fyrir hópa
Michael Jackson dansar
Börn – Unglingar – Fullorðnir

Innritun og upplýsingar á dansskoli.is eða í síma 553 6645

Ýmis starfsmanna-, stéttar- og sveitarfélög veita styrki vegna dansnámskeiða.

DANSSKÓLI Jóns Péturs og Köru
Dansfélag Reykjavíkur

Dansráð Íslands | Faglærðir danskennarar
Valsheimilið Hlíðarenda | sími 553 6645 | fax 568 3545 | dans@dansskoli.is



KVÖLDSKÓLI KÓPAVOGS

**Courses - autumn**

**ICELANDIC FOR FOREIGNERS**

10 weeks courses – 60 class hours
Courses start on 14th of Sept. and on 15th of Sept.

ICELANDIC I
Tuesday and Thursday 19:00 – 21:10
ICELANDIC II
Tuesday and Thursday 19:00 – 21:10
ICELANDIC III
Tuesday and Thursday 19:00 – 21:10
ICELANDIC IV
Monday and Wednesday 19:00 – 21:10
Price: 21.500 kr.
Registrations and information: http://kvoldskoli.kopavogur.is
Tel: 564 1507

**ÍSLENSKA FYRIR ÚTLENDINGA**

10 vikna námskeið – 60 kennslustundir
Kennslan hefst 14. sept. og 15. sept.

ÍSLENSKA I
þriðjudag og fimmtudag 19:00 – 21:10
ÍSLENSKA I fyrir Pólverja
þriðjudag og fimmtudag kl. 19:00 – 21:10
ÍSLENSKA II
þriðjudag og fimmtudag 19:00 – 21:10
ÍSLENSKA III
þriðjudag og fimmtudag 19:00 – 21:10
ÍSLENSKA IV
mánudag og miðvikudag 19:00 – 21:10
Verð:21.500 kr.
Innritun og upplýsingar um námskeiðin á vef skólans http://kvoldskoli.kopavogur.is
Sími: 564 1507

**Kursy jesienne**

**KURS JEZYKA ISLANDZKIEGO DLA OBCOKRAJOWCOW**

Kurs 10-tygodniowy-60 godzin lekcyjnych
Zajecia rozpoczynaja sie 14. Wrzesnia oraz 15. Wrzesnia

ISLANDZKI I
wtorki i czwartki 19:00 – 21:10
ISLANDZKI I / polski lub islanski nauczyciel
wtorki i czwartki 19:00 – 21:10
ISLANDZKI II
wtorki i czwartki 19:00 – 21:10
ISLANDZKI III
wtorki i czwartki 19:00 – 21:10
ISLANDZKI IV
poniedzialki srody 19:00 – 21:10
Cena: 21.500 kr.
Zapisy i informacje na stronie szkoly: http://kvoldskoli.kopavogur.is
pod nr telefonu: 564 1507

http://kvoldskoli.kopavogur.is

**HAUSTFERÐIR** geta verið virkilega rómantískar. Það þarf nefnilega ekkert að vera verra að fara í einhverja spennandi helgarferð í september en yfir hásumarið.

















Heitu pottarnir njóta vinsælda og vatnið í þeim hefur reynst heilsusamlegt húð fólks.
WWW.HOFFELL.COM



MYND/GUN

Þrúðmar og Ingibjörg við gamla íbúðarhúsið í Hoffelli sem nú er gistihús.

# Orðsporið skilar gestum frá ýmsum löndum

**Uppbúin rúm, heimabökuð brauð á hverjum morgni og heitir pottar undir kletti eru meðal þess sem gestir geta notið í Hoffelli í Hornafirði hjá þeim Ingibjörgu Steinsdóttur og Þrúðmari Þrúðmarssyni.**

Ingibjörg í Hoffelli er að sjóða sólberjasultu og brauðin eru að bakast þegar slegið er á þráðinn til hennar. Hún kveðst alveg geta talað í síma meðan hún hræri í pottinum – enda af því kyni sem geti gert fleira en eitt í einu! Bóndi hennar, Þrúðmar hafði skroppið að heitu pottunum með kerti til að kveikja á í kvöldhúminu, því þangað er væntanlegur hópur. Pottarnir eru spölkorn frá bænum, neðan undir tignarlegum kletti sem nefnist Arnarbæli.

Þau hjón hafa rekið ferðaþjónustu í Hoffelli í þrjú og hálft ár. Byrjuðu smátt en hafa verið að auka við gistirými og bæta við afþreyingu eins og fjórhjólaferðum og siglingum á jökullóni. „Við tökum þetta skref fyrir skref,“ segir Ingibjörg sem er með diplóma í ferðamálafræðum frá Hólum. Ingibjörg segir börn og tengdabörn líka taka virkan þátt í þjónustunni við ferðamennina.

Nú eru tuttugu uppábúin rúm í boði í tveimur húsum og auðvelt að bæta fjórum við ef hópar eru á ferð, að sögn Ingibjargar. Hún fer með eða sendir nýbökuð brauð úr eigin ofni í bæði húsin á morgnana, auk bakarísbrauðs í ristina. Smurostur, sultur og heimagert marmelaði er í ísskápunum, morgunkorn, kaffiduft og te í öðrum hirslum. „Við viljum hafa andrúmsloftið notalegt,“ segir hún. „Orðsporið skilar okkur líka gestum frá ýmsum löndum.“

*gun@frettabladid.is*



Að sigla innan um ísjaka á hljóðlátum bátum er sterk upplifun.
MYND/SNÆBJÖRN SÖLVI RAGNARSSON



Gestabókin geymir marga gullmola.



Fjórhjólaferðir inn í fjallasali Hoffells er meðal nýjunga í rekstrinum.
MYND/SNÆBJÖRN SÖLVI RAGNARSSON



Neðri hæðin á nágrannabænum Miðfelli, hjá foreldrum Þrúðmars, var tekin undir ferðaþjónustuna í vor. Þetta er eitt af herbergjunum þar.

Bólusetningar eru mikilvægar ferðamönnum en ekki er síður mikilvægt að huga að ýmsum almennum atriðum í tengslum við ferðir til annarra landa. Fjölmargir smitsjúkdómar eru landlægir í suðlægum löndum, einkum í hitabeltinu. Gott er að kanna þá hættu sem kann að ógna heilsunni og hvaða bólusetningar eru nauðsynlegar áður en land er lagt undir fót.



landlaeknir.is

TOYOTA SELFOSSI



TOYOTA LAND CRUISER 120 GX, raðnr 213108, ný skr 7/2007, ek, 63.000km, sjálfsk, aukasæti, filmur, prófílbeisli, ásett verð 6.190.000. áhvíl 3.790.000. skoða skipt á ódýrari



TOYOTA LAND CRUISER 100 VX, raðnr 137866, ný skr 2/2005, ek 110.000km, sjálfsk, einn eigandi, leður, disel, krókur o.f.l. Ásett verð 6.490.000. A.T.H bíllinn er á staðnum.



TOYOTA AVENSIS S/D SOL, raðnr 272782, ný skr 5/2001, ek 166.000km, sjálfsk, 2000cc, topplúga, samlitaður o.f.l ásett verð 990.000. A.T.H bíll á staðnum.

**Toyota Selfossi**
**Fossnes 14, 800 Selfoss**
**Sími: 480 8000**
**http://www.toyotaselfossi.is**




Vegna mikillar sölu vantar okkur allar gerðir bíla, hjólhýsa, fellihýsa, pallhýsa oph. á skrá, skráið frítt hjá okkur, Sendið okkur skráningar á 100bilar@100bilar.is eða í síma 5179999, 100bilar.is,

**100 bílar ehf**
**Þverholt 6, 270 Mosfellsbær**
**Sími: 517 9999**
**Opið virka daga 10-18.00 og laugardaga 12-16**
**www.100bilar.is**

## Bílar til sölu



Mjög vel með farinn Toyota Yaris 1300, árg.'01. til sölu. Ekinn 96.000 km. Verð 630 þús. stgr. Uppl. 897 7011.




Bílaútsölur framleiðenda í USA. Nú færðu nýjan eða nýlegan bíl á lækkuðu verði. Fáðu verðtilboð á netinu eða símleiðis. Eigum einnig heimkomna sýningarbíla með allt að 3ja milljón króna afslætti. Útvegum á betri verðum fólksbíla, jeppa og pallbíla frá Toyota, Ford, Dodge og öðrum helstu framleiðendum. Hundruð ánægðra viðskiptavina. www.islandus.com - Sími 5522000



**Corolla á 350.000-**
Toyota Corolla S/D árg 97 1.6 XLi ekinn 214 þ km 5 gíra CD álfelgur vetrardekk, mikið endurnýjaður s.s kúpling, tímareim, bremsur, ný smurður, skoðaður 2011 mjög gott lakk, bifreiðargjöld greidd til áramóta verð aðeins 350.000- stgr upplí síma 899 8789.



**4x4 á 350.000-**
Nissan Terrano II 2.4 bensín árg. ,95 ekinn 246 þ km 5 gíra 4x4 33" breyttur krókur 7 manna skoðaður 2011 krome felgur góð dekk mikið endurnýjaður ný smurður verð aðeins 350.000 stgr. uppl. í síma 861 7600.

Óska eftir ódýrum bíl, má þarfnast smá lagfæringa. Uppl í s. 848 4301

Toyota corolla silfurgrá árg. 99, ek. 160þús 5gíra í góðu standi, verð 360þús, uppl. í s.896-5267

Blazer árg. ,88 til sölu. S. 861 6760.

## 0-250 þús.



Renault Megane árg.'97 1,4 bsk. Drtkúla.E. 130 þ. V. 180 þ. Uppl. í S. 869 7399.

## 250-499 þús.

Suzuki Baleno mjög vel með farinn bíll að innan og utan, nýsk. V. 350þús. Uppl. í s. 895 7679.

## 1-2 milljónir



YARIS 2007, 5 Dyra 1.3 VVT-i SOL MM skipting. Svartur, heilsársdekk, ekinn 35þ Verð: 1.650þ S:896-0444

til sölu zodiac 4.2m og 40hp yamaha tvígengis 2007. Verð 1.300 þús ath. skipti á fjórhjóli Björn s.6935383

## Bílar óskast

Óska eftir að kaupa bíl á verðbilinu 25-250þús, má þarfnast lagfæringa. Uppl. s. 615 1810

Óska eftir að kaupa bíl á bilinu 100-120 þús. Uppl í s. 869 8423 eftir kl 17:00

Vill kaupa bíl á ca. 30-150 þús. Má þarfnast viðgerðar. S. 896 6744.

**Corolla, Yaris eða Avensis óskast**
Árg. 1998-2002 fyrir 150-350 þúsund. Helst í góðu standi, en má þarfnast lagfæringa. Uppl. 821 2545.

## Jeppar



Land Cruiser 120 LX árg. 09/05 ek. 98 þús. sjsk., 35" breyttur. V. 5.490þ. Gott lán getur fylgt. S. 896 9601.



Avon bátur með 30hö mótor og kerru, 280þ skoða skipti á heitum potti. 8402000

## Sendibílar




Allar stærðir sendibíla. Nýja Sendibílastöðin sími 568-5000.

## Hópferðabílar



Bens Clubstar 1117 28 sæta m/wc árg'90. Upplýsingar í síma 8981813.

## Vörubílar

Iveco 15E230 árg.2000 kojuhús, loftfjöðrun að fr. og aftan. ,gámalásar, lyfta 1,5 tonn. Verð 2,3 + vsk. beyslisvagn á einföldu.20 feta 16 T , loftfjöðrun, Góð dekk. Verð 790þús + vsk. uppl. 864-7612

## Mótorhjól



Til sölu KTM SX 125 árg. ,08 verð 500þús. vel með farið og flott hjól UPPL: 899 1041.

## Hjólhýsi




Caravelair Anteres Luxe 426 hjólhýsi til sölu, 2005. Svefnpláss fyrir 6. Sólarsella, fortjald og grjótagrind. Kojur, fast hjónarúm og borðkrókur fyrir miðju. Verð 2.180 þús. Upplýsingar í síma 445-3367 - ferdavagnamarkadur.is - Höfðabakka 9

Hobby UFE 540 árg. 2010. Prestige ,DWT Fiesta fortjald. Verð 4.5m. uppl. 772-9030.

## Vinnuvélar



Til sölu 28 tonna beltavél ,97 ek. ca. 7400 tíma. Einnig hjólavél, Komatsu 150 árg. ,91. Nýlegur mótor. S. 892 5309.




Beltagröfur 0,6-10 tonn Hjólagröfur-hjólaskóflur Beltavagnar 1,1-3,8 tonn IMPEX.is S. 534 5300.




Traktorgrafa JCB 4x4x4 árg. ,97 7500 tímar í góðlagi . aukaskóflur og gaflar. Verð 2,7 + vsk. Beltavagn sem mokar upp á sig .2003 verð 950 þús. + vsk uppl. 864-7612.

## Varahlutir




Kaupum Toyota bíla. Opið virka daga 9-18. Við erum þjónustuaðilar fyrir Úrvinnslusjóð. Eigum bíla til sölu. Bílapartar, Grænamýri 3, Mosfellsbæ.




**Bílapartasala**
Höfum opnað varahlutasölu með notaða varahluti í nýlega bíla www.netpartar.is

**Partahúsið - S. 555 6666**
VW Bora, Golf, Passat, Caddy, Audi A4. Hyundai Getz H1, Starex, Santa Fe, I30. Honda Jazz, CRV. Toyota Avensis, Yaris. M.Benz margar gerðir. Fiat Punto. Suzuki Swift. Chevrolet Lacette. MMC Galant, Pajero. Citroen Berlingo. Daihatsu Terios. Peugot 206. Man 26530 árg.'05. Musso og margt fleira. Kaupum bíla til niðurrifs. S. 555 6666 & 898 8835. Hvaleyrarbraut 20 Hafnarfirði.

**VW, Skoda, Audi, varahlutir og viðgerðir S: 534 1045**
Varahlutir í VW, Skoda og Audi bíla. Kaupum bíla til niðurrifs. Sérhæfum okkur einnig í viðgerðum á sömu tegundum. Bílabúið, Suðurhella 10, Hfj.

**Bílhlutir, Kaplahrauni 14, S. 555 4940.**
Sérhæfum okkur í Volkswagen, Skoda og Daihatsu. Eigum einnig varahluti í fleiri tegundir bíla. Kaupum bíla til niðurrifs.

**partabílar.is 770-6400**
Er að rífa bmw 525d 02, daewoo lanos 98-03, dodge carvan 97, dodge neon 01, fiesta 97, civic 97, getz 04-09, jeep grand 99, kia sport 99, m.benz 230 80, terrano 00, peugot 306 98, kangoo 99-01, twingo 99, felisa 99, swift 05-09, xl7 05, yaris 05, vn lt 98, almera 00, primera 99. Kaupum bíla í niðurrif.

**Japanskar Vélar Varahlutasala**
Erum að rífa MMC Pajero/Montero ,00-'05. L200/Izuzu pick up ,00-'07. Susuki Vitara/Liana/Swift ,00-'08. Hyundai Santa Fe/Tucson/Starex. ,00-'06. Nissan pickup/Almera/X-Trail ,02-'08. VW/skoda ,00-'05. Mazda/Ford ,00-'05. Kia, flestar gerðir. Chevrolet ,05-'06. Citroen C2/C3 ,02-'06. og fl. Kaupum bíla. Opið 08-18. S. 565 3400 & 893 2284. www.carparts.is

Varahlutir í Vitara árg. ,97. MMC Space Wagon ,97, Kia Sephia ,99, Yaris ,00, Hatcback ,96, ,97 1600, Xli 1300 ,94, Escord ,98. Accent ,95 & ,97. Impreza ,99. Legacy ,96. Almera ,98. Carina ,97, Vento ,97, Lanos ,99, Elantra Wagon ,97, Civic ,99. Golf ,95, Nissan ,94. Kaupi bíla til niðurrifs. S. 896 8568.

Erum að byrja að rífa Pajero árg. ,99 2.5 diesel, Skoda Octaviu árg. ,99 & ,07 diesel, VW Bora árg. ,00 & ,04, Terrano árg. ,98, Kia Carnival árg. ,00, Corolla árg'. 99 og Polo árg. ,07. Partahúsið S. 555 6666.

Varahlutir í VW Golf, Polo,Yaris, Kangoo & Skoda Oktavia ,02. Viðgerðir. Gírkassar. Bremsuviðgerðir, renni diska og skálar. Kaupi bíla. Óska eftir trampólíni. Uppl. í s. 892 7852.

# ÞJÓNUSTA

## Pípulagnir

**Faglærðir Píparar**
Tökum að okkur viðhald og nýlagnir, vönduð vinnubrögð mikil reynsla. Pípulagnaþjónusta Reykjavíkur S: 770 4499.

## Hreingerningar

**Vy-þrif ehf.**
Öll almenn þrif regluleg ræsting sameigna verðtilboð. Sími 512 4010 www.vy.is

**A-Ö Þrif & Hreinlæti**
**Sími 662 0 662**
Hreingerningar, Flutningsþrif, Gólfbónun, Teppahreinsun og Húsgagnahreinsun.

## Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

## Garðyrkja













Tökum að okkur allt sem viðkemur garðinum, auk allrar almennrar smíðavinnu - lögg. húsasmíðameistari. Vanir menn, snör handtök. Sælugarðar s. 824 1238.






Vandaðir og ódýrir ferðanuddbekkir og óléttubekkir til sölu. Uppl. í síma 8916447

upprunalega nudd í tveimur eða fjórum höndum á allan líkamann good massage 693 75 97

Whole body massage 841 8529.

Heilsu nudd með púða. S. 774 8809.

**NUDD - Tilboð - NUDD**
**Nudd kr. 3500,-**
Skrúbb, heitur pottur, nudd f. 2 kr. 9900,-. Detox - f. 2 kr. 9900.-. Margar teg. nudds, alhliða snyrting, slökun, veitingar, heilsu, vítamín, næringarráðgjöf. Ekkert sex nudd. No sex massage. Uppl. - pantanir s. 823 8280. JB Heilsulind Skúlagötu 40. Opið 12-18 mán-lau.

# SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

## Námskeið



Smáskipanámskeið 2.9. - 16. 10. fjarnám eða staðarnám. Skemmtibátanámskeið 9. 10. - 16. 10. Staðarnám. Skráning á www.tskoli.is eða í s. 514 9000. Tækniskólinn, skóli atvinnulífsins

## Kennsla

Píanókennsla fyrir byrjendur og lengra komna. Uppl. í s. 899 3787.

## Ökukennsla

**www.aksturinn.is**
**S. 694 9515**
Öku og bifhjólakennsla. Tek einnig að mér akstursmat. Uppl. í s. 694 9515 Haukur Vigfússon.

# HEIMILIÐ

## Dýrahald

Schafer hvolpar til sölu. Ættbókarfærðir frá HRFÍ, örmerktir og heilsufarsskoðaðir. Foreldrar myndaðir. Tilbúnir til afhendingar. s. 777 6969.

# TÓMSTUNDIR & FERÐIR

## Gisting

Spánn stutt og langtímaleiga: Barcelona, Costa Brava, Menorca, Mahon. www.starplus.is og www.starplus.info Uppl. í s. 899 5863.

## Fyrir veiðimenn



**Gæsaveiði-kornakur.**
Laus veiðileyfi í kornakur í Skagafirði. Möguleiki að blanda saman stangveiði og skotveiði. Hús fylgir. Uppl. í s. 868 4043.

**Þverá í Borgarfirði**
Sjóbirtingsveiði frá 11. sept. til 10. okt. í neðri hluta Þverár. Veitt er eingöngu á flugu og eru kaststangir bannaðar. Einnig er skylt að sleppa öllum laxi aftur í ánna. 3 stangir í boði á dag. Nánari uppl. í s. 848 2304.

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

**www.leiguherbergi.is**

**1-2 manna herb.Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj aðganur að internet, baði. eldh., þurrkara og þvottavél. 824 4535.**

**Room for rent 1-2 person,. Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj Internet, bath, kitch, washing room incl. Uppl/info í S. 824 4535. www.leiguherbergi.is**

LMH.IS Leigumiðlun Hafnarfjarðar 517-0150

Vantar eignir á skrá í Hafnarfirði, Kópavogi og nágrenni, www.lmh.issími 517-0150.

**Íbúðir til leigu**
Nýjar 2, 3, og 4ra herb. íbúðir til leigu í hfj. í fallegu fjölbýlishúsi. Langtímaleiga. Uppl. í síma 698 2127 og 820 1002.

3.herb.íbúð á 1.hæð v/Snorrabraut með öllum húsgögnum og húsbúnaði ef með þarf. Falleg, hreinleg og snyrtileg. Sérinngangur. Leiga 95þús. á mánuði með rafm. hita og húsfélagi. Frábær fyrir litla fjölskyldu eða 1-2 háskólanema. Sími 869-3079

Herbergi í 101 til leigu. Aðgangur að eldhúsi og baðherbergi. Uppl. í síma 773 3182.




Til leigu mjög gott 10 hesta hús á Heimsenda í Kóp. 5.tveggja hesta stíur. Uppl. í s. 693 3777 Pétur.

App.m in 101 Rvk ( one bedroom). Full furnished. Short term rent. reykjavikview@live.com

2 herb. íbúð til langtíma leigu á svæði 109, laus frá og með 1.okt. 100 þús. á mánuði. Einungis reglusamir og skilvísir leigjendur koma til greina. Uppl. 847-7849 eftir kl 14.

**Leigjendur, takið eftir!**
Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

60fm2. uppgerð íbúð í 101 Rvk.við höfnina (skrifstofu húsnæði). Stórt svefnh. stofa,eldh.krók. wc með sturtu og þvottavél. 2 Mánuðir í tryggingu og 90 þús á mán með hita og rafm. Meðmæli æskileg. Sendið uppl. á zircon@simnet.is

## Húsnæði óskast

ÓE íbúð (ca.3herb) til leigu í Rvk 12.09-12.10. Þarf að vera með húsgögnum. S. 6966535.

## Sumarbústaðir



**Til sölu 58 fm sumarhús**
100 fm sólpallur og 5500 fm eignarlóð. Bein sala eða skipti á jeppa/hjólhýsi - húsbíl eða eign á Akureyri. Verð 14,9 Uppl. í s: 898 1598.



**Stórt sumarhús í Grímsnesi til leigu**
Helgar/viku leiga. Gisting fyrir 6-10 manns, heitur pottur og sauna. Helgarleiga 75þús, 5 nætur (sun-fös) 95þús, vikuleiga 125þús. Laust í ágúst 22.-27 einnig laust haust Uppl. í s. 898 1598 sjá myndir: miklaborg.is undir Víðibrekka.

## Atvinnuhúsnæði

Til leigu 207 m2 iðnaðar/lagerhúsnæði með innkeyrsludyr við Smiðjuveg. S: 820 6030

## Geymsluhúsnæði

**HÚSVAGNAGEYMSLA**
Upphitað, þurrt, lyktarlaust og hreint á Eyrarbakka. Góð verð. S: 564-6501.

**Geymsluhúsnæðið Auðnum II, 190 Vogar.**
Tjaldvagnar, fellihýsi, bílar, bátar, mótorhjól ofl. Uppl. í s. 864 3176.

Vetrargeymsla fyrir bíla, húsbíla, hjolhýsi, fellihýsi, tjaldvagna og fl. Upphitað húsnæði með öryggisvakt. Sanngjarnt leiguverð. Uppl. í s. 899 0274 og á www.husbilageymslan.net

**geymslur.com**
Geymslur frá 3990.- kr á mán. Í Garðabæ (hjá Ikea) og Reykjavík (Fiskislóð) Upphitað, vaktað & öryggismyndavélar. S. 555 3464.

**www.geymslaeitt.is**
Sér geymslur frá 5 til 17 m2. Lágt verð. Opið 8-22. Búslóðir, lagerar, bókhald, iðnaðarmenn. Upphitað og vaktað. S: 564-6500

Vetrarleiga í Skorradal fyrir tjadvagna, fellihýsi, hjólhýsi og fl. Uppl. indridastadir@indridastadir.is

## Gisting

stracta CONSTRUCTION AND DEVELOPMENT

**GISTING Í KAUPMANNAHÖFN**
Fullbúnar lúxus íbúðir í göngufæri frá miðbænum. Góður kostur fyrir fyrirtæki og einstaklinga. Verð frá 1050 dkr nóttin fyrir 3ja herb. íbúð. Nánari uppl. í s. 891-8612, +45 27111038, www.stracta.com eða annalilja@stracta.com

Halló. Orlofsíbúðir til leigu á Þingeyri við Dýrafjörð. Hótel Sandafell. S. 456 1600.

Gisting í 2-3 manna stúdíóíbúð í gistiheimili við Dugguvog. Verð frá 10.000 per nótt. S. 824 6692.

# ATVINNA

## Atvinna

Consentra Bemanning, based in Trondheim – Norway, is a professional provider of staffing services to the construction industry. We are now seeking new employees for renting out to our customers.

Consentra PROFESJONELLE BEMANNINGSLØSNINGER FOR BYGG, ANLEGG OG INDUSTRI

**We are searching** to find carpenters and concrete workers with professional qualifications. Persons with other skills related to the construction industry may also be of interest.

**Consentra Bemanning** also have plans to start a department of health-care staffing within a short time. We are therefore also interested to get in touch with qualified workers in this area.

**Friday 27/8-10** we will be in place at the SAS Radisson SAS conference room for a presentation of our company and make "on site" interview for those interested. Come visit us between 10 and 14. If you'd like, please send us your job application in advance, we can also arrange an interview time then.

Welcome

Send your application with CV to:
jobbsoker@consentra.no

**www.consentra.no**

## Atvinna í boði

MOSFELLS BAKARÍ

**Mosfellsbakarí-Mosfellsbæ.**
**Óskum eftir góðu fólki til starfa í afgreiðslu í verslun okkar í Mosfellsbæ. Í boði eru þessar vaktir frá 6:30-13:00 og 12:00-18:30 virka daga. Einnig aðra hverja helgi annann daginn.**
**Nánari upplýsingar veitir Áslaug í síma 5666145, 6602155 eða á staðnum.**
**Einnig er hægt að senda inn umsókn á netinu.**
**Slóðin er www.mosfellsbakari.is/umsókn.asp**

HANDVERK Í HÁVEGUM HAFT KORNIÐ BAKARÍ

**Kornið**
**Vantar afgreiðslukonur í full störf og hlutastörf. Þarf að geta hafið störf fljótlega. Vinnustaður Lækjargata, Borgartún, Ögurhvarf og Reykjavíkurvegur. Íslensk mál skilyrði.**
**Umsóknar sendist á nonni@kornid.is.**
**Eldri umsóknir skal endurnýja.**

KEILUHÖLLIN HEILL HEIMUR AF SKEMMTUN

**Keiluhöllin Öskjuhlíð**
**óskar eftir starfsfólki í afgreiðslu og veitingasal í kvöld & helgarvinnu æskilegt er að umsækjendur hafi náð 20 ára aldri.**
**Tekið verður á móti umsóknum í Keiluhöllinni í dag milli kl 17 & 20.**

**Leikskólinn 101.**

**Leikskólakennari/leiðbeinandi óskast á sjálfstætt rekinn tveggja deilda ungbarnaleikskóla í 100% stöðu.**

**Æskilegt er að viðkomandi geti starfað með ungum börnum sé áreiðanlegur, ekki yngri en 25 ára og hafi góða íslenskukunnáttu.**

**Einnig er óskað eftir matráð í 50% stöðu frá 15. september íslenskukunnátta nauðsynleg.**

**Umsóknir sendist á leikskolinn101@simnet.is**

BILAPARTAR.IS
Notaðir TOYOTA varahlutir
Sími: 587 7659

Bílapartar ehf óska eftir starfsmanni í niðurrif á bílum úti, þrífa og ganga frá. Skilyði að starfsmaðurinn sé stundvís, snyrtilegur og reyklaus og hafi mikla þekkingu á bílum. Aðeins um fullt starf að ræða. Uppl á staðnum Grænumýri 3, Mosfellsbæ fimmtudaginn 26. Ágúst kl 9-11. Uppl ekki gefnar í síma.

Annan vélstjóra vantar strax á humarbát vélarstærð 635 hö. s. 866 4223

**Cafe Óliver**
Óskar eftir að ráða yfirmann í eldhús. Umsóknir í síma 821 8500, Arnar eða arnar@cafeoliver.is (Góð íslenska skilyrði).

**Stýrimaður**
Stýrimann vantar á M-B Mörtu Ágústsdóttir frá Grindavík til netaveiða. Uppl. í s. 894 2013.

Vanur beitningarmaður óskast við beitningu í Þorlákshöfn. S. 893 1193 & 773 3930.

## Viðskiptatækifæri

Atvinna/viðskipti: Einstaklega áhugavert viðskiptatækifæri tengt ferðaþjónustu, skemmti- og ævintýraferðir. Vanti þig verkefni þá er þetta etv. fyrir þig uppl. 772 0075.

# TILKYNNINGAR

## Einkamál

**Spjalldömur 908 1616**
**Opið þegar þér hentar.**

**PurpleRabbit.is**
Sýndu þig og sjáðu aðra á djörfum íslenzkum samskiptavef.



## Opið til kl.18 í kvöld

**Komdu og sjáðu úrvalið á rýmingarsölu hjá Thrifty bílaleigu**

# Gerðu bílakaup dagsins!

Notaðu tækifærið og gerðu góð kaup á notuðum bíl í dag. Thrifty bílaleiga þarf að rýma til fyrir veturinn. Komdu og sjáðu úrvalið af fólksbílum, jeppum, sportjeppum og sendiferðabílum sem standa þér til boða með alvöru afslætti. Reynsluaktu smáum og stórum gæðabílum í öllum verðflokkum frá Thrifty bílaleigu. Komdu í dag og gerðu frábær kaup.

**Thrifty bílaleiga rýmir til fyrir veturinn**

Rýmingarsala á bílaleigubílum

Opið til 18 í kvöld

**Citroën Xsara Picasso Exclusive (OR464)**
Skrd. 02/2006
Thrifty rýmingarverð 1.390.000 kr.



Þessi bíll er í hópi bíla í leit að nýjum eiganda.
**Komdu í dag og skoðaðu úrvalið!**

**Komdu í dag!**
Nýttu tækifæri þessa árs!
Kauptu bíl af Thrifty. Frábært úrval af fólksbílum og sportjeppum og jeppum á frábærum kjörum.

## Rýmingarsala! Kauptu bíl á rýmingarverði af Thrifty

**Þú finnur okkur þar sem Brimborg er, að Bíldshöfða 6, Reykjavík og Tryggvabraut 5, Akureyri. Sölufulltrúar Brimborgar sjá um söluráðgjöf fyrir Thrifty.**

Opið til kl. 18 í kvöld

**Thrifty Ísland**
Bíldshöfða 6
110 Reykjavík
Sími 515 7115

**Thrifty Ísland**
Tryggvabraut 5
600 Akureyri
Sími 515 7115

www.thrifty.is

Thrifty® Bílaleiga



*Innilegar þakkir til allra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför elskulegs eiginmanns, föður, tengdaföður og afa,*

**Boga Ingimarssonar**
Hæstaréttarlögmanns,
Sigtúni 57, Reykjavík.

Sérstakar þakkir fær starfsfólk Droplaugastaða fyrir góða umönnun.

**Sigrún Sigurþórsdóttir**
**Sigurþór Bogason**
**Benedikt Bogason** **Úlla Káradóttir**
**og barnabörn.**



*Minningarathöfn um móður mína,*

**Sigrúnu Sveinsdóttur**
Balí

fer fram frá Dómkirkjunni fimmtudaginn 26. ágúst kl. 15.00. Þeim sem vilja minnast hennar skal bent á ABC barnahjálp.

**Jón Alexander Mír**
**og aðrir aðstandendur.**



*Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,*

**séra Ágúst Sigurðsson**

sem lést sunnudaginn 22. ágúst sl. verður jarðsunginn frá Dómkirkjunni í Reykjavík föstudaginn 27. ágúst kl. 13.

**Guðrún L. Ásgeirsdóttir**
**Lárus Ágústsson** **Signe Gjerlufsen**
**María Ágústsdóttir** **Bjarni Þór Bjarnason**
**og barnabörn.**



*Ástkær dóttir mín og systir,*

**Jóhanna Silja Vilhjálmsdóttir**
Hjallabraut 19, Hafnarfirði,

lést föstudaginn 20. ágúst. Útförin fer fram frá Víðistaðakirkju mánudaginn 30. ágúst kl. 15.

**Birna Ósk Eðvarðsdóttir**
**Óskar Jóhann Birnuson**



*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Hulda Þorsteinsdóttir**
Laugateig 11, Reykjavík,

sem lést á Landspítalanum í Fossvogi laugardaginn 14. ágúst verður jarðsungin frá Áskirkju fimmtudaginn 26. ágúst klukkan 15.00. Jarðsett verður í Gufuneskirkjugarði.

**Berglind Bragadóttir**
**Hjálmar Jónsson** **Ingibjörg Klemenzdóttir**
**Brynjar Jónsson** **Steinunn Steinarsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

**BLAKE LIVELY ER 23 ÁRA Í DAG**

*„Það eru kvikindislegar, óöruggar og slúðrandi stelpur alls staðar en ég held að þær séu ekki illa innrættar. Ég held kannski að mismunandi uppeldi geri þær óöruggar.“*

***Blake Lively er bandarísk leikkona. Hún er best þekkt fyrir hlutverk sitt í þáttunum Gossip Girl.***



# tímamót

timamot@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST: 25. ÁGÚST 1835**

## *Stóra tunglgabbið*



Stóra tunglgabbið var röð greina sem birtust í dagblaðinu New York Sun. Fyrsta greinin af sex birtist 25. ágúst 1835 en þær fjölluðu um meintan fund lífs og jafnvel siðmenningar á tunglinu. Uppgötvanirnar voru ranglega eignaðar John Herschel sem var frægasti stjörnufræðingur síns tíma. Herschel fannst gabbið fyndið í upphafi og haft var eftir honum að hans eigin uppgötvanir gætu aldrei orðið jafn spennandi. Hann varð þó seinna pirraður á að svara endalausum spurningum fólks sem trúði gabbinu.

Talið er að Richard A. Locke sem vann hjá blaðinu á þessum tíma sé höfundur greinanna. Hann viðurkenndi það þó aldrei opinberlega og seinna voru fleiri bendlaðir við skrifin. Sagan segir að sala blaðsins hafi aukist gríðarlega vegna greinanna.



**VIÐ SPRENGJUSTAÐINN** Hjördís Finnbogadóttir segir boð um sprenginguna hafa gengið út leynilega í erfidrykkju. MYND/ÚR EINKASAFNI

**MIÐKVÍSLARSTÍFLA:** SPRENGD FYRIR FJÖRUTÍU ÁRUM

# Voru tímamót í náttúruvernd

„Það verður hátíðarsamkoma til að minnast þessa atburðar sem markaði mikil tímamót í náttúruvernd hér á landi,“ segir Hjördís Finnbogadóttir, einn meðlima í undirbúningsnefnd fyrir hátíð sem haldin verður í dag í tilefni þess að fjörutíu ár eru liðin frá sprengingu Miðkvíslarstíflu í Laxá sem fellur úr Mývatni. Sprengingin var fréttnæmasti og afdrifaríkasti atburður Laxárdeilunnar.

„Með sprengingunni var verið að mótmæla áformum um þrjár stórvirkjanir,“ útskýrir Hjördís og telur þær upp: „Virkjuninni í Laxárárglúfrum við Brúar sem framkvæmdir voru hafnar við. Og svo tveimur stórvirkjunum sem voru á teikniborðinu, Laxárvirkjun efri með tilheyrandi stíflu og lóni og Krákárvirkjun sem átti að vera neðanjarðar sunnan við bæinn Gautland.“

Laxárdeilan markaði að sögn Hjördísar þáttaskil í átökum um sjónarmið náttúruverndar og virkjana hér á landi. Hún stóð á árunum frá 1968 til 1974 og réttarhöld yfir sprengjumönnum stóðu vikum saman.

„Miðkvíslarstífla var ólögleg og það voru ekki fullnægjandi leyfi fyrir henni. Það kemur fram í dómsskjölunum. Hún var líka reist í andstöðu við heimamenn,“ segir Hjördís og bætir við að ekki hafi heldur verið gert eignarnám í jörðunum. „Virkjunaraðilanum tókst aldrei að sýna fram á að hann hefði haft verulegt fjárhagstjón af þessari sprengingu. Það var óverulegt.“

Hjördís segir sprenginguna hluta af baráttu heimamanna sem byrjaði sem hagsmunagæsla til að gæta eigna og atvinnuréttinda. „Það var ekkert hlustað á þá fyrr en þeir drógu fram dýnamítið. Þetta var náttúrulega fólk sem bjó á bökkum Laxár og Mývatns og lifði af landbúnaði aðallega. Laxárdalur hefði farið undir vatn og lífríki Mývatns og Laxár hefði eyðilagst ef öll þessi virkjunaráform hefðu náð fram að ganga.“

Boðun um sprenginguna var leynileg. „Það hefði verið auðvelt með einu handtaki að loka aðgangi út í Helgey sem þarf að fara í til að komast að stíflunni og þá hefðu menn ekki getað gert þetta,“ upplýsir Hjördís. Boðað var til aðgerðanna í erfidrykkju eftir jarðaför á Skútustöðum. „Það var bara hnippt í þá sem menn vissu að studdu þennan málstað.“ Ekki er vitað nákvæmlega hversu margir tóku þátt í sprengingunni en 88 lýstu verkinu á hendur sér skriflega.

Hátíðarhöldin hefjast með athöfn í Helgey við Miðkvísl klukkan sex í kvöld. Þar verður afhjúpaður minnisvarði um stíflurofið, einn sprengjumanna ávarpar samkomuna og kirkjukór syngur. Hátíðin heldur svo áfram í félagsheimilinu Skjólbrekku þar sem ungir og gamlir hittast, rifja atburði upp í myndum og máli og gleðjast saman.

**martaf@frettabladid.is**



*Okkar ástkæri,*

**Hannes Þór Helgason,**
Háabergi 23, 221 Hafnarfirði

sem lést sunnudaginn 15. ágúst, verður jarðsunginn frá Víðistaðakirkju fimmtudaginn 26. ágúst kl. 13.00.

**Jóna Conway** **Helgi Vilhjálmsson**
**Kristín Helgadóttir** **Gísli Jón Gíslason**
**Ingunn Helgadóttir** **Atli Einarsson**
**Rut Helgadóttir** **Jóhann Ögri Elvarsson**
**Helgi Már Gíslason** **Ása Karen Jónsdóttir**
**Guðlaug Matthildur Rögnvaldsdóttir**
**Patrik Snær Atlason, Nadía Atladóttir, Sunneva Gísladóttir**
**og Ísak Atli Atlason.**



*Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, fósturfaðir, tengdafaðir og afi,*

**Sævar E. Guðlaugsson**
Byggðarenda 4, Reykjavík,

lést mánudaginn 16. ágúst á Landspítala við Hringbraut. Útförin fer fram frá Bústaðakirkju föstudaginn 27. ágúst kl. 15.00. Blóm og kransar vinsamlegast afþakkað en þeim sem vilja minnast hans er bent á Karitas hjúkrunarþjónustu í síma 770 6050 og karitas@karitas.is.

**Karen Ólafsdóttir**
**Sigrún Sævarsdóttir Bouius**
**Sólrún Sævarsdóttir** **Guðmundur Sigurðsson**
**Anton P. Gunnarsson** **Elsa I. Konráðsdóttir**
**Ólafur S. Ólafsson** **Mari Sampu**
**og afabörn.**

# BAÐHERBERGIÐ
## á lægra verði!



**STURTUHORN**
MEÐ BOTNI

**38.990**

Sturtuhorn, boga gler
90 cm m/ botni
8028604



**STURTUHORN**
MEÐ BOTNI

**29.990**

Sturtuhorn, hamrað gler
80 cm m/ botni
8028600



cersanit



**5.990**
~~8.995~~

Handlaug, Cersanit Eco
8077605

REGINOX



**9.900**

Eldhúsvaskur
860x435
8032530

EMMEVI
ÍTÖLSK GÆÐI



**5.990**

EMMEVI- ítölsk gæði
Eldhúsblöndunartæki
Winny, einnarhandar.
7900010

## TAX FREE
### FRAMKVÆMDATILBOÐ

Komdu og fáðu tilboð í verkið hjá okkur að upphæð 300 þúsund eða meira, og þú færð TAX FREE af öllum vörum, allt frá eldavél til þakefnis!

*Tax free tilboð gilda ekki af pallaefni og sérpöntunum.



**14.995**

Handklæðaofn, Scala
H800/B500, W330 HV
9200048



**2.990**

Baðvog, stafræn, gler
8056563



**4.990**

Baðherbergissett,
3 stk, drapplitað
8056568



**15.990**
~~19.795~~

Sturtusett
Charisma
8016115

**HÚSASMIÐJAN**
Þú færð vöruna í verkið Tax free í Húsasmiðjunni.

FRAMKVÆMDALÁN
Arion banki
Íslandsbanki

Ef þú þarft fjármögnun þá færð þú hagstæð framkvæmdalán hjá bankanum þínum.

ALLIR VINNA
ALLIRVINNA.IS

Þú færð 100% endurgreiðslu virðisaukaskatts af allri vinnu fagmanna auk skattaívilnunar allt að 300 þús.

**Látum verkin tala!**

**Gildir til 31. ágúst.**

*Tax free tilboð gilda ekki af pallaefni og sérpöntunum.

Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl.
Að sjálfsögðu greiðir Húsasmiðjan virðisaukaskatt til ríkissjóðs. Taxfree tilboð jafngildir 20.32% verðlækkun og er alfarið á kostnað Húsasmiðjunnar

**HÚSASMIÐJAN**

LISTASAFN ÍSLANDS
NATIONAL GALLERY OF ICELAND

**Styrktarsjóður Guðmundu Andrésdóttur**
**auglýsir eftir umsóknum um styrki úr sjóðnum á árinu 2010**

Samkvæmt skipulagsskrá sjóðsins nr. 9321 er markmið hans „að styrkja og hvetja unga og efnilega myndlistarmenn til náms" en stofnfé sjóðsins er arfur samkvæmt erfðaskrá Guðmundu Andrésdóttur listmálara sem lést árið 2002. Ráðstöfunarfé sjóðsins eru raunvextir af höfuðstól og verður í ár ráðstafað 8.0 milljónum króna. Stjórn sjóðsins ákveður hversu margir styrkir verða veittir.

Sjóðurinn styrkir myndlistarmenn til framhaldsmenntunar og er æskilegt að umsækjendur hafi lokið BA prófi í myndlist eða sambærilegu námi. Hægt er að sækja um styrk til lengri eða skemmri námsdvalar erlendis, þó aldrei skemur en til sex mánaða. Umsókn skal fylgja ítarleg greinargerð um fyrirhugað nám ásamt meðmælabréfi og upplýsingum um fyrra nám og starfsferil.

Stefnt er að úthlutun eigi síðar en 22. október næstkomandi.

**Umsóknarfrestur er til og með 21. september 2010.** Umsóknir merktar styrktarsjóðnum skulu sendar Listasafni Íslands, Laufásvegi 12, 101 Reykjavík.

Nánari upplýsingar eru veittar í síma Listasafnsins 515 9600.

**Stjórn Styrktarsjóðs Guðmundu Andrésdóttur**



Gallerí Fold · þekkt fyrir trausta þjónustu



**Næsta listmunauppboð 6. september**

**Erum að taka á móti verkum núna í Galleríi Fold við Rauðarárstíg**

LISTMUNASALA fold

Áhugasamir vinsamlegast hafið samband í síma 551-0400, 865-6511 (Tryggvi), 845-0450 (Jóhann)

Opið virka daga 10–18, laugard. 11–16, sunnud. 14–16

Rauðarárstígur 14, sími 551 0400 · www.myndlist.is



**HVERNIG VERÐUR GÓÐ STJÓRNARSKRÁ TIL?**



**Haldið verður málþing um stjórnlagaþing í Skálholtsskóla laugardaginn 28. ágúst nk. frá kl. 10.00-17.30.**

Ekki er ætlunin að fjalla um einstaka þætti í nýrri eða endurbættri stjórnarskrá heldur um það hvað stjórnarskrá sé og hvernig hún verði til með vitrænum hætti.

**Ræðumenn:**
Ragna Árnadóttir dóms- og mannréttindaráðherra.
Jón Kristjánsson fyrrv. alþingismaður.
Þorsteinn Magnússon form. undirbúningsnefndar stjórnlagaþings.
Reynir Axelsson dósent.
Gunnar Snorri Gunnarsson sendiherra.

**Hópstjórar:**
Hvernig nýtum við reynslu annarra þjóða? Ragnhildur Helgadóttir prófessor.
Samráð við þjóðina. Geir Guðmundsson form. Stjórnarskrárfélagsins.
Getur stjórnarskrá breytt pólitísku siðferði? Salvör Nordal forstöðumaður Siðfræðistofnunar Háskóla Íslands.
Rammi um innihald stjórnarskrár. Þorkell Helgason, fyrrv. prófessor.

**Málþingsstjóri:**
Kristinn Ólason rektor Skálholtsskóla.

**Málþingið er öllum opið. Nánari upplýsingar og skráning á vefsíðu Skálholtsstaðar www.skalholt.is eða í síma 486 8870.**



Þú færð Fréttablaðið á kostnaðarverði á 90 stöðum um land allt. Nánari upplýsingar á visir.is/dreifing



Allt sem þú þarft...


# Skarfalausar sundlaugar

**BAKÞANKAR**
**Hólmfríður Helga Sigurðardóttir**



Sauðölvaður maður keyrir bíl sinn inn í banka og heilsustofnun býður aukin úrræði fyrir útúrstressað fólk. Það var greinilegt á fréttum gærdagsins að haustlægðin er að skella á með öllum sínum þunga eftir sólarsömbu sumarsins.

**ÉG ER** ekki ein af þeim sem gleðjast þegar dregur úr birtunni. Ég gnísti tönnum þegar ég heyri Pollýönnurnar í kringum mig segja: „O, vei, það er svo huggulegt að geta loksins kveikt á kertum!". Hver vill skipta sólinni út fyrir kertaloga? Vegna birtufíknar minnar og tregans sem fyllir hjarta mitt þegar dregur úr henni verð ég að hafa mig alla við til að halda örinni upp, eins og amma mín kallar brosið svo fallega. Besta leiðin til þess er að fara í sund. Það geri ég helst nokkrum sinnum í viku, árið um kring.

**Í MÍNU** fyrra lífi var ég alveg ábyggilega hafmeyja, eða alla vega einhvers konar vatnakrabbi. Mér líður hvergi betur en marandi í hálfu kafi ofan í heitum potti. Það er ekki bara afslöppunin sem færist yfir sem dregur mig þangað, heldur hressa þau mig við, öll litlu augnablikin sem ég verð vitni að. Það þó ég sé alla jafna með hálflokuð augun og forðist samskipti við aðra.

**Í SUNDLAUGUNUM** hef ég séð ástina kvikna, orðið hugfangin af sundlaugarverðinum, flúið undan kúknum í lauginni, séð afbrýðina blossa upp og hlustað á marga slúðurberana kjamsa á sjóðheitum kjaftasögum.

**OG HLUTIRNIR** gerast ekki síður í sturtunni. Þó maður reyni að halda sér á mottunni þar og einbeita sér að sínum eigin kroppi festast augu manns alveg óvart á skapaháraskúlptúrum, klúrum húðflúrum á áttræðum ömmum, svo ég tali ekki um skelfingu lostna og spéhrædda útlendinga sem blóðroðna þegar þeir eru reknir úr sundbolnum af baðkonunni sem gerir engan kvennamun.

**ÞAÐ** eina sem skyggir á laugarferðir mínar eru stöku skarfar sem koma blaðskellandi ofan í pottinn og blása eins og hvalir. Hefja rifrildi við aðra gesti sem eiga sér einskis ills von og láta í það skína að þeir viti betur en allir hinir um… allt! Af skörfum með mikilmennskubrjálæði heyri ég nóg í fréttunum. Ég vil helst ekki þurfa að svamla með þeim líka og leyfa þeim að sjúga frá mér orkuna.

**KUNNINGJAKONA** mín, ágætis manneskja sem er haldin þeim lesti að vera meinilla við börn, hefur viðrað þá hugmynd við borgaryfirvöld að opna barnalausar laugar. Ég velti því fyrir mér hvort skarfalausar laugar væru ekki frekar málið. Í þágu almannaheilla.

## myndasögur

### Pondus

Eftir Frode Øverli




### Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Handan við hornið

Eftir Tony Lopes




### Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



# EFTIR SKÓLA.

Fótbolti, handbolti, dans, fimleikar... Nú hefjast tómstundirnar aftur af fullum krafti og því er um að gera að vera rétt útbúin(n). Við erum með stútfullar búðir af nýjum haustvörum. Verið velkomin!



ÍÞRÓTTABUXUR
4.990
(fullt verð 5.990)

**NIKE STYLE ESS NYLON PANT**
Netfóðraðar íþróttabuxur. Litir: Svartar, bláar. Barnastærðir.



2.690
(fullt verð 3.490)

**NIKE JDI RINGER TEE**
Stuttermabolur úr 100% bómull. Litir: Hvítur, rauður, gulur, blár. Barnastærðir.



ÍÞRÓTTAGALLI
8.990

**NIKE ATHLETIC POLYWARP WARMUP**
Íþróttagalli úr 100% polyester. Litur: Blár, svartur. Barnastærðir.



4.490

**PRO TOUCH BOUNCE JR**
Íþróttaskór með riflásum. Litir: Hvítir með fjólubláu, svartir með rauðu. Barnastærðir.



5.990
(fullt verð 7.490)

6.990
(fullt verð 8.990)

**NIKE ESSENTIALS FULLZIP HOODY / ATHLETIC PANT**
Rennd hettupeysa. Litir: Bleik, svört. Barnastærðir.
Íþróttabuxur. Litir: Svartar, gráar. Barnastærðir.



STUTTBUXUR OG BOLUR
3.490
(fullt verð 4.490)

2.490
**PRO TOUCH FUNC TEE JR**
Stuttermabolur. Litir: Svartur, blár, hvítur, rauður. Barnastærðir.

1.990
**PRO TOUCH MESH SHORTS JR**
Stuttbuxur. Litir: Svartar, bláar, rauðar, hvítar. Barnastærðir.



3.490

3.690
(fullt verð 4.990)

**SPEEDO ENDURANCE+ MEDALIST /SHORT**
Sundbolur úr klórþolnu ENDURANCE+ efni. Litur: Bleikur.
Sundskýla úr klórþolnu ENDURANCE+ efni. Barnastærðir.



4.690
(fullt verð 5.990)

**NIKE FUNDAMENTALS BACKPACK**
Skólataska. Litir: Svört, blá, bleik.

INTERSPORT

**AKUREYRI SÍMI 460 4890** OPIÐ: mán. - fös. 10 - 18. lau. 10 - 16 **BÍLDSHÖFÐA SÍMI 585 7220** OPIÐ: mán. - fös. 10 - 19. lau. 10 - 18. sun. 12 - 18
**LINDUM SÍMI 585 7260** OPIÐ: mán. - fös. 11 - 19. lau. 11 - 18. sun. 12 - 18 **SELFOSSI SÍMI 856 4610** OPIÐ: mán. - fös. 10 - 18. lau. 10 - 16
**SMÁRALIND SÍMI 585 7240** OPIÐ: mán. - mið. 11 - 19. fim. 11 - 21. fös. 11 - 19. lau. 11 - 18. sun. 13 - 18

## > NEW YORK STYRKTI SAMBANDIÐ

Samkvæmt bandaríska tímaritinu Closer hefur sumarfrí bandarísku leikkonunnar Gwyneth Paltrow og söngvarans Chris Martin í New York haldið þeim saman. Parið nýtur þess að slaka á saman í „stóra eplinu“ en Martin ku víst vera ansi mikill heimalningur í London, ólíkt frúnni.



# Fólk

folk@frettabladid

# The Good Heart tilnefnd

Kvikmyndin The Good Heart er framlag Íslands til kvikmyndaverðlauna Norðurlandaráðs í ár. Myndin, sem er eftir Dag Kára Pétursson, keppir við fjórar aðrar myndir um peningaverðlaun upp á 350 þúsund danskar krónur, eða um sjö milljónir íslenskra króna.

Verðlaunin eru veitt kvikmynd sem á rætur í norrænni menningu og býr yfir miklum listrænum gæðum. Kvikmyndin á einnig að sýna listræna nýsköpun og jafnframt þróa kvikmyndalistina með því að sameina hinar ýmsu hliðar hennar í sannfærandi og heilsteyptu verki.

Hinir myndirnar sem keppa um verðlaunin eru Submarino frá Danmörku, Miesten Vuoro frá Finnlandi, Upperdog frá Noregi og Metropia frá Svíþjóð. Allar tilnefndu myndirnar verða sýndar í Reykjavík á vegum Græna ljóssins, dagana 29. október til 4. nóvember í Háskólabíói. Tilkynnt verður um verðlaunahafa kvikmyndaverðlauna Norðurlandaráðs 20. október og verðlaunin verða síðan afhent á Norðurlandaráðsþingi í Reykjavík þriðjudaginn 2. nóvember.

The Good Heart kom út í mars síðastliðnum og hlaut góðar viðtökur. Með aðalhlutverkin fara Hollywood-leikararnir Brian Cox og Paul Dano. Myndin fjallar um hjartveikan bareiganda sem tekur ungan, heimilislausan mann undir sinn verndarvæng með það að markmiði að hann taki við rekstri barsins.



**THE GOOD HEART** Kvikmyndin The Good Heart er framlag Íslands til kvikmyndaverðlauna Norðurlandaráðs.





INNANHÚSSTÍLISTANÁM

**Dæmi um það sem tekið er fyrir í náminu:**
Lita- og línufræði
Tónalgreining
Vaxtarbygging
Heitt og kalt rými
Stórt og lítið rými
Uppröðun hluta
**Stílistun á:**
Baðherbergi
Svefnherbergi
Barnaherbergi
Eldhúsi
Garðhýsi
Stofu
Og margt fleira.

The Academy of Colour and Style býður nú upp á nám í innanhússtílistun. Farið er í helstu grunnþætti í lita- og línufræði. Einnig er kennt að meta stíl út frá persónunni sjálfri. Þá er hún greind út frá vaxtarbyggingu og litgreiningu en þær upplýsingar segja mikið til um hvernig einstaklingur vill hafa sitt nánasta umhverfi eins og liti og stíl. Nemendur vinna svo verkefni í hverri viku og taka þá fyrir stílistun á stofu, baðherbergi, barnaherbergi o.fl. Gestafyrirlesarar koma í tíma og kynna fyrir nemendum ýmis atriði sem koma þeim til góða.
Hver önn tekur þrjá mánuði. Kennsla fer fram í Tækniskólanum einu sinni í viku frá 18-22.


Anna F. Gunnarsdóttir *Stílisti*


Helga Sigurbjarnadóttir *Innanhúsarkitekt*


Þorsteinn Haraldsson *Byggingafræðingur*

UPPLÝSINGAR OG SKRÁNING Í SÍMA 533 5101



Þú færð Fréttablaðið á kostnaðarverði á 90 stöðum um land allt. Nánari upplýsingar á visir.is/dreifing




Allt sem þú þarft...


# Stórafmæli Sniglabandsins

**Sniglabandið hefur verið starfrækt í 25 ár og ávallt notið mikilla vinsælda. Afmælistónleikar verða haldnir í Borgarleikhúsinu á laugardaginn.**

25 ár eru liðin síðan hin ástæla hljómsveit Sniglabandið hélt sína fyrstu tónleika. Hún ætlar að fagna afmælinu með tónleikum á Stóra sviðinu í Borgarleikhúsinu á laugardaginn.

„Við erum búnir að undirbúa þetta leynt og ljóst þetta árið. Bandið hefur verið að spila mikið frá því snemma í vor og þá hafa þetta verið meiri tónleikar en dansleikir,“ segir Pálmi Sigurhjartarson, liðsmaður Sniglabandsins.

Hann segir að sveitinni hafi láðst að halda upp á tuttugu ára afmælið sitt og því hafi ekki annað komið til greina en halda veglega upp á þetta afmæli. „Þess vegna ákváðum við að gera vel við okkur á þessu ári,“ segir hann.

Í tilefni tímamótanna kemur út þriggja diska pakki frá Sniglabandinu í október. Einn diskurinn verður með bestu lögunum, annar með tónleikaupptökum og sá þriðji verður DVD-mynddiskur sem var tekinn upp á vel heppnuðum tónleikum í Borgarleikhúsinu fyrir þremur árum.

Hljómsveitin leggur mikið upp úr sjónrænni upplifun á afmælistónleikunum, enda hefur hún unnið töluvert í leikhúsi í gegnum árin. Margir góðir gestir mæta til leiks, þar á meðal félagar úr Gospelkór Reykjavíkur, Lögreglukór Reykjavíkur, Sinfóníuhljómsveitin Islam, og lúðrasveitin Svanur.

25 ár eru langur tími í sögu einnar hljómsveitar. Bandið var stofnað af Skúla Gautasyni og hafði á að skipa félögum úr Bifhjólasamtökum lýðveldisins, Sniglum. Nafngiftin var því nánast sjálfgefin. Í áranna rás öðlaðist Sniglabandið sjálfstæði frá mótorhjólaheiminum og hefur fremur verið þekkt fyrir ólíkindi og óvæntar uppákomur og framúrskarandi hljóðfæraleik.

Pálmi er með yngsta starfsaldur allra meðlimanna, eða átján ár. Hann segir að tíminn í Sniglabandinu hafi verið mjög skemmtilegur og vafalítið hafi engan órað fyrir því í upphafi að sveitin ætti eftir að starfa svona lengi. Hún hefur þó tekið sínar pásur, eins og nauðsynlegt er. „Eins og með svo margt þá verða menn að taka sér hlé og koma aftur til að halda geðheilsunni á þessum íslenska markaði,“ segir hann og hvetur fólk til að mæta í Borgarleikhúsið og gleðjast með Sniglunum á laugardaginn.



**SNIGLABANDIÐ** Hljómsveitin Sniglabandið heldur upp á 25 ára afmælið sitt með tónleikum á laugardagskvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI






# Airwaves til Akureyrar

Tónlistarhátíðin Iceland Airwaves heldur tónleika í tengslum við Akureyrarvöku um næstu helgi. Tónleikarnir fara fram á Græna hattinum og koma þar fram hljómsveitirnar Bloodgroup, Endless Dark, Sjálfsprottinn Spévísi og Buxnaskjóna en þær eiga það sameiginlegt að vera af landsbyggðinni. Tónleikarnir eru á laugardagskvöldið og húsið verður opnað kl. 22. Aðgangur er ókeypis.



**BLOODGROUP** Er meðal þeirra hljómsveita sem spila á Akureyrarvöku í tengslum við Airwaves-hátíðina.




# ÍSLENSK GÆÐARÚM

**Framleiðum rúm í öllum stærðum!**

**30% AFSLÁTTUR**



## FAGLEG RÁÐGJÖF OG
## FRÍ LEGUGREINING

RúmGott býður öllum viðskiptavinum upp á fría legugreiningu með hinum byltingarkennda Xsensor Medical Pro búnaði.

**HVENÆR ER ÞÖRF Á LEGUGREININGU?**

**Finnurðu fyrir eymslum í mjóbaki?**
**Vaknarðu oft með verki í mjöðm?**
**Finnurðu fyrir eymslum eða dofa í öxlunum?**
**Sefurðu illa vegna annara óþæginda?**

- **hryggskekkju**
- **brjósklos**
- **samföllnum hryggjaliðum**
- **spengdum hryggjaliðum**
- **gigt, til dæmis:** **slitgigt, vefjagigt eða liðagigt.**

**FREMSTIR Í FRAMLEIÐSLU Á HEILSUDÝNUM**



## 30% AFSLÁTTUR
**AF ÍSLENSKUM HEILSURÚMUM ÚT ÁGÚST**

**VERÐDÆMI:**
Íslensk rúm:
90 x 200 cm - Verð frá kr. 58.000,-
160 x 200 cm (2 dýnur) - Verð frá kr. 139.226,-

Dýnur:
80 x 200 cm - Verð frá kr. 39.473,-



## ÖLL ARINELDSTÆÐI Á 50% AFSLÆTTI

**EITT BESTA VERÐ LANDSINS Á GEL / ETHANOL ARINELDSTÆÐUM.**

**Ethanol uppkveikilögur 2L. Kr. 1.600,-**



## VIÐ FRAMLEIÐUM ÞITT RÚM EFTIR ÞÍNUM ÓSKUM

**Rúmgott framleiðir svæðaskiptar hágæða heilsudýnur í öllum stærðum.**

Löggiltir dýnuframleiðendur, starfandi í 60 ár

**RúmGott** · Smiðjuvegi 2 (við hliðina á Bónus) · Kópavogi · Sími 544 2121
Opið virka daga frá kl. 10-18 og laugardaga kl. 11-16 · www.rumgott.is

VERSLUNIN Rúm Gott ÍSLENSK HEILSURÚM

NÝTT Í BÍÓ
LAUGARÁS BÍÓ Sími: 553 2075 - bara lúxus







LAUGARÁS BÍÓ SÝNINGARTÍMAR

| | | |
|---|---|---|
| SCOTT PILGRIM | 3.50, 5.45, 8 og 10.15 | 16 |
| EXPENDABLES | 3.50, 5.45, 8 og 10.15(P) | 12 |
| SALT | 6 og 10.10 | 16 |
| LAST AIRBENDER 3D | 3.50 | 10 |
| LAST AIRBENDER 2D | 8 | 10 |

SAMBÍÓIN




SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| HUNDAR OG KETTIR 2-3D M/ ísl. Tali | kl. 4 - 6 | L |
| HUNDAR OG KETTIR 2 M/ ísl. Tali | kl. 4 - 6 | L |
| LETTERS TO JULIET | kl. 5:50 - 8 - 10:20 | L |
| SALT | kl. 8 - 10:10 - 10:50 | 14 |
| THE SORCERER´S APPRENTICE | kl. 8 - 10:20 | 7 |
| INCEPTION | kl. 7 - 8 - 10 | 12 |
| INCEPTION | kl. 5 - 8 | VIP |
| SHREK SÆLL ALLA DAGA M/ ísl. Tali | kl. 4 - 6 | L |
| LEIKFANGASAGA 3 M/ ísl. Tali | kl. 4:20 | L |
| LEIKFANGASAGA 3-3D M/ ísl. Tali | kl. 3:40 | L |

SAMBÍÓIN SELFOSSI

| | | |
|---|---|---|
| HUNDAR OG KETTIR 2 M/ ísl. Tali | kl. 8 | L |
| KNIGHT AND DAY | kl. 10 | 12 |
| KARATE KID | kl. 8 | L |
| 22 BULLETS | kl. 10:50 | 16 |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

| | | |
|---|---|---|
| LETTERS TO JULIET | kl. 8:10 - 10:30 | L |
| HUNDAR OG KETTIR 2-3D M/ ísl. Tali | kl. 4 - 6 | L |
| THE LAST AIRBENDER-3D | kl. 5:50 - 8 | 7 |
| THE SORCERER´S APPRENTICE | kl. 5:40 - 10:50 | 7 |
| INCEPTION | kl. 8 - 10:10 | 12 |
| SHREK SÆLL ALLA DAGA-3D M/ ísl. Tali | kl. 3:40 | L |
| LEIKFANGASAGA 3 M/ ísl. Tali | kl. 3:40 | L |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| CATS & DOGS-3D ísl tal | kl. 6 | L |
| LETTERS TO JULIET | kl. 8 - 10 | L |
| SHREK SÆLL ALLA DAGA M/ ísl. Tali | kl. 6 | L |
| THE SORCERER'S APPRENTICE | kl. 8 | 7 |
| INCEPTION | kl. 10:20 | 12 |

NÝTT Í BÍÓ!




SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000

| | | |
|---|---|---|
| SCOTT PILGRIM vs THE WORLD | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | 12 |
| THE EXPENDABLES | kl. 5.40 - 8 - 10.20 | 16 |
| THE EXPENDABLES LÚXUS | kl. 5.40 - 8 - 10.20 | 16 |
| VAMPIRES SUCK | kl. 4 - 6 - 8 - 10 | 12 |
| SALT | kl. 8 - 10.10 | 14 |
| THE LAST AIRBENDER 3D | kl. 3.20 | 10 |
| LJÓTI ANDARUNGINN OG ÉG | kl. 3.30 (650 kr.) | L |
| KARATE KID | kl. 5.10 | L |
| SHREK 4 2D ÍSL TAL | kl. 3.30 | L |

facebook.com/smarabio

HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919

| | | |
|---|---|---|
| THE EXPENDABLES | kl. 5.40 - 8 - 10.20 | 16 |
| SALT | kl. 5.50 - 8 - 10.10 | 14 |
| THE KARATE KID | kl. 6 - 9 | L |
| BABIES | kl. 6 - 8 - 10 Síðustu sýningar | L |

BORGARBÍÓ SÍMI 462 3500

| | | |
|---|---|---|
| SCOTT PILGRIM vs THE WORLD | kl. 8 - 10.10 | 12 |
| THE EXPENDABLES | kl. 8 - 10 | 16 |
| VAMPIRES SUCK | kl. 6 | 12 |
| SALT | kl. 6 | 14 |

# Styrktartónleikar fyrir Kaffi Flóka

„Þetta verður svona manneskjuvænt kaffihús fyrir alla," segir Edgar Smári Atlason, söngvari og einn af aðstandendum Kaffi Flóka, sem er kaffihús/matstofa rekið af og fyrir unga geðfatlaða einstaklinga. Styrktartónleikar fyrir kaffihúsið verða haldnir á morgun þar sem valinkunnir tónlistarmenn koma fram. Allur ágóðinn mun renna til Kaffi Flóka en það er hið fyrsta sinnar tegundar á Íslandi en sams konar rekstur fyrir geðfatlaða einstaklinga tíðkast mikið í nágrannalöndunum. Kaffihúsið er á horni Hverfisgötu og Snorrabrautar. „Þetta var í raun upphaflega hugmynd fólkins á Flókagötuheimilinu en þau vildu fá að spreyta sig við að vinna í þjónustustörfum. Þar sem það er ekki mikið í boði kom þessi hugmynd upp, að opna kaffihús sem er fyrir alla en er rekið af þeim með okkar aðstoð," segir Edgar og bætir við að það geti verið mjög erfitt fyrir fólk sem þjáist af geðsjúkdómum að koma inn á kaffihús eða gera hluti sem eru flestum hverdagslegir.

„Hugmyndin um tónleikana kom í sumar þegar við byrjuðum að vinna að opnun kaffihússins en ég þekki það af eigin raun að það kostar ýmislegt að reka kaffihús," segir Edgar Smári sem hefur áður unnið á kaffihúsi föður síns. „Ég ákvað bara að hringja í alla þá sem ég hef verið að vinna með undanfarið eins og til að mynda Stebba Hilmars, Guðrúnu Gunnars, Ellen Kristjánsdóttur og Pétur Hallgríms, og svo Gospelkórinn. Það voru allir tilbúnir til að leggja hönd á plóg til að styrkja málefnið og krakkana," segir Edgar en hann lofar flottum tónleikum og vonast til að sem flestir sjái sér fært um að mæta. Miðaverð er 2.000 kr. og fást þeir í Fíladelfíu.

**- áp**




**MANNESKJUVÆNT** Það eru allir velkomnir á Kaffi Flóka sem verður opnað í næstu viku. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Milljarðaskilnaður Tigers

**Tiger Woods og Elin Nordegren er formlega skilin eftir sex ára hjónaband. Ekki liggur fyrir hversu háa fjárhæð Elin fær frá Tiger en þau munu hafa sameiginlegt forræði yfir börnunum tveimur.**



**SKILIN** Tiger, Elin og Sam Alexis Woods á meðan allt lék í lyndi. Nú eru þau hins vegar skilin eftir að upp komst um framhjáhald kylfingsins.

Tiger og Elin komu fyrir dómara í Panama City á Flórída til að hlýða á úrskurð dómara í skilnaðarmáli þeirra. Í kjölfarið sendu þau út sameiginlega fréttatilkynningu þar sem kom fram að velferð barnanna þeirra tveggja, hinnar fjögurra ára gömlu Sam og hins átján mánaða gamla Charlie, hefði verið höfð að leiðarljósi við skilnaðinn.

„Þegar það lá fyrir að hjónabandinu væri lokið var það okkar meginatriði að tryggja börnunum okkar góða framtíð. Næstu vikur og mánuðir verða þeim erfiðir þar sem þau þurfa að aðlagast nýjum aðstæðum. Þess vegna er það okkur mikilvægt að tryggja friðhelgi einkalífsins," segir í yfirlýsingunni. Fram kom á vefmiðlum að bæði Tiger og Elin hefðu farið á sameiginlegt foreldranámskeið til að geta undirbúið börnin sem best fyrir skilnaðinn og þau létu það koma skýrt fram í yfirlýsingunni að þau hygðust halda góðu sambandi, barnanna sinna vegna. Þær fréttir eru þó misvísandi, bandarískir fjölmiðlar héldu því fram að þau hefðu ferðast saman til Panama í einkaþotu en sænski vefurinn Expressen sagði að þau hefðu reynt að forðast hvort annað í lengstu lög þegar þau komu í réttarsalinn.

Annars vita bandarískir fjölmiðlar lítið um smáatriði skilnaðarsamningsins. Flestir hallast að því að Elin fái heimili þeirra hjóna í Orlando og húseign sem hún keypti á sænskri eyju. Hins vegar er á reiki hversu háa fjárhæð Elin fær frá Woods sem er einn ríkasti íþróttamaður heims, tölur frá tólf milljörðum og upp í sextíu milljarða hafa verið nefndar en flestir fjölmiðlar hallast að því að Elin hafi verið gert að þegja um hjónabandið á opinberum vettvangi. Elin skrifaði undir kaupmála þegar hún gekk að eiga Woods enda var hann þá þegar hæstlaunaði íþróttamaður heims. Blaðamaður Wall Street Journal skrifaði á vef blaðsins að sú saga gengi á gjaldeyrismarkaðinum að fréttir af skilnaðinum hefðu haft áhrif á gengi sænsku krónunnar gagnvart dollaranum í skamma stund. Bandarískir fjölmiðlar hafa jafnframt komist á snoðir um að Elin hafi sett það sem skilyrði að Tiger mætti ekki kynna nokkra konu fyrir börnunum sínum nema hann hefði ákveðið að ganga í hjónaband með henni.

Níu mánuðir eru liðnir síðan tilkynnt var að Tiger hefði klesst glæsibifreið sína fyrir utan heimili sitt í Orlando. Talsmenn Tigers reyndu í fyrstu allt hvað þeir gátu til að kveða niður fréttir af árekstrinum en skömmu síðar kom í ljós kom að hann hafði átt fjölda hjákvenna sem flestar staðfestu samband sitt við kylfinginn.

Framhjáhaldið varð Tiger mikill álitshnekkir, hann hefur ekki náð sér á strik á golfvellinum og ímynd hans þykir svo löskuð að flestir eru þess fullvissir að hann nái ekki aftur þeim vinsældum sem hann hafði umfram aðra íþróttamenn.

## HJÓNABANDIÐ Í HNOTSKURN

**Júlí 2001**: Elin kemur með sænska kylfingnum Jesper Parnevik og eiginkonu hans, Miu, á Opna breska golfmótið sem þá fór fram á Royal Lytham og St. Annes-golfvellinum á Englandi. Mia kynnir Elin fyrir Tiger en hann hafði fallið fyrir henni ári fyrr.

**Nóvember 2003**: Elin og Tiger sjást í fyrsta skipti opinberlega saman í móttökuathöfn Forsetabikarins í Suður-Afríku og það sama ár var það gert opinbert að þau væru trúlofuð eftir að Tiger skellti sér á skeljarnar í Shamwari-garðinum.

**Október 2004**: Elin og Tiger ganga í það heilaga á hótelinu Sandy Lane á Barbados. 150 gestum er boðið, þar á meðal Opruh Winfrey, Michael Jordan og Charles Barkley. Brúðkaupið er sagt hafa kostað 250 milljónir íslenskra króna enda leigði Tiger hótelið og golfvöll í grennd í heila viku.



**Júní 2007**: Fyrsta barn þeirra hjóna, Sam Alexis Woods, kemur í heiminn aðeins degi eftir að Tiger lenti í öðru sæti á US Open, einu af stóru mótunum fjórum á PGA-mótaröðinni í golfi.

**Febrúar 2009:** Charlie Axel Woods kemur í heiminn.

**Desember 2009:** Mikið fjölmiðlafár hefst eftir að Tiger ekur glæsibifreið sinni á brunahana fyrir utan heimili þeirra. Í ljós kemur að Hr. Fullkominn, eins og Woods var stundum kallaður, hafði átt fjölda ástkvenna og var séður.

**Ágúst 2010:** Skilnaður Tigers Woods og Elin Nordegren gengur í gegn.

# Játaði fyrir rétti



**GEORGE MICHAEL** Popparinn hefur játað að hafa ekið undir áhrifum kannabisefna.

Breski popparinn George Michael hefur viðurkennt fyrir rétti að hafa ekið Range Rover-bifreið sinni inn í verslun undir áhrifum kannabisefna. Hann játaði einnig að hafa haft í fórum sínum kannabissígarettur til eigin nota.

Atvikið átti sér stað snemma morguns 4. júlí. Bíllinn var enn í gangi þegar lögreglan kom á vettvang og þegar hún ætlaði að handsama hinn 47 ára Michael ætlaði hann að aka af stað. Yfirheyrslan yfir popparanum tók fimmtán mínútur og játaði hann afbrot sín. Þetta er ekki í fyrsta sinn sem Michael kemst í kast við lögin en oftast nær hafa eiturlyf komið þar við sögu. Ekki hefur verið ákveðið hvenær verður dæmt í máli hans.

# Hneyksli í X-Factor

Simon Cowell var borinn þungum sökum af bresku pressunni í gær eftir að upp komst að aðstandendur raunveruleikaþáttarins X-Factor hefðu beitt svokallaðri Auto Tune-tækni á suma keppendur. Auto Tune virkar þannig að röddin er lagfærð þannig að hún hljómi örugglega í réttri tóntegund.

Sjöunda þáttaröðin af X-Factor var frumsýnd á laugardaginn en metáhorf var á fyrsta þáttinn. Simon Cowell á heiðurinn að þessum þáttum en hann hyggst gera ameríska útgáfu á næsta ári. Forsvarsmenn þáttanna vísa öllum ásökunum um svindl á bug og segjast ekki hafa óhreint mjöl í pokahorninu. Í yfirlýsingu sem þeir sendu fjölmiðlum á mánudag kom fram að dómarar hefðu heyrt sönginn ómengaðan í áheyrnarprufum, hins vegar hefði verið tekin sú ákvörðun að klippa aðeins og lagfæra söng nokkurra söngvara fyrir áhorfendur heima í stofu.



**Í VONDUM MÁLUM** Simon Cowell og félagar í X-Factor gætu verið í vondum málum en nokkrir keppendur í nýjustu þáttaröðinni fengu aðstoð frá autotune-forriti.



**SUBBA** Britney Spears er að sögn vina ekki aðdáandi baðferða.

NORDICPHOTOS/GETTY

# Illa lyktandi söngkona

**Samkvæmt slúðurritum vestan hafs hefur unnusti söngkonunnar Britney Spears sett henni úrslitakosti, annaðhvort þvær hún sér eða hann mun slíta sambandinu.**

**Jason Trawick ku vera orðinn þreyttur á vondri lykt af söngkonunni og heimtar að hún þvoi sér oftar. „Britney er ekki týpan sem notar vel lyktandi rakakrem. Hún þolir ekki að þvo á sér hárið og stundum lyktar hún einfaldlega mjög illa," var haft eftir vini söngkonunnar sem segir hana oft ekki baða sig svo dögum skiptir.**



**BARNEIGNIR** Lewis Hamilton og Nicole, unnusta hans, eru sögð hafa hug á að eignast barn.

# Langar mjög í barn

Bandaríska söngkonan Nicole Scherzinger hefur bæst í hóp þeirra frægu kvenna sem vilja fjölga mannkyninu. Breska tímaritið Hello! heldur því fram að hún hafi rætt málið við unnusta sinn, Formúlu 1-ökuþórinn Lewis Hamilton. Hann er víst líka sagður vera ákaflega áhugasamur um að verða pabbi og hefur sagt við unnustu sína að hún yrði hin fullkomna móðir.

Nicole og Lewis hættu saman í janúar á þessu ári eftir tuttugu mánaða samband. Þau báru það fyrir sig að ferill þeirra beggja væri svo tímafrekur. En ástin dró þau aftur saman og nú virðist allt leika í lyndi því innanbúðarmenn í herbúðum parsins halda því fram að parið hafi trúlofað sig á Havaí nýlega. „Þau ætla að tilkynna um brúðkaupið í haust en þau ætla að bíða með að tilkynna þetta þar til Formúlu 1-tímabilinu er lokið," lét einn heimildarmaður hafa eftir sér í samtali við Hello!

bmvalla.is




Hausttilboð á garðvörum

- blómaker, garðbekkir, ljósastólpar, sorptunnuskýli, þrep og fjölmargt fleira sem fegrar og bætir umhverfið

25% afsláttur HAUSTTILBOÐ

Heimsókn í Fornalund kveikir ótal nýjar hugmyndir. Sérfræðingar okkar í Fornalundi aðstoða þig við að breyta garðinum þínum í sannkallaðan sælureit.

Pantaðu ókeypis landslagsráðgjöf í síma 412 5050
Nánari upplýsingar á bmvalla.is

Íslensk hönnun, íslenskt hráefni, íslensk framleiðsla, íslensk gæði!

GÆÐAKERFI VOTTAÐ ÍST ISO 9001

Söludeild :: Fornalundi, Breiðhöfða 3 :: Sími: 412 5050
Söludeild :: Akureyri :: Sími: 412 5202
Söludeild :: Reyðarfirði :: Sími: 412 5252
Netfang :: sala@bmvalla.is

BM·VALLÁ

argus 10-0075

## > Ísland mætir Eistlandi í dag

Íslenska landsliðið leikur í dag sinn lokaleik í undankeppni HM 2011 í knattspyrnu. Liðið á ekki möguleika á að komast í úrslitakeppnina sem fer fram í Þýskalandi. Sigurður Ragnar Eyjólfsson landsliðsþjálfari tilkynnti í gær byrjunarlið sitt og gerði þrjár breytingar frá 1-0 tapleiknum gegn Frökkum á laugardaginn. Sandra Sigurðardóttir stendur í marki Íslands en Guðbjörg Gunnarsdóttir er veik og Þóra B. Helgadóttir veik. Þá koma þær Guðný Björk Óðinsdóttir og Hallbera Guðný Gísladóttir inn í liðið í stað Hólmfríðar Magnúsdóttur og Dagnýjar Brynjarsdóttur.




# sport

sport@frettabladid.is

**ÞÓRODDUR HJALTALÍN YNGRI Í ELDLÍNUNNI:** LANGAÐI AÐ TJÁ SIG EN TELUR SIG EKKI MEGA ÞAÐ

# *Mjög óæskilegt að dómarar séu að tjá sig*

Það var mikið rætt á kaffistofum landsins í gær um rauða spjaldið sem Þóroddur Hjaltalín yngri gaf Blikanum Elfari Frey Helgasyni. Spjaldið var klárlega rangur dómur og það sem meira er þá er þetta í þriðja skiptið á þessu tímabili sem Þóroddur rekur Elfar af velli.

Fréttablaðið freistaði þess að ræða málið við Þórodd í gær en hann sagði það vera tilmæli dómaranefndar að dómarar tjáðu sig ekki um atvik í leikjum né almennt. Hann tók þó fram að í þessu tilviki hefði hann viljað tjá sig.

Fréttablaðið sló því á þráðinn til Gylfa Þórs Orrasonar, formanns dómaranefndar, og spurði hann að því hvort íslenskir dómarar væru múlbundnir?

„Við höfum óskað eftir því að dómarar séu ekki að gefa einhverjar yfirlýsingar því það lagar sjaldnast eitthvað. Það að dómarar séu í einhverjum játningatímum strax eftir leiki er ekki talið vera til góðs. Ef hann viðurkennir mistök þá skuldar hann því liði.

Það er það sem liggur að baki. Það er verið að koma í veg fyrir slíkar uppákomur. Ef dómarar viðurkenna mistök gegn ákveðnu liði þá eru þeir undir meiri pressu er þeir dæma hjá því liði næst að okkar mati,“ sagði Gylfi Þór en hann hefur ekkert á móti því að dómarar tjái sig almennt.

Hvað ef dómarar hunsa samt þessi fyrirmæli nefndarinnar og tjá sig? Lenda þeir þá í slæmum málum hjá dómaranefndinni?

„Nei, hópurinn vill heilt yfir hafa þetta svona. Það er mjög óæskilegt að menn tjái sig. Við leggjum það til að ef menn vilja gera það þá ráðfæri þeir sig við okkur og tjái sig um af hverju þeir vilja fara í fjölmiðla. Auðvitað er það samt erfitt fyrir dómara að liggja undir ásökunum sem þeir eru ósáttir við.“





**Í BARÁTTUNNI** Aron Pálmarsson horfir hér á eftir Michael Kraus, leikmanni Hamburg. FRÉTTABLAÐIÐ/BONGARTS

Hamburg vann Kiel í gær:

## Aron með þrjú

**HANDBOLTI** Aron Pálmarsson skoraði þrjú mörk er Kiel tapaði fyrir Hamburg, 27-26, í hinum árlega Supercup-leik í gær. Þar mætast deildar- og bikarmeistarar síðasta árs.

Staðan í hálfleik var 13-11, Hamburg í vil, sem náði þar með að hefna fyrir ófarir síðasta árs þegar Kiel fór langt með að tryggja sér þýska meistaratitilinn með sigri á Hamburg undir lok tímabilsins.

Hamburg komst í 4-0 og hélt forystunni allt til enda. Kiel náði að minnka muninn í eitt mark á lokamínútu leiksins en nær komust lærisveinar Alfreðs Gíslasonar ekki. **- esá**




BURSTAR í vélsópa á lager
- flestar stærðir
AFLVÉLAR
Vesturhrauni 3 · 210 Garðabæ.
Sími 480-0000 · www.aflvelar.is


# Við söknum allir Loga

## Óskar Örn Hauksson átti magnaðan leik með KR gegn Val. Hann skoraði tvö góð mörk og lagði upp tvö önnur í 4-1 sigri KR á Hlíðarendaliðinu.

**FÓTBOLTI** KR er heitasta liðið í Pepsi-deildinni um þessar mundir. Liðið hefur unnið alla leiki sína í deildinni síðan Rúnar Kristinsson tók við þjálfarastöðunni af Loga Ólafssyni. Úrslit síðustu vikna hafa gert það að verkum að vinni KR þá leiki sem það á eftir verður liðið meistari.

Óskar Örn Hauksson fór fyrir liði KR þegar það skoraði fjögur mörk gegn Val á aðeins tíu mínútna kafla í gær. Óskar skoraði tvö mörk og lagði upp tvö önnur.

„Það er alltaf gaman þegar vel gengur. Ég veit samt ekki hvort þetta var minn besti leikur í sumar. Ég hef átt betri leiki heilt yfir,“ sagði Óskar Örn hógvær en mörkin hans tvö voru lagleg þó svo að Kjartan Sturluson hefði hugsanlega mátt gera betur í fyrra markinu.

„Honum til varnar var þetta gríðarlega fast skot hjá mér. Ég vil ekki alfarið kenna honum um þetta. Þetta var hörkuskot hjá mér. Seinna markið var draumamark þar sem boltinn fór sem betur fer inn en ekki út. Ég skora reglulega með föstum skotum. Við vinstri fótarmenn erum oftar fastari en þessir hægri fótarmenn.“

Óskar Örn segir að eðlilega sé betri stemning í hópnum hjá KR eftir að það fór að ganga betur hjá liðinu og það fór að eygja aftur von um að gera eitthvað í sumar.

„Bikarleikurinn var svolítið högg í andlitið en við létum það ekki slá okkur út af laginu. Það helst alltaf í hendur góð stemning og gott gengi,“ sagði Óskar Örn en hvað gerðist eiginlega hjá liðinu eftir að Logi fór?

„Ég veit það ekki alveg. Þetta snerist að mínu mati ekkert bara um Loga. Það var auðveldara að reka þjálfarann en liðið. Ég hef lent oft í þjálfaraskiptum og í öll skiptin virðist koma einhver kraftur í liðin í kjölfarið. Ég get ekki útskýrt almennilega af hverju það gerist.

Það vita allir að við erum betri en við sýndum í fyrri umferðinni. Fyrstu tveir leikirnir í mótinu slógu okkur út af laginu og menn urðu eitthvað hræddir. Fóru inn í sig og voru eitthvað litlir. Menn þoldu ekki mótlætið,“ sagði Óskar en hann vill alls ekki meina að leikmenn hafi verið orðnir þreyttir á Loga. Þvert á móti ber Óskar honum vel söguna.

„Hann er einn skemmtilegasti maður sem ég hef kynnst og það sakna hans allir úr klefanum. Ég held ég tali fyrir hönd okkar allra þegar ég segi að okkur fannst leiðinlegt að sjá á bak Loga.“

Engu að síður hefur komið einhver kraftur með Rúnari sem var einn af aðstoðarmönnum Loga og sat á bekknum með liðinu áður en hann tók við.

„Hann hefur breytt því að við erum farnir að vinna leiki. Þegar hann tekur við byrja menn á núllpunkti og nýtt mót byrjar hjá okkur. Við vinnum fyrsta leikinn og þá fer boltinn að rúlla.

Sjálfstraustið eykst og stemningin verður betri. Þetta var orðið sálfræðilegt hjá okkur en sjálfstraustið er í topplagi núna. Það eru miklir úrslitaleikir eftir af mótinu og við ætlum að vinna þá,“ sagði kokkhraustur Óskar Örn Hauksson.

henry@frettabladid.is



**Á FLEYGIFERÐ** Óskar Örn Hauksson sést hér í baráttu við Stjörnumanninn Steinþór Frey Þorsteinsson fyrr í sumar. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

**Lið umferðarinnar:**

**3-5-2:**

| | |
|---|---|
| Daði Lárusson | Haukar |
| Jordao Diogo | KR |
| Daníel Einarsson | Haukar |
| Jón Guðni Fjóluson | Fram |
| Almarr Ormarsson | Fram |
| Arnar Gunnlaugsson | Haukar |
| Óskar Örn Hauksson | KR |
| Ásgeir Ingólfsson | Haukar |
| Hafþór Ægir Vilhjálmsson | Grindavík |
| Hörður Sveinsson | Keflavík |
| Atli Viðar Björnsson | FH |



**Á WEMBLEY** Fabio Capello, landsliðsþjálfari Englands, hitti sendinefnd FIFA á þjóðarleikvangi Englendinga í gær. NORDIC PHOTOS/GETTY

Alex Ferguson:

## Vill fá HM til Englands

**FÓTBOLTI Alex Ferguson, stjóri Manchester United, styður boð enska knattspyrnusambandsins um að halda HM í knattspyrnu árið 2018. Umsóknarferlið stendur nú yfir og hefur sendinefnd frá FIFA skoðað aðstæður í Englandi undanfarna daga.**

**„Allar aðstæður fyrir leikmenn og áhorfendur eru eins og best verður á kosið,“ sagði Ferguson. „Þetta yrði afar eftirminnilegur atburður fyrir alla heimsbúa.“**

**HM hefur einu sinni áður farið fram í Englandi, árið 1966. Alls fimm boð hafa borist um að halda HM árið 2018.** **- esá**

Pepsi-deild karla:

## Tíu í leikbann

**FÓTBOLTI** Tíu leikmenn úr Pepsi-deild karla voru úrskurðaðir í eins leiks bann á fundi aganefndar KSÍ í gær. Þeirra á meðal eru Björn Daníel Sverrisson og Ólafur Páll Snorrason úr FH og Bjarni Guðjónsson og Kjartan Henry Finnbogason úr KR og missa þeir því af toppslag liðanna í deildinni á mánudaginn kemur. **- esá**

## ÚRSLIT

*Meistaradeild Evrópu*

**UMSPIL, SÍÐARI LEIKIR:**

| | |
|---|---|
| **Hapoel Tel Aviv - Red Bull Salzburg** | **1-1** |
| Hapoel Tel Aviv vann samanlegt, 4-3. | |
| **Sheriff Tiraspol - FC Basel** | **0-3** |
| FC Basel vann samanlagt, 4-0. | |
| **Anderlecht - Partizan Belgrad** | **2-2** |
| Samanlagt 4-4. Partizan vann í vítaspyrnukeppni. | |
| **Sevilla - Sporting Braga** | **3-4** |
| Sporting Braga vann samanlagt, 5-3. | |
| **Sampdoria - Werder Bremen** | **3-2** |
| Werder Bremen vann samanlagt, 5-4. | |


LOKADAGAR SPARIDAGA....!

Tefal 20% afsláttur

FRÁBÆRIR POTTAR OG PÖNNUR
Margar stærðir og gerðir

AEG LAVAMAT 52840

AEG
AEG þvottavél
1200 snúninga · Tekur 6 kg · Öll þvottakerfi
ÍSLENSKT STJÓRNBORÐ
LISTAVERÐ: 129.900,-
SPARIDAGAVERÐ: 99.900,-


ÞÚ SPARAR 80.000,-
· AEG OFN [B-4101-5-M]
· AEG HELLUBORÐ [HK634000 XB]
· AEG VEGGHÁFUR [DK 3160-M]
LISTAVERÐ: 289.900,-
SPARIDAGAVERÐ: 209.900,-
3 TÆKI Í PAKKA TILBOÐ
AEG FULLKOMIN LÖGUN OG LEIKNI

Nintendo

SPORT RESORTS OG MOTION+ FYLGIR FRÍTT MEÐ
Wii -LEIKJATÖLVAN SEM SLEGIÐ HEFUR ÖLL SÖLUMET
SPARIDAGAVERÐ: 39.900

SPARI DAGAR 2010
Sparidagar Ormsson í 10 ár
GÆÐI OG GOTT VERÐ FARA ALLTAF SAMAN HJÁ ORMSSON
Umboðsmenn um land allt!
LÁGMÚLA 8 · SÍÐUMÚLA 9 · SÍMI 530 2800 · WWW.ORMSSON.IS

HONDA
The Power of Dreams

# NÝR HONDA JAZZ

## - bíllinn sem getur







Ég get verið skynsami valkosturinn með frísklegri en sparneytinni Honda vél, þá veistu að eldsneytisnotkun verður í lágmarki, rekstrarkostnaður nánast enginn og umhverfið í fyrirrúmi. Ég get státað af verðlaunum frá ströngustu dómurum bílamarkaðarins – bíll ársins í Danmörku og Japan. Ég get verið skemmtilegur valkostur: Með töfrasætum er hægt að útbúa innanrýmið á ótal vegu til að flytja fimm skemmtilega ferðafélaga eða þann farangur sem þér hentar. Ég get tryggt fimm stjörnu öryggi allra um borð og fjögurra fyrir gangandi vegfarendur. Ég get komið hlaðinn staðalbúnaði, sem sjaldan sést í bíl af þessari stærð, en get samt boðið þér að bæta meiru við ef þig langar í þitt einstaka útlit. Ég get ótal margt og jafnvel meira til ef þú lætur þér detta eitthvað skemmtilegt í hug.

**Komdu og sjáðu hvað ég get – komdu og prófaðu mig - Honda Jazz.**

www.honda.is

BERNHARD
Sími 520 1100 • www.bernhard.is

**UMBOÐSAÐILAR:** Bílver - Bernhard, Akranesi, sími 431 1985 • Höldur, Akureyri, sími 461 6020 • Bernhard, Reykjanesbæ, sími 421 7800 • Bragginn, Vestmannaeyjum, sími 481 1535

> **Matt Damon**

„Það er miklu betra að vera þú sjálfur, í staðinn fyrir að vera einhver útgáfa af þeirri manneskju sem þú heldur að aðrir vilji að þú sért.“

***Matt Damon er meðal þeirra sem ljá sjónvarpsþáttunum The Simpsons rödd sína, en þættirnir eru á dagskrá Stöðvar 2 kl. 17.58 í kvöld.***



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ SUNNA VALGERÐARDÓTTIR FLIKKAR UPP Á LÍFIÐ

# *Litríkur samfélagsgluggi á kolsvörtum grunni*

Vefsíður eru gott og fróðlegt fyrirbæri. Þær eru eins misjafnar og þær eru margar og hafa flestar tekið miklum stakkaskiptum á síðustu árum. Litríkir bakgrunnar og skrautlegt letur hafa smám saman vikið fyrir auðveldu aðgengi að upplýsingum og einfaldri hönnun. Ef marka má niðurstöður hávísindalegrar könnunnar sem undirrituð gerði á Veraldarvefnum, eru um það bil 250 milljón vefsíður sem eru aðgengilegar almenningi í dag. Ég nota að jafnaði um það bil tíu. Utan vinnu, það er að segja. Fréttaveitur, samskiptasíður og upplýsingavefir eru vissulega á meðal þeirra, en það er ein til viðbótar sem ég hef vanið komur mínar á upp á síðkastið. Ætli hún sé ekki einhvers konar blanda af ofangreindu.

FlickMyLife er góð skemmtun. Svo ég vitni aftur í upphaf þessa pistils þá hefur glannaleg hönnun vikið fyrir aðgengi að upplýsingum í hennar tilviki – því að það er bara eitt sem fólk vill sjá þegar komið er inn á hana og það eru myndir. Afsakið, myndir og örlítill texti. Höfundur síðunnar er að mínu mati gleðipinni og glaumgosi mikill og auga hans fyrir því venjulega í umhverfinu er sett í einstaklega skemmtilegan farveg með viðvaningslegum, rauðum línum og stikkorðum sem útskýra val hans á myndum. Síðan er lítill og skemmtilegur gluggi inn í íslenskt samfélag og það er einnig forvitnilegt að sjá hversu stór flokkurinn „Aðsend LOL“ er orðinn. Höfundur virðist vera orðinn eins konar ritstjóri síðunnar, en almenningur sér alltaf meira og meira um að afla efnis. Vinsælir flokkar eins og Kolb in the Wild, Ekki meir Geir og Tvífarar eru orðnir furðulega vel þekktir innan samfélagsins, svo ekki sé minnst á flokka ýmissa vel þekktra einstaklinga innan fjölmiðlabransans.



FlickMyLife er vefsíða byggð á gamalli hugmynd – en það sem gerir hana skemmtilega er fólk með gott skopskyn. Það er stundum vöntun á því. Vel gert gert.

## MIÐVIKUDAGUR



▶ **18.00** Bee Movie STÖÐ 2 BÍÓ



▶ **20.10** Ugly Betty SJÓNVARPIÐ



▶ **21.40** Life SKJÁREINN



▶ **21.40** True Blood STÖÐ 2



▶ **22.10** White Collar STÖÐ 2 EXTRA

## SJÓNVARPIÐ

**16.40 Áfangastaðir - Skaftárhreppur** (11:12)
**17.05 Friðlýst svæði og náttúruminjar - Snæfell** (20:24)
**17.20 Táknmálsfréttir**
**17.30 Einu sinni var...lífið** (1:26)
**18.00 Disneystundin**
**18.01 Alvöru dreki** (52:52)
**18.23 Sígildar teiknimyndir** (22:26)
**18.30 Finnbogi og Felix** (8:12)
**18.54 Víkingalottó**
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veðurfréttir**
**19.35 Kastljós**
▶**20.10 Ljóta Betty** (73:85) (Ugly Betty)
**20.55 Fornleifafundir** (6:6) (Bonekickers) Breskur spennumyndaflokkur. Fornleifafræðingar frá Háskólanum í Bath grafa eftir merkum minjum og eiga í höggi við misindismenn.
**22.00 Tíufréttir**
**22.10 Veðurfréttir**
**22.20 Guð gafst upp á okkur - Týndu drengirnir frá Súdan** (God Grew Tired of Us: The Story of Lost Boys of Sudan) Margverðlaunuð bandarísk heimildamynd frá 2006 um þrjá pilta frá Súdan sem flýja til Bandaríkjanna eftir að hafa hrakist um Afríku í mörg ár.
**23.50 Af fingrum fram** (Jakob Frímann Magnússon) Textað á síðu 888 í Textavarpi.
**00.35 Kastljós** (e)
**01.10 Fréttir** (e)
**01.20 Dagskrárlok**

## BÍÓ

**06.20 Me, Myself and Irene**
**08.15 Ask the Dust**
**10.10 Employee of the Month**
**12.00 Bee Movie**
**14.00 Ask the Dust**
**16.00 Employee of the Month**
▶**18.00 Bee Movie**
**20.00 Me, Myself and Irene**
**22.00 Stardust**
**00.05 Gladiator**
**02.35 The Invasion**
**04.15 Stardust**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2** Brunabílarnir, Ævintýri Juniper Lee, Ofuröndin
**08.15 Oprah**
**08.55 Í fínu formi**
**09.10 Bold and the Beautiful**
**09.30 The Doctors**
**10.15 Auddi og Sveppi**
**11.00 Tim Gunn's Guide to Style** (6:8)
**11.45 Grey's Anatomy** (11:17)
**12.35 Nágrannar**
**13.00 Ally McBeal** (22:22)
**13.45 Ghost Whisperer** (10:23)
**14.40 E.R.** (13:22)
**15.30 Barnatími Stöðvar 2** Ofurmennið, Leðurblökumaðurinn, Brunabílarnir, Ofuröndin
**17.08 Bold and the Beautiful**
**17.33 Nágrannar**
**17.58 The Simpsons** (12:20)
**18.23 Veður** Markaðurinn.
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.47 Íþróttir**
**18.54 Ísland í dag**
**19.11 Veður**
**19.20 Two and a Half Men** (16:24)
**19.45 How I Met Your Mother** (14:20)
**20.10 Gossip Girl** (22:22) Þriðja þáttaröðin um líf ungra og fordekraðra krakka sem búa á Manhattan í New York.
**20.55 Mercy** (18:22) Dramatísk þáttaröð í anda Grey's Anatomy og ER.
▶**21.40 True Blood** (9:12) Önnur þáttaröðin um forboðið ástarævintýri gengilbeinunnar Sookie og vampírunnar Bill en saman þurfa þau að berjast gegn mótlæti íbúa smábæjarins Bon Temps í Louisiana.
**22.25 Nip/Tuck** (18:22) Fimmta serían af þessum vinsæla framhaldsþætti sem fjallar um skrautlegt og skrítið líf lýtalæknanna Seans McNamara og Christians Troy.
**23.10 NCIS: Los Angeles** (2:24)
**23.55 The Closer** (8:15)
**00.40 The Forgotten** (5:17)
**01.25 X-Files** (13:24)
**02.10 Grey's Anatomy** (11:17)
**02.55 E.R.** (13:22)
**03.40 Sjáðu**
**04.05 Racing for Time** Áhrifaríkt drama byggt á sönnum atburðum.
**05.30 Fréttir og Ísland í dag** (e)

## SPORT *besta sætið*

**07.00 Sampdoria - Werder Bremen** Sýnt frá umspili í Meistaradeild Evrópu.
**16.55 Sampdoria - Werder Bremen** Sýnt frá umspili í Meistaradeild Evrópu.
**18.40 Tottenham - Young Boys** Bein útsending frá leik Tottenham og Young Boys í umspili Meistaradeildar Evrópu.
**20.40 Veiðiperlur** Flottur þáttur þar sem farið er ofan í allt milli himins og jarðar sem tengist stangveiði. Farið verður í veiði í öllum landshornum og landsþekktir gestir verða í sviðsljósinu.
**21.10 European Poker Tour 5 - Pokerstars** Sýnt frá evrópsku mótaröðinni í póker en til leiks eru mættir margir af bestu og snjöllustu pókerspilurum heims. Að þessu sinni fer mótið fram í Prag.
**22.00 Poker After Dark** Margir af snjöllustu pókerspilurum heims mæta til leiks í Texas Holdem. Doyle Bronson, Chris Moneymaker, Daniel Negreanu, Gus Hansen, Chris „Jesus“ Ferguson, Johnny Chan og fleiri spilarar sýna áhorfendum hvernig atvinnumenn spila póker.
**22.45 Tottenham - Young Boys** Sýnt frá umspili í Meistaradeild Evrópu.

## SPORT 2 *enski boltinn*

**16.20 Birmingham - Blackburn** Sýnt frá leik í ensku úrvalsdeildinni.
**18.10 Man. City - Liverpool / HD** Sýnt frá leik í ensku úrvalsdeildinni.
**20.00 Premier League Review 2010/11** Flottur þáttur um ensku úrvalsdeildina þar sem leikir helgarinnar verða skoðaðir og krufðir til mergjar.
**20.55 Football Legends - Puskas** Sýnt frá bestu knattspyrnumönnum sögunnar. Að þessu sinni verður fjallað um Ungverjann Ference Puskas.
**21.25 Ensku mörkin 2010/11** Sýnt frá öllum leikjunum í ensku úrvalsdeildinni. Öll mörkin, allir leikirnir og öll helstu tilþrifin skoðuð í þaula.
**21.55 Sunnudagsmessan** Sunnudagsmessan með þeim Guðmundi Benediktssyni og Hjörvari Hafliðasyni er þáttur sem enginn má láta fram hjá sér fara. Leikirnir krufðir til mergjar af fagmönnum og líflega og faglega umræða um enska boltann.
**22.55 Everton - Wolves** Sýnt frá leik í ensku úrvalsdeildinni.

## SKJÁR EINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**
**08.00 Rachael Ray** (e)
**08.45 Dynasty** (19:30) (e)
**09.30 Pepsi MAX tónlist**
**17.30 Dynasty** (20:30)
**18.15 Rachael Ray** Spjallþáttur þar sem Rachael Ray fær til sín góða gesti og eldar gómsæta rétti.
**19.00 Million Dollar Listing** (2:9) Skemmtileg þáttaröð um fasteignasala í Hollywood og Malibu sem gera allt til þess að selja lúxusvillur fræga og fína fólksins.
**19.45 Haustkynning Skjás eins 2010** (e)
**20.10 Top Chef** (13:17) Bandarísk raunveruleikasería þar sem efnilegir kokkar þurfa að sanna hæfni sína og getu í eldhúsinu. Það eru aðeins fimm kokkar eftir og þeir verða að gefa sig alla í næsta verkefni því í húfi er sæti í úrslitunum. Kokkarnir fá einfalt verkefni sem getur þó vafist fyrir þeim.
**20.55 Canada's Next Top Model** (3:8) Raunveruleikasería sem farið hefur sigurför um heiminn. Þetta er önnur þáttaröðin af kanadískri útgáfu þáttanna og nú hefur stjörnustílistinn Jay Manuel tekið við hlutverki yfirdómara og kynnis þáttanna.
▶**21.40 Life** (19:21) Bandarísk þáttaröð um lögreglumann í Los Angeles sem sat saklaus í fangelsi í tólf ár en leitar nú þeirra sem komu á hann sök.
**22.30 Jay Leno** Spjallþáttur á léttum nótum þar sem háðfuglinn Jay Leno fær til sín góða gesti og slær á létta strengi.
**23.15 Law & Order** (17:22) (e)
**00.05 Leverage** (12:13) (e)
**00.50 Premier League Poker II** (3:15) (e)
**02.35 Pepsi MAX tónlist**

## ÍNN

**20.00 Björn Bjarna** Ólafur Örn Haraldsson þjóðgarðsvörður.
**20.30 Mótoring** Nýtt efni úr mótorhjólaheiminum.
**21.00 Alkemistinn** Viðar Garðarsson, Friðrik Eysteinsson og gestir brjóta markaðsmál og auglýsingamál til mergjar.
**21.30 Eru þeir að fá hann?** Bender og félagar eru að fá hann.

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.


Alicante

28. og 30. ágúst.

Flugsæti
Verð frá 56.500 kr.

Innifalið í verði: Flug fram og til baka með flugvallarsköttum.

Flogið allt að þrisvar í viku út október.

Kynntu þér ferðamöguleikana og skráðu þig í netklúbbinn á VITA.is

vita

VITA er lífið

VITA | Skútuvogi 13a | Sími 570 4444 | VITA.is

ÍSLENSKA/SIA.IS VIT 51227 07/10

## Í KVÖLD

### STÖÐ 2 KL. 20.55

### Mercy



Dramatísk þáttaröð í anda Grey's Anatomy og ER. Við fylgjumst með lífi og starfi þriggja kvenna sem vinna saman sem hjúkrunarfræðingar á Mercy-spítalanum í New Jersey. Þær eru allar einhleypar eða í samböndum sem færa þeim litla ánægju enda verja þær alltof miklum tíma í vinnunni þar sem baráttan upp á líf og dauða er daglegt brauð.

## ▶ VIÐ MÆLUM MEÐ
### The Simpsons

### Stöð 2 kl. 17.58

Ný þáttaröð með gulustu fjölskyldu í heimi, sú nítjánda í röðinni. The Simpsons hefur fyrir allöngu síðan skipað sér á spjöld sögunnar sem langlífustu gamanþættir í bandarískri sjónvarpssögu auk þess auðvitað að vera langlífasta teiknimyndaserían. Og það sem meira er, Simpsons-fjölskyldan hefur sjaldan eða aldrei verið eins vinsæl og einmitt um þessar mundir, þökk sé kvikmyndinni sem sló rækilega í gegn í fyrrasumar.



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.39** Morgunútvarp hefst
**06.40** Veðurfregnir
**06.50** Bæn
**07.03** Vítt og breitt
**08.00** Morgunfréttir
**08.05** Morgunstund með KK
**08.30** Fréttayfirlit
**09.05** Okkar á milli
**09.45** Morgunleikfimi
**10.03** Veðurfregnir
**10.13** Tríó
**11.03** Samfélagið í nærmynd
**12.20** Hádegisfréttir
**12.45** Veðurfregnir
**13.00** Í boði náttúrunnar
**14.03** Tónleikur
**15.03** Útvarpssagan: Eldfórnin
**15.25** Skorningar
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.05** Á sumarvegi
**17.03** Víðsjá
**18.00** Kvöldfréttir
**18.22** Syrpan
**18.50** Veðurfregnir
**19.00** Anton Tsjekov: Maðurinn og verk hans
**19.40** Sumarsnakk
**20.00** Leynifélagið
**20.30** Út um græna grundu
**21.30** Kvöldsagan: Rómeó og Júlía í sveitaþorpinu
**22.05** Veðurfregnir
**22.10** Orð kvöldsins
**22.15** Bak við stjörnurnar
**23.05** Prússland - Ris og fall járnríkis
**00.05** Næturtónar

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 91,9** Kaninn
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7**FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 102,2** Útvarp Latibær
**FM 102,9** Lindin
**FM 105,5** Útvarp Boðun

## 2 EXTRA

**19.30 The Doctors** Spjallþættir framleiddir af Opruh Winfrey þar sem fjórir læknar. sérfræðingar á fjórum ólíkum sviðum. veita aðgengilegar og gagnlegar upplýsingar um þau heilsufarsmál sem hvað helst brenna á okkur.

**20.10 Falcon Crest II** (11:22) Hin ógleymanlega og hrífandi frásögn af Channing- og Giobertis-fjölskyldunum.

**21.00 Fréttir Stöðvar 2**

**21.25 Ísland í dag**

**21.45 Cougar Town** (11:24) Gamanþáttur í anda Sex and the City með Courtney Cox úr Friends í hlutverki kynþokkafullrar en afar óöruggrar einstæðrar móður unglingsdrengs.

▶**22.10 White Collar** Spennu- og gamanþáttur um sjarmörinn og svikahrappinn Neil Caffrey. Hann er svokallaður góðkunningi lögreglunnar og þegar hann er gómaður í enn eitt skiptið sér hann sér leik á borði og býður lögreglunni þjónustu sína við það að hafa hendur í hári annarra svikahrappa og hvítflibbakrimma gegn því að komast hjá fangelsisvist.

**22.55 Gavin and Stacy** (6:7) Önnur þáttaröðin af þessari bresku gamanþáttaröð og sem áður er rómantíkin er allsráðandi. Í fyrstu þáttaröðinni kynntumst við parinu Gavin og Stacey. Þau ákváðu að gifta sig eftir að hafa verið saman í mjög stuttan tíma.

**23.25 Daily Show: Global Edition** Spjallþáttur með Jon Stewart þar sem engum er hlíft og allir eru tilbúnir að mæta í þáttinn og svara fáránlegum en furðulega viðeigandi spurningum Stewarts.

**23.50 The Doctors**

**00.30 Falcon Crest II** (11:22)

**01.20 Fréttir Stöðvar 2**

**02.10 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

## BBC entertainment

**12.30** The Black Adder **13.00** My Hero **13.30** My Family **14.00** My Family **14.30** ,Allo ,Allo! **15.00** Dalziel and Pascoe **15.50** The Weakest Link **16.35** Monarch of the Glen **17.25** The Black Adder **18.00** Live at the Apollo **18.45** Lead Balloon **19.15** Little Britain **19.45** The Inspector Lynley Mysteries **20.30** Live at the Apollo **21.15** Come Dine With Me **21.40** The Jonathan Ross Show **22.30** EastEnders **23.00** Torchwood **23.50** The Black Adder

## DR 1

**12.00** Ha' det godt **12.30** Hammerslag **13.00** DR Update - nyheder og vejr **13.10** Boogie Mix **14.05** Radiserne **14.30** Juniper Lee **14.50** Alfred **15.00** Vinden i piletræerne **15.20** Sallies historier **15.30** Skæg med bogstaver **16.00** Aftenshowet **16.30** TV Avisen med Sport **17.00** Aftenshowet med Vejret **17.30** Hvad er det værd? **18.00** Tæt på **19.00** TV Avisen **19.25** Penge **19.50** SportNyt **20.00** Inspector Rebus **21.10** Onsdags Lotto **21.15** Kinesiske drømme **22.00** OBS **22.05** Naruto Uncut **22.30** Boogie Mix

## NRK 1

**12.30** Toppform **13.00** Filmavisen 1960 **13.10** Millionær i forkledning **14.00** Derrick **15.00** Filmavisen 1960 **15.10** Tingenes tilstand **15.40** Oddasat - nyheter på samisk **15.55** Nyheter på tegnspråk **16.00** Førkveld **16.40** Distriktsnyheter **17.00** Dagsrevyen **17.45** FBI **18.15** Munter mat **18.45** Vikinglotto **18.55** Distriktsnyheter **19.00** Dagsrevyen 21 **19.35** Klippen **20.30** Migrapolis **21.00** Kveldsnytt **21.15** Detektimen: Hva skjedde med Sebastian Cole? **22.00** Höök **23.00** Höök **00.00** Svisj gull

## SVT 1

**14.00** Rapport **14.05** Gomorron Sverige **14.55** På tur med Torben **15.25** Cleo **15.55** Sportnytt **16.00** Rapport med A-ekonomi **16.10** Regionala nyheter **16.15** Hundra procent bonde **16.45** Hundra år med ångfartyget D/S Børøysund **17.15** Regionala nyheter **17.30** Rapport med A-ekonomi **18.00** Val 2010: Tom Alandh i Sverige **18.30** Djursjukhuset **19.00** Livvakterna **20.00** Five Days **21.00** Shirley MacLaine **21.55** Val 2010: Tom Alandh i Sverige **22.25** Englands drottning Victoria **23.15** Undercover Boss **23.55** Kristallnatten


Skólinn byrjar...

Skólinn er að byrja og því mikilvægt að halda vel utan um námsbækurnar, ritföngin og fartölvuna. Nú er um að gera að vera tilbúin/n frá fyrsta degi og hafa allt á reiðum höndum. Skólataskan frá ZO-ON hentar einstaklega vel fyrir verkefnin sem framundan eru.




SKÓLATASKA

Skólataska sem hægt er að hafa á bakinu og einnig sem hliðartösku. Bólstrað bak. Hólf fyrir fartölvu ásamt einu aðalhólfi.

Á hliðinni er nethólf fyrir vatnsbrúsa og mörg minni hólf.

Verð: 9.990,-

ZO-ON skólataskan fæst í verslunum okkar í Bankastræti og Kringlunni
en auk þess í öllum helstu verslunum
með útivistarfatnað á Íslandi.

www.zo-on.is

ZO·ON ICELAND

## BESTI BITINN Í BÆNUM



*„Ég er voða hrifin af Noodle Station á Skólavörðustíg þessa dagana. Súpurnar eru bæði ódýrar og góðar.“*

Árnheiður Edda Hermannsdóttir klæðskeranemi.

# Benedikt leikstýrir sér í Íslandsklukkunni

„Það verður mjög áhugavert að geta staðið á sviðinu á móti mótleikara og sagt honum til,“ segir Benedikt Erlingsson, sem leysir Björn Hlyn Haraldsson af hólmi í hlutverki Arnasar Arneuss í Íslandsklukkunni í Þjóðleikhúsinu.

Björn Hlynur er á leiðinni til London með Vesturporti vegna sýningarinnar Faust og mun Benedikt, sem er einnig leikstjóri Íslandsklukkunnar, hlaupa í skarðið fyrir hann í fimm vikur. „Það verður hækkað miðaverð á þessum sýningum,“ segir Benedikt og glottir.

Fleiri breytingar verða á leikaraliðinu í Íslandsklukkunni því Brynhildur Guðjónsdóttir tekur við af Ilmi Kristjánsdóttur sem Jón Grindvíkingur þar sem Ilmur er að fara leika í Fólkinu í kjallaranum í Borgarleikhúsinu. Ólafur Egill Ólafsson tekur við af Stefáni Halli Stefánssyni og Jóhannes Haukur leysir Ólaf Darra Ólafsson af hólmi. „Með fullri virðingu fyrir gömlu leikurunum finnst mér leikaraliðið sem tekur við miklu betra. Það er hneyksli að þetta skuli ekki hafa verið svona frá byrjun,“ segir Benedikt.

Björn Hlynur leikur Arnas Arneuss fyrstu vikuna eftir að sýningar hefjast en síðan tekur Benedikt við keflinu í lok september. Benedikt hefur aldrei áður leikstýrt mótleikara sínum og segir það í raun bannað í leikhúsi. Þrátt fyrir það óttast hann enga árekstra á sýningunum. „Ég er eiginlega búinn að leikstýra þeim í þessu. Ég fæ ekki mikið að segja við leikarana lengur. Nú verð ég bara að standa mig. Það er frekar að þeir horfi á mig tortryggnir og hæðnir með spurnarsvip í augunum: „Ætlarðu virkilega að leika þetta svona?“

Íslandsklukkan hlaut fern Grímuverðlaun í júní síðastliðnum. Þar af hlutu Ingvar E. Sigurðsson og Björn Thors hvor sína styttuna. **- fb**



**BENEDIKT ERLINGSSON** Benedikt leikstýrir og leikur í Íslandsklukkunni í Þjóðleikhúsinu í vetur. Brynhildur Guðjónsdóttir verður Jón Grindvíkingur.



**LÁRÉTT**
**2.** pest, **6.** snæddi, **8.** sauðagarnir, **9.** gagn, **11.** þurrka út, **12.** morðs, **14.** benda, **16.** í röð, **17.** aðstoð, **18.** til viðbótar, **20.** fyrir hönd, **21.** velta.

**LÓÐRÉTT**
**1.** nálægð, **3.** tveir eins, **4.** skipafélag, **5.** skáhalli, **7.** torskilinn, **10.** blekking, **13.** skaut, **15.** sjá eftir, **16.** húðpoki, **19.** núna.

**LAUSN**
**LÁRÉTT: 2.** kvef, **6.** át, **8.** vil, **9.** nyt, **11.** má, **12.** dráps, **14.** flóki, **16.** hi, **17.** lið, **18.** enn, **20.** pr, **21.** snúa.
**LÓÐRÉTT: 1.** nánd, **3.** vv, **4.** eimskip, **5.** flá, **7.** tyrfinn, **10.** tál, **13.** pól, **15.** iðra, **16.** hes, **19.** nú.

BRÚÐUHEIMAR
Opið í Borgarnesi alla daga frá 10:00 til 22:00



LEIKSÝNING
á sunnudaginn kl 14:00
Leikbrúðusafn - Brúðuleikhús
Veitingar - Gjafavara
www.bruduheimar.is
Sími 530 5000
BRÚÐUHEIMAR Center for Puppetry Arts

Gefðu dýrmætasta efni í heimi
Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is

HAUKUR HEIÐAR HAUKSSON: HVIMLEITT AÐ PLATAN HAFI EKKI FENGIST

# Dikta kaupir útgáfuréttinn á Hunting For Happiness

Hljómsveitin Dikta hefur keypt útgáfuréttinn á annarri plötu sinni Hunting For Happiness af fyrirtækinu Smekkleysu. Ástæðan er sú að platan hefur verið ófáanleg í tvö ár, nema á Tónlist.is, og það voru liðsmenn Diktu ekki sáttir við.

„Okkur fannst það hvimleitt að platan hafði ekki fengist í svona langan tíma, sérstaklega af því að nýja platan er svona vinsæl,“ segir söngvarinn Haukur Heiðar. „Fólk hefur verið að spyrja mikið um gömlu plötuna og hvar væri hægt að fá hana. Það er allt í góðu á milli okkar og Smekkleysu en við ákváðum bara að fara þessa leið og gefa út sjálfir,“ útskýrir hann. Hann segir að upphæðin sem sveitin þurfti að inna af hendi til að tryggja sér útgáfuréttinn hafi alls ekki verið há. „Við vorum líka rosalega ánægðir með umbúðirnar því þær eru með listaverki eftir Gabríelu Friðriksdóttur og hannaðar af Ragnari Helga Ólafssyni. Okkur fannst leiðinlegt að allir þyrftu að kaupa þetta á Tónlist.is í staðinn fyrir að njóta þess að eiga þetta í plastinu.“

Hunting For Happiness er nú komin í verslanir í samstarfi við útgáfufélagið Kölska. Platan kemur hugsanlega út erlendis síðar meir því Dikta hefur einnig tekið við erlenda útgáfuréttinum úr höndum Smekkleysu.

Hunting for Happiness kom út árið 2005 og var gefin út í tvö þúsund eintökum, sem eru eins og áður sagði löngu uppseld. Platan fékk mjög góða dóma og komst á lista yfir 100 bestu plötur Íslandssögunnar. Nýjasta plata Diktu, Get It Together, hefur selst eins og heitar lummur síðan hún kom út fyrir jólin, eða í um átta þúsund eintökum, enda skartar það hinu gífurlega vinsæla Thank You.

Þess má geta að fyrsta plata Diktu, Andartak, er við það að seljast upp en hún var framleidd í sex hundruð eintökum. „Við eigum nokkur eintök af henni enn þá sem við fundum í æfingahúsnæðinu. Við höfum verið að selja hana á völdum tónleikum en hún er svolítið mikið barn síns tíma og byrjendaverk,“ segir Haukur. Ljóst er að sú plata verður brátt safnaraeintak því ekki stendur til að endurútgefa hana eins og raunin varð með Hunting for Happiness. **freyr@frettabladid.is**





**HAUKUR HEIÐAR** Önnur plata Diktu, Hunting For Happiness, er loksins fáanleg aftur í verslunum. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

## FRÉTTIR AF FÓLKI

**Vesturport** gæti hugsanlega verið aðeins einum leikhúsdómi frá því að koma sýningu sinni, Hamskiptunum, á Broadway. Eins og Fréttablaðið hefur greint frá er Vesturport að fara með sýninguna út til New York þar sem hún verður sýnd í BAM-leikhúsinu. Framleiðandinn Robin de Levita var staddur hér á landi um helgina og hann ku hafa mikinn áhuga á því að koma að uppfærslu Hamskiptanna þar vestra.



De Levita er enginn smákarl í amerísku leikhúslífi því hann hefur verið tilnefndur til fimm Tony-verðlauna (virtustu leikhúsverðlauna Bandaríkjanna) og hlotið þrenn. De Levita kynnti sér land og þjóð um helgina, sótti skemmtistaði og drakk í sig menninguna á menningarnótt. Levita er hins vegar bundinn í báða skó því það er dómur í New York Times sem ræður úrslitum. Ef hann er jákvæður í garð sýningarinnar í BAM-leikhúsinu eru **Vesturporti** allir vegir færir, verði hann neikvæður eru sundin fljót að lokast.



Stjörnubloggarinn **Perez Hilton** tekur afstöðu með söngkonunni Beyoncé í stóra leggingsmálinu. Fréttablaðið greindi frá hugsanlegum hönnunarstuldi söngkonunnar á leggingsbuxum E-label en Perez gefur lítið fyrir þær fréttir. Hann gæti skilið málið ef þetta hefði verið Lindsay Lohan en ekki söngkonan. Perez segir svo virðist sem Íslendingarnir séu á höttunum eftir peningum. **- fgg, áp**



# Hnémeiðsli á leiksýningu

Leikarinn Ingi Hrafn Hilmarsson hefur aflýst sýningu sinni In the Beginning sem átti að fara fram í Listasafni Reykjavíkur á fimmtudaginn. Ástæðan er sú að hann reif liðþófa á sýningunni á menningarnótt.

„Þetta gerðist í lokaatriðinu. Þetta er mjög líkamlegt leikverk með alls konar hoppum og snúningum og hnéð varð eftir í einum snúningnum,“ segir Ingi Hrafn. Englendingurinn Kane Husbands, sem var með honum í Rose Bruford-leiklistarskólanum í London, leikur einnig í sýningunni, sem er lokaverkefni Inga úr skólanum og fjallar um sköpun mannsins.

Þrátt fyrir óhappið hélt Ingi áfram og kláraði sýninguna haltrandi. Honum þykir mjög leitt að geta ekki sýnt á fimmtudaginn, enda voru margir búnir að panta miða. „Við náðum tveimur góðum sýningum af þremur, sem ég er mjög ánægður með. Ég er þakklátur öllum þeim sem komu og stóðu að sýningunni með okkur.“

Ingi telur að óhappið tengist fótboltameiðslum sem hann varð fyrir er hann spilaði í yngri flokkunum með Breiðabliki. Þá sleit hann krossbönd í hné. „Ég var kantmaður og senter í Blikum og er stoltur Bliki,“ segir hann og bíður nú eftir að komast í aðgerð næsta fimmtudag. **- fb**



**INGI OG HUSBANDS** Sýningunni In the Beginning í Listasafni Reykjavík á fimmtudag hefur verið aflýst vegna hnémeiðsla Inga Hrafns. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI




# GRÍPTU TÆKIFÆRIÐ

Árituð ljósmynd að andvirði 50.000 kr. fylgir hverju eintaki í forsölu.
Eignist eina glæsilegustu ljósmyndabók sem kemur út í heiminum í ár og ljósmynd að auki.
Hægt er að velja úr 4 myndum.

**12.900 kr.**

**UM 200 LJÓSMYNDIR**

1



2



3



4



**VEIÐIMENN NORÐURSINS**

er þrekvirki frægasta ljósmyndara Íslendinga. Afrakstur aldarfjórðungs vinnu og eitt stórbrotnasta safn ljósmynda sem til er í heiminum af lífi veiðimanna á Grænlandi og í Norður-Kanada.

**Kemur út um allan heim á þremur tungumálum**
**Útgáfudagur á Íslandi 16. október**

**PANTIÐ NÚNA Á CRYMOGEA.IS EÐA Í SÍMA 511 0910**

CRYMOGEA

Barónstígur 27 | S. 511 0910
crymogea@crymogea.is | www.crymogea.is

# FRÉTTABLAÐIÐ

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR | SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 | VISIR.IS

Ritstjórn: 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is Auglýsingadeild: auglysingar@frettabladid.is PRENTUN: Ísafoldarprentsmiðja

Póst húsið

DREIFING: dreifing@posthusid.is
EF BLAÐIÐ BERST EKKI: 512 5060







## FRÉTTIR AF FÓLKI



### Birtíngur til sölu

Fjárfestir með auga fyrir fjölmiðlum þreifaði á útgáfufélaginu Birtíngi á dögunum. Hann fékk hins vegar þau svör að búið væri að ráða verðbréfafyrirtæki til að annast söluna og yrði opið söluferli líklega kynnt á næstu vikum. Austursel, félag **Hreins Loftssonar,** keypti Birtíng úr eignasafni Jóns Ásgeirs Jóhannessonar og fjölskyldu í nóvember árið 2008. Hreinn seldi DV í marslok á þessu ári en eftir standa rótgróin og þekkt tímarit á borð við Vikuna, Gestgjafann, Nýtt líf, Séð og heyrt og Hús og híbýli. Framtíð Mannlífs er óljós en Brynjólfi Þór Guðmundssyni, ritstjóra þess, var sagt upp eftir útgáfu tekjublaðsins síðasta. Nýr ritstjóri hefur ekki verið settur við stýrið en miðað við útgáfuáætlun á eftir að gefa út eitt tölublað Mannlífs á árinu.

### Andri ritstýrir Óskari

**Óskar Hrafn Þorvaldsson**, fyrrverandi alráður á fréttastofu Stöðvar 2, vinnur nú sem kunnugt er að skáldsögu – reyfara sem gefinn verður út af Forlaginu og mun meðal annars fjalla um misgjörðir í fjármálalífinu. Óskar þarf við skrifin að lúta ritstjórn ekki ómerkari manns en **Guðmundar Andra Thorssonar** rithöfundar, sem hefur umsjón með verkinu fyrir hönd Forlagsins. Af Óskari er það annars að frétta að hann er nýstiginn upp úr meiðslum, en varnarjaxlinn fyrrverandi úr KR sleit hásin fyrir nokkru þegar hann var að liðsinna Guðmundi Benediktssyni á æfingu með meistaraflokksliði Selfyssinga. **- jab, sh**



## Mest lesið vísir.is

1. Morðið í Hafnarfirði: Vann hjá KFC og var tekinn með fíkniefni
2. Vann ekki á KFC
3. Garðar á baki höfuðstöðva Landsbankans
4. Hannes jarðsunginn á fimmtudag
5. Kertum fleytt í minningu Hannesar Þórs Helgasonar - myndir
6. Segir Karl hafa þrýst á Ólaf að segja af sér








**Chiro Collection heilsurúm**
25% afsláttur



Tempur heilsurúmin eru sérlega vönduð hönnun. Botn í mörgum litum. Fáanlegt í öllum stærðum.

**Tempur Spring heilsurúm**
25% afsláttur



Tempur Spring heilsudýnan er rúm sem býður það besta úr báðum heimum.

**Stillanleg heilsurúm**
25% afsláttur



Stillanlegu heilsurúmin sem Betra Bak býður uppá eru ein þau vönduðustu sem í boði eru.

Opið virka daga frá kl. 10-18
Laugardaga frá kl. 11-16

Betra BAK

betrabak@betrabak.is • www.betrabak.is
Faxafeni 5, Reykjavík • Sími 588 8477
Skeiði 1, Ísafirði • Sími 456 4566